

Endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar 2018-2035

Tillaga greinargerð

Janúar 2021







Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Samantekt	1
1.2	Skipulagsgögn og framsetning	1
1.3	Vinnuferli og samráð	1
1.4	Breytingar frá Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018	3
2	Meginmarkmið og leiðarljós	3
2.1	Stefnuskjöl stjórnvalda	4
2.2	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	5
3	Almenn ákvæði	6
3.1	Afmörkun reita	6
3.2	Almennar gæðakröfur	7
3.3	Bílastæði	7
3.4	Skilti	7
4	Byggð	10
4.1	Yfirbragð byggðar	10
4.2	Íbúðabyggð	11
4.2.1	Íbúðarbyggð í dreifbýli	13
4.3	Frístundabyggð	19
4.4	Opin svæði og íþróttir	23
4.4.1	Opin svæði (OP)	23
4.4.2	Íþróttasvæði (ÍÞ)	24
4.5	Samfélagsþjónusta	27
4.5.1	Kirkjur, kirkjugarðar og grafreitir (K)	27
4.5.2	Skólar (S)	28
4.5.3	Heilbrigðis- og félagsmál	30
4.5.4	Menningarmál	31

4.5.5	Brunavarnir	31
5	ATVINNA	34
5.1	Fiskveiðar, -vinnsla og -eldi	34
5.2	Ferðaþjónusta	35
5.2.1	Gististaðir í þéttbýli	35
5.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	35
5.4	Landbúnaðarsvæði (L)	36
5.4.1	Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum	37
5.4.2	Flokkun landbúnaðarlands	39
5.4.3	Landskipti	39
5.5	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	39
5.5.1	Náttúrulegir birkiskógar	41
5.5.2	Uppgræðsla og endurheimt votlendis	42
5.6	Athafna- og iðnaðarsvæði	42
5.6.1	Athafnasvæði (AT)	43
5.6.2	Iðnaðarsvæði (I)	43
5.7	Verslun og þjónusta (VÞ)	44
5.8	Miðsvæði	45
5.9	Efnistökusvæði	46
6	Náttúra	52
6.1	Landslag og lífríki	52
6.2	Óbyggð svæði (ÓB)	52
6.3	Náttúruvá (NV)	53
6.3.1	Ofanflóð	53
6.3.2	Jarðskjálftar og eldvirkni	54
6.3.3	Loftslagsbreytingar og sjávarrof	54
6.4	Vatnsvernd	56



6.5	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó	57	7.1.13	Rafveita.....	80
6.6	Strandsvæði.....	58	7.1.14	Fjarskipti	81
6.7	Friðlýst svæði.....	58	7.1.15	Sorp.....	82
6.8	Önnur náttúrvernd (ÖN).....	60	7.1.16	Orkuskipti	82
6.9	Minjavernd (MV)	63			
6.9.1	Friðlýstar minjar	63			
6.9.2	Friðlýst hús	65			
6.9.3	Friðuð hús.....	65			
6.10	Hverfisvernd (HV).....	66			
6.10.1	Hverfisvernd vegna náttúruminja	66			
6.10.2	Hverfisvernd í þéttbýli	68			
6.11	Loftgæði og hljóðvist	69			
7	Samgöngur og grunnkerfi	71			
7.1	Vegir, götur og stígar	71			
7.1.1	Stofnvegir	72			
7.1.2	Tengivegir	73			
7.1.3	Götur og stígar.....	73			
7.1.4	Göngu- og reiðleiðir	75			
7.1.5	Jarðgöng	75			
7.1.6	Vegir í náttúru Íslands	76			
7.1.7	Hafnarsvæði	77			
7.1.8	Sérstök not haf- og strandsvæða (SN).....	78			
7.1.9	Flugvöllir (FV).....	78			
7.1.10	Vatnsveita	79			
7.1.11	Hitaveita.....	79			
7.1.12	Fráveita	79			

Myndaskrá

Mynd 1. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.....	6
Mynd 2. Hugmyndir að útfærslu byggðar á landfyllingu og á hafnarsvæði Bíldudals, ásýndarmynd.	10
Mynd 3. Hugmyndir að útfærslu byggðar á landfyllingu á Bíldudal.	10
Mynd 4. Skýringarmynd af landnotkun innan Birkimels.....	14
Mynd 5. Skýringarmynd af landnotkun við Brjánslæk.	15
Mynd 6. Aldur húsa á Patreksfirði.	15
Mynd 7. Húsagerðir á Patrekfirði.	16
Mynd 8. Húsagerð á Bíldudal.	17
Mynd 9. Aldur húsa á Bíldudal.	17
Mynd 10. Helstu göngufjarlægðir innan Patreksfjarðar innan 10-20 mínútna.....	18
Mynd 11. Helstu göngufjarlægðir innan Bíldudals innan 10-20 mínútna.	18
Mynd 12. Frístundabyggð í Vesturbyggð.	21
Mynd 13. Fjarlægð skóla frá íbúðarbyggð á Patreksfirði.	29
Mynd 14. Fjarlægð skóla frá íbúðarbyggð á Bíldudal.	29
Mynd 15. Fjarlægð ystu bæja í Vesturbyggð að skólum í Vesturbyggð. Hringirnir sýna 15 km loftlínuradius.	30
Mynd 16. Eldissvæði í sjó með leyfi í janúar 2021. Heimild: Matvælastofnun 2021.	34
Mynd 17. Skógræktarsvæði í Vesturbyggð skv. samningum við Skógrækt ríkisins.	41
Mynd 18. Stærri votlendissvæði innan Vesturbyggðar þar sem möguleiki er á endurheimt.	42
Mynd 19. Landslagsgerðir í Vesturbyggð.	52
Mynd 20. Svæði sem sýnir það land sem er undir 5 m.y.s á Patreksfirði.	55
Mynd 21. Kort sem sýnir það land sem er undir 5 m y.s. á Bíldudal.	56
Mynd 22. Svæði á B-hluta náttúruminjaskrár og undirsvæði.....	61
Mynd 23. Önnur náttúruvernd, C-hluti náttúruminjaskrár.	62
Mynd 24. Sérstök vernd, birkiskógar ekki með á uppdrætti.....	62
Mynd 25. Skráðar minjar og svæði sem skráð hafa verið.	66
Mynd 26. Hugmynd af þverun Bíldudalsvogs og nýrri aðkomu að Bíldudal.	73
Mynd 27. Núverandi gangstéttir á Patreksfirði.....	74
Mynd 28. Núverandi gangstéttir á Bíldudal.....	74
Mynd 29. Fornar gönguleiðir í Vesturbyggð.....	75
Mynd 30. Hugmyndir að jarðgangavalkostum úr innviðagreiningu fyrir Vesturbyggð.....	76
Mynd 31. Vegflokkun skv. reglugerð nr. 260/2018.....	77
Mynd 32. Rafveita í Vesturbyggð.....	81



Töfluskrá

Tafla 1. Takmarkandi þættir vegna frístundabyggðar	19
Tafla 5-1. Byggingar á landbúnaðarsvæðum.	37
Tafla 2. Takmarkandi þættir vegna uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum.....	37
Tafla 3. Lágmarksfjarlægðir vegna skógræktar	40
Tafla 4. Nýtingarreglur á hættusvæðum.....	53
Tafla 5. Staða ofanflóðavarna á Patreksfirði	54
Tafla 6. Staða ofanflóðavarna á Bildudal	54
Tafla 7. Helgunarsvæði háspennulína og -strengja	81

I Inngangur

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

I.1 Samantekt

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Fyrri skipulag var unnið í samræmi við þá gildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Skipulagsvinnan við heildarendurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

I.2 Skipulagsgögn og framsetning

Aðalskipulagið er sett fram í tveimur hlutum. Annars vegar þessi greinargerð og hins vegar sem skipulagsupprættir af svæðinu.

Uppdrættirnir eru prentaðir á eitt blað í stærð A0

- A. Skipulagsgreinargerð
- B. Sveitarfélagsuppráttur. Mælikvarði 1:100.000
- C. Þéttbýlisuppráttur Patreksfjörður. Mælikvarði 1:10.000
- D. Þéttbýlisuppráttur Bíldudalur. Mælikvarði 1:10.000

- E. Skýringarmyndir í greinargerð
- F. Forsendur og umhverfisskýrsla.

Skýringarupprættir eru eftirtaldir felldir inn í greinargerð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti í mars 2017 að láta fara fram heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Meginástæður endurskoðunar eru:

- Skipulagstímabil gildandi aðalskipulags er til ársins 2018 og því kominn tími á endurskoðun.
- Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest, hafa tekið gildi ný skipulagslög og -reglugerð og kalla þau á ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags.
- Alþingi hefur staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana.
- Á skipulagstímabili gildandi aðalskipulags hefur orðið mikil uppbygging í sveitarfélaginu, efnahagslegar breytingar með auknum atvinnurekstri og fjölgun íbúa. Einnig eru fyrirhugaðar breytingar í samgöngukerfi í landshlutanum sem kalla á nýja stefnumótun.

I.3 Vinnuferli og samráð

Vinnuhópar um einstök málefni voru stofnaðir og ályktun þeirra metin inn í skipulagsáætlunina. Vinnuhóparnir voru þrír talsins:

1. Atvinnulíf, samgöngur, orku- og auðlindamál.
2. Byggð, menning og samfélag.
3. Umhverfismál og náttúrvernd.



Efnistöð málaflokkana voru eftirfarandi:

Atvinnulíf

Í þessum málaflokki er lögð áhersla á stefnumörkun í stoðgreinum atvinnulífsins og litið er á fiskeldi, sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu sem helstu stoðgreinar. Möркуð verður stefna í þessum málaflokkum með tilliti til frekari uppbyggingar og hagkvæmnisjónarmiða.

Samgöngur

Málaflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarfélaginu, hafnarmannvirkjum og flugsamgöngum. Meðal atriða sem skoðuð verða eru hafnarmannvirki á Bíldudal sem þarfnast endurskoðunar vegna aukinna umsvifa. Vegasamgöngur um Mikladal og Hálfðán, almenningssamgöngur, umferðaröryggi o.fl.

Bygð, menning og samfélag

Undir þennan málaflokk falla skólar, þjónusta, frítími og varðveisla/uppbygging menningaminja, kirkjur/kirkjugarðar. Horft verður sérstaklega m.t.t. íbúáþróunar sl. ára til framtíðarbyggingarsvæða; farið verður yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúafjöldi hefur farið upp á við síðustu árin í sveitarfélaginu og þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði, einkum minni íbúðir.

Umhverfismál og náttúruvernd

Áhersluatriði eru t.a.m. ásynd samfélaga og skipulag, sörpmál og frárennsli.

Orku- og auðlindamál

Í þessum málaflokki verða efnistöðusvæði, umfjöllun um orku- og auðlindamál í sveitarfélaginu m.t.t. atvinnuuppbyggingar. Aðrir þættir eru ljósleiðaratengingar í sveitarfélaginu, hitaveita og vatnsveitumál.

Fyrsti fundur með vinnuhópum skipulagsins var haldinn í september 2018 þar sem málefnum var skipt niður og farið yfir verklag.

Fundir með þessum hópum voru haldnir, 17.9, 1.11, 5.11, 13.11 2018, 3.4.2019, 2.9.2020 og 3.9.2020

Stofnaður var einnig stýrihópur aðalskipulags sem fór yfir vinnslutillögu aðalskipulagsins og fundaði hann nokkrum sinnum þar sem farið var yfir vinnslutillöguna.

Samráð við lögformlega umsagnaraðila

Haft var samráð við lögformlega og aðra umsagnaraðila sem tengjast efnisflokkunum. Tekið var tillit til athugasemda og greinargerð og uppdráttum breytt þar sem við á.

- Umhverfisstofnun.
- Aðliggjandi sveitarfélög.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Fiskistofa.
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Vegagerðin.
- Samgöngustofa.
- Orkubú Vestfjarða. Framkvæmdastjóri Orkusviðs kom í heimsókn og kynnti orkuskipti fyrir skipulagsfulltrúa 20 ágúst 2018 sem og fyrir skipulags- og umhverfisráði 17. september 2019 varðandi virkjanakosti í Vatnsfirði.
- Landsnet, fundur haldinn 12. október 2019 um styrkingu raforkuflutningskerfisins á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Minjavörður Vestfjarða.
- Skógræktin.
- Landgræðslu ríkisins.

Vesturbyggð er aðili að ýmsum samböndum, nefndum og ráðum, svo sem Fjórðungssambandi Vestfirðinga sem eru hagsmuna-, þjónustu-, og



samstarfsvettvangur sveitarfélaganna undir hatti Vestfjarðastofu, og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1.4 Breytingar frá Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Breytingar sem gerðar hafa verið á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018
Íbúðarsvæði við Lönguhlíð á Bíldudal
Melanes á Rauðasandi, verslun og þjónusta VII
Efnistaka í landi Hvalskers
Patreksfjörður, verslunar- og þjónustusvæði
Íðnaðarsvæði I3, stækkun þéttbýlis, athafnasvæði, Bíldudal
Patreksfjörður, Bíldudalur og dreifbýli
Íbúðarsvæði, frístundasvæði, verslunar- og þjónustusvæði, Langholt-Krossholt
Ofanflóðavarnir undir Klifi á Patreksfirði, Vesturbyggð
Vestfjarðarvegur (60) í Kjálkafirði
Mórudalur
Tjaldsvæði Hnjóti, Melanesi, frístundabyggð Dufansdal-Efri

Ofanflóðavarnir við Búðargil á Bíldudal

2 Meginmarkmið og leiðarljós

Aðalskipulagið er stefna bæjarstjórnar um þróun byggðar í sveitarfélaginu og er því lykilverkfæri hennar. Stefnan snýr að landnotkun, byggðamynstri, samgöngu- og þjónustukerfum í sveitarfélaginu.

Leiðarljós

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Meginmarkmið

- Nægt landrými fyrir íbúðabyggð og fjölbreytta starfsemi á skipulagstímabilinu.
- Skapa skilyrði fyrir blómlegt atvinnulíf, bæði í framleiðslu og þjónustu.
- Góð lífsskilyrði sem gerir sveitarfélagið að eftirsóknarverðum búsetukosti, með fjölbreyttum möguleikum í menningu, útivist og afþreyingu sem stuðli að eflingu svæðisins og alls landshlutans.



- Vesturbyggð verði eftirsóttur áfanga- og dvalarstaður fyrir ferðamenn jafnt innlenda sem erlenda.
- Bættar samgöngur sem stuðli að óhindruðu flæði innan sveitarfélagsins árið um kring sem og bættar tengingar inn og út úr sveitarfélaginu.
- Að borin sé virðing fyrir náttúru og auðlindum svæðisins með skynsama nýtingu og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Nýsköpun og nýjar atvinnugreinar hafi góð skilyrði til að vaxa og dafna í sveitarfélaginu.

2.1 Stefnuskjöl stjórnvalda

Ítarlega er gerð grein fyrir tengslum við aðrar áætlanir í umhverfisskýrslu aðalskipulags en hér á eftir eru raktar helstu áætlanir sem aðalskipulagið tekur mið af.

Landsskipulag

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Leiðarljós landsskipulagsstefnu er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Skipulag haf- og strandsvæða

Í undirbúningi er haf- og strandsvæðaskipulag þar sem strandsvæðastjórnun og hafskipulag verða stjórnðar til þess að móta heildstæða áætlun um nýtingu og vernd á haf og strandsvæðum til framtíðar. Tilgangur strandsvæðastjórnunar og hafskipulags er að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi á haf- og strandsvæðum og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku og skapa þannig grundvöll fyrir efnahagslega uppbyggingu og félagslega velferð. Í stefnumótun haf- og strandsvæðaskipulags verður haft að leiðarljósi að tryggja betri yfirsýn, draga úr hagsmunaárekstrum og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vernd umhverfisins.

Í ritinu velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun, eru sett markmið stjórnvalda um umhverfisvernd, skynsamlega nýtingu auðlinda og viðhald og aukningu lífsgæða. Þessi markmið eru:

- Heilnæmt og öruggt umhverfi
- Heilnæmt andrúmsloft
- Hreint og heilnæmt ferskvatn
- Örugget matvæli
- Umhverfi án hættulegra efna
- Útivist í sátt við náttúruna
- Varnir gegn náttúruvá
- Verndun náttúru Íslands
- Vernd lífríkis Íslands, vernd sérstæðra jarðmyndana, vernd víðerna
- Sjálfbær nýting auðlinda
- Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins
- Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða
- Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa



- Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs
- Hnatræn viðfangsefni
- Hreint haf
- Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum
- Vernd ósonlagsins
- Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Aðrar áætlanir (sjá nánar tengsl í umhverfisskýrslu)

- Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga.
- Kerfisáætlun.
- Samgönguáætlun.
- Áfangastaðáætlun Vestfjarða.
- Náttúruverndaráætlun.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð.
- Samgönguáætlun.
- Umhverfissvottaðir Vestfirðir.

2.2 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að

vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með

markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsörðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða.

Til þess að innleiða heimsmarkmiðin á formlegan hátt þá hefur sveitarfélagið ákveðið að velja ákveðin markmið sem eiga við aðalskipulagsgerðina. Heimsmarkmiðin eru frekar almenns eðlis og því mörg þeirra sem ekki er auðvelt að finna samsvörum með aðalskipulagi. Í eftirfarandi köflum eru raktir málaflokkar aðalskipulagsins og þau heimsmarkmið sem sveitarfélagið telur að eigi við og vill setja fram sem almenn markmið í aðalskipulaginu.

Málaflokkurinn atvinna og heimsmarkmiðin

- 4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði augin.

Málaflokkurinn byggð, menning og samfélag og heimsmarkmiðin



- 11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísi og innan svæða.

Málaflokkurinn náttúra og heimsmarkmiðin

- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Málaflokkurinn grunnkerfi og heimsmarkmiðin

- 9.1 Próaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.



Mynd 1. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

3 Almenn ákvæði

3.1 Afmörkun reita

Í þessum kafla er umfjöllun um alla landnotkunarreiti aðalskipulagsins. Gerð er grein fyrir landnotkun, flatarmáli, stöðu, staðháttum eða núverandi notkun og loks skipulagsákvæðum viðkomandi reits.

Aðalskipulag er stefnumótun um meginrætti bæjarskipulags, landnotkunar, þjónustukerfa og umhverfismála. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á. Afmörkun landnotkunarreita miðast því við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk.

Almennt eru mörk landnotkunarreita miðuð við miðlínu aðliggjandi gatna í innra gatnakerfi og jaðar veghelgunarsvæða ytra gatnakerfisins. Flatarmál landnotkunarreita er því brúttóflatarmál sem felur í sér gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Í deiliskipulagi getur nýtingarhlutfall einstakra byggðarreita og svæða innan landnotkunarreits verið annað en tilgreint er í aðalskipulagi þar sem miðað er við meðaltal og brúttóflatarmál reita.

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf. Númer reits verður óbreytt þótt landnotkun verði breytt.

Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppdráttis eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Landnotkun (litur) og merking reita tekur mið af meginlandnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra



lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum.

Undantekning frá þessari meginreglu er að lóðir fyrir skóla, leikskóla og grunnskóla eru sýndar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).

Þau svæði sem ekki eru sérmerkt eru opin svæði innan byggðar sem ekki hafa sérákvæði, óbyggð svæði ofan byggðar. Um þessi svæði gilda almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarflokks.

3.2 Almennar gæðakröfur

Í samræmi við sett markmið, skipulag byggðar og ásjúnd bæjarins leggur bæjarstjórn Vesturbyggðar áherslu á vandaða hönnun bygginga í sveitarfélaginu, með hagkvæmni, notagildi og gæði að leiðarljósi. Hús skulu felld vel að landi og taka mið af staðháttum. Þessir þættir skulu metnir við afgreiðslu byggingarleyfa.

3.3 Bílastæði

Ákvæði um bílastæði skulu sett fram í deiliskipulagi. Almenn regla er að a.m.k. tvö bílastæði verði innan lóðar hvernar íbúðar í sérbýlishúsum og rað-/parhúsum. Á fjölbýlishúsaloðum getur fjöldi bílastæða farið eftir stærð íbúða og skal viðmiðun sett fram í deiliskipulagi. Stefna ber að samnýtingu bílastæða þar sem aðstæður leyfa.

Bílastæðapörf á atvinnusvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum fer eftir þeirri starfsemi, sem þar fer fram. Almenn regla, þar sem ákvæði eru ekki fyrir hendi í deiliskipulagi, er að eitt bílastæði skuli vera fyrir hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis, 10-35 m² verslunarhúsnæðis og 150 m² geymsluhúsnæðis.

3.4 Skilti

Lögð er áhersla á að skilti og merkingar séu falleg og falli vel að umhverfi sínu og með útliti og gerð þeirra skal leitast við að styrkja bæjarbrag og skapa staðaranda. Stærð þeirra og sýnileika skal stillt í hóf. Í deiliskipulagi skal setja ákvæði um skilti sem eru í samræmi við markmið aðalskipulags. Vinna skal að sérstakri samþykkt bæjarstjórnar um skilti, þar sem meðal annars skulu vera ákvæði um gerð, stærðir og yfirbragð skilta og merkinga.

Skilti og umferðarmerkingar skulu stuðla að umferðaröryggi og auðvelda vegfarendum að komast leiðar sinnar. Við aðkomu að verslunar-, atvinnu-, iðnaðar- og athafna- og miðsvæðum skal vera sameiginlegt stórskilti ásamt korti og skal staðsetning þess og gerð ákveðin í deiliskipulagi. Ekki skal setja upp flettiskilti eða blikkandi ljósaskilti inni í íbúðarbyggð. Lýsingu á skiltum skal stillt í hóf til þess að draga úr orkunotkun og ljósmengun. Hún skal vera óbein, látlaus og glýjulaus. Skilti skulu ekki ná upp fyrir þakbrúnir bygginga.



STEFNUMÖRKUN



BYGGÐ, MENNING OG SAMFÉLAG




4 Byggð

Undir málaflokkinn byggð falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: Íbúðarbyggð, frístundabyggð, íþróttasvæði, kirkjugarðar og grafreitir, opin svæði og samfélagsþjónusta.

4.1 Yfirbragð byggðar

Vesturbyggð hefur sett sér þá stefnu að þegar hugað er að nýrri byggð þá skuli þess gætt að ný byggð falli að núverandi byggð og bæjarmynd. Áhersla verði lögð á tengsl byggðar við sögu, atvinnuhætti og náttúru til að undirstrika sérstöðu svæðisins. Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt skal veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða frá náttúrunnar hendi. Sérstaklega skal huga að ásýnd elstu byggðar á Patreksfirði og Bíldudal.



Mynd 2. Hugmyndir að útfærslu byggðar á landfyllingu og á hafnarsvæði Bíldudals, ásýndarmynd.



Mynd 3. Hugmyndir að útfærslu byggðar á landfyllingu á Bíldudal.



4.2 Íbúðabyggð

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Almenn ákvæði

- Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðabyggðar í Vesturbyggð.
- Að ávallt sé til nægt magn lóða til byggingar íbúðarhúsnæðis m.v. áætlaða íbúðapróun og þarfir hverju sinni.
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldustærða.
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.1.
- Skýr stefna sé um gististaði í íbúðarbyggð. Sjá sérkafla um gististaði í kafla 5.6.
- Ný byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af sérkennum landslags.
- Sérstök áhersla verði á lóðir fyrir minna íbúðarhúsnæði, sérbýli eða fjölbýli, sem er hagkvæmt í byggingu.
- Lögð verði áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.
- Heimagisting í flokki I er heimil á íbúðarsvæðum (hámark 5 herbergi eða 10 gestir), en ekki heimild fyrir nýrri og umfangsmeiri gistingu á íbúðarsvæðum, nema þar sem hún hefur nú þegar fengið leyfi.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að íbúum í Vesturbyggð fjölgi að meðaltali um 0,5-1% á ári út skipulagstímabilið sem þýðir að íbúar sveitarfélagsins verði á bilinu 1.100-1.200. Miðað við þá fjölgun þá er þörfin á íbúðarhúsnæði um það bil 55 íbúðir eða 3,2 íbúð á ári ef miðað er við 2,5 íbúa/íbúð. Ef fjölgunin er í takt við þróunina sl. fimm ár þá er gert ráð fyrir að íbúafjöldinn verði um 1.300 í lok skipulagstímabilsins þá er þörfin um 95 íbúðir eða um 5,5 íbúðir á ári.

Þó lagt sé upp með ákveðna áætlun um heildaruppbyggingu á skipulagstímabilinu er erfitt að spá fyrir um hver framvindan verði. Gera má ráð fyrir að uppbygging geti orðið í stökkum, þ.e. að sum ár eða tímabil innan skipulagstímabilsins verði meira byggt en önnur. Fari svo að uppgangur verði hraðari en þessar áætlanir gera ráð fyrir, er engu að síður rúm fyrir það í aðalskipulaginu. Talsvert svigrúm er til að bæta við lóðum í samræmi við heimildir í þessu aðalskipulagi. Verði framvindan á allt annan og hraðari veg en hér er gengið út frá, þá kallar það á endurskoðun aðalskipulagsins, eðli málsins samkvæmt.

Talsvert er hægt að byggja innan þéttbýlis í Vesturbyggð án þess að fara í uppbyggingu á nýjum svæðum. Sumar þessara lóða eru þó ekki byggingarhæfar fyrr en varnargarðar hafa verið reistir ofan byggðar og ekki alveg ljóst hvenær þeim framkvæmdum verði að fullu lokið (sjá kafla 6.3 um náttúruvá). Innan Patreksfjarðar er hægt að byggja allt að 90 íbúðir á þéttingarsvæðum auk allt að 60 íbúðir á nýjum reit ÍB8 en innan Bíldudals væri hægt að koma fyrir allt að 50 íbúðum eftir að garðar hafa verið reistir ofan byggðar auk allt að 60 íbúðir á reit ÍB12. Reiturinn sem er skilgreindur í landi Hóls neðan þjóðveggar og við Völuvöll, er kominn til þar vegna eignarhald lands og óvissu um hvenær ofanflóðavarnir ofan byggðar verða komnar til framkvæmda, sem gerir það að verkum að skortur er á íbúðarsvæðum innan núverandi þéttbýlis á Bíldadal.

Heiti svæðis	Lýsing	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ÍB1 Hólar, og Mýrar	Núverandi íbúðarhverfi við Hóla og Mýrar. Fastmótað einbýlishúsa-hverfi byggt á árunum	3,8	Möguleiki að framlengja Hóla og stækka svæðið í átt að höfninni. Í dag er svæðið að hluta til innan hættusvæðis vegna ofanflóða en eftir að reistir hafa verið varnargarðar



Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035

	1965-1980. Húsin eru flest ein til tvær hæðir með einum til tveimur íbúðum.		skv. fyrirbyggjandi hönnun þá er svæðið utan hættusvæðis. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum eða reisa tvíbýlishús á nýjum lóðum og því möguleiki á allt að 36 nýjum íbúðum.
ÍB2 Urðargata	Núverandi íbúðarhverfi. Fastmótað einbýlishúsa-hverfi. Húsin eru ein til tvær hæðir með risi og byggð á árunum 1911-1969. Nokkur hús njóta hverfisverndar og njóta verndar vegna byggingarstíls og götummyndar. Sjá kafla 6.10 um hverfisvernd.	1,6	Á reitnum er svigrúm til þéttingar í samræmi við ákvæði hverfisverndar HVI. Áhersla lögð á aðlaðandi götummynd og í samræmi við núverandi byggð. Í dag er svæðið innan hættusvæðis en eftir að reistir hafa verið garðar skv. fyrirbyggjandi hönnun þá er svæðið utan hættusvæðis. Með því gefst tækifæri á að byggja á 5 lóðum og því möguleiki á allt að 10 íbúðum innan reitsins. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum.
ÍB3 Strandgata, Aðalstræti	Núverandi íbúðarhverfi, nokkuð fastmótað með eins til tveggja hæða húsum með eða án riss og eru byggð á árunum 1910-1980. Nokkur hús njóta hverfisverndar vegna byggingarstíls og götummyndar. Sjá kafla 6.10 um hverfisvernd.	1,5	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Í dag er svæðið innan hættusvæðis en eftir að reistir hafa verið varnargarðar skv. fyrirbyggjandi hönnun þá er svæðið utan hættusvæðis. Með því gefst tækifæri að byggja á 1-2 lóðum og því möguleiki á allt að 2-4 íbúðum innan reitsins. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum.
ÍB4 Aðalstræti	Núverandi íbúðarhverfi við Aðalstræti. Fastmótað, byggð á árunum 1906-1960.	0,4	Reiturinn telst fullbyggður. Tvö hús njóta hverfisverndar vegna aldurs og götummyndar. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum.

ÍB5 Stekkar, Aðalstræti, Brunnar og Hjallar	Núverandi íbúðarhverfi við Aðalstræti og Stekka. Fastmótað hverfi með eins til tveggja hæða húsum með eða án riss. Húsin eru reist á árunum 1901-1975.	1,7	Í dag er svæðið innan hættusvæðis en eftir að reistir hafa verið varnargarðar skv. fyrirbyggjandi hönnun þá er svæðið utan hættusvæðis. Með því gefst tækifæri að byggja á 2-3 lóðum og því möguleiki á allt að 4-6 íbúðum innan reitsins. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum. Eitt hús nýtur hverfisverndar vegna aldurs.
ÍB6 Aðalstræti	Núverandi íbúðarhverfi við Aðalstræti. Við Aðalstræti standa nokkur af elstu húsum bæjarins sem eru hluti af Geirseyrarþorpinu. Húsin á þessum reit eru byggð á árunum 1885-1985.	1,5	Reiturinn telst fullbyggður. Fimm hús eru eldri en 100 ára og eru því friðuð vegna aldursákvæða en þau eru hluti af byggðinni sem kennd er við Geirseyri á þeim tíma sem þorpið skiptist í tvennt.
ÍB7 Sigtún, Hjallar, Brunna, Bala og Brunnar, Balar og Aðalstræti	Núverandi íbúðarhverfi við Sigtún, Hjalla, Brunna, Bala og Aðalstræti. Á svæðinu eru einbýlishús, raðhús og eitt fjölbýlishús byggð að mestu á árunum 1960-1985.	8,5	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Hluti svæðisins er í dag á hættusvæði en fyrirhugað er að reisa varnargarða ofan byggðar (sjá kafla 6.3 um náttúruvá). Með þeim aðgerðum er hægt að koma fyrir allt að 10 lóðum fyrir einbýlis- og/eða parhús með allt að 10-20 íbúðum. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum. Við Bala og Sigtún er hægt að koma fyrir raðhúsum eða litlum fjölbýlum með allt að 16-20 íbúðir.
ÍB8	Nýtt svæði, óbyggt.	2,5	Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð með aðkomu frá Hjöllum eða Mikladalsvegi. Reiturinn er tekinn frá sem íbúðarbyggð ef fjölgun í sveitarfélaginu yrði umfram væntingar og hraðari en uppbygging varnargarða gerir ráð fyrir. Á svæðinu er hægt að koma fyrir 40-50 íbúðum í eins til tveggja hæða einbýlis-, par-eða raðhúsum.
ÍB9	Íbúðarhús Hlíðskjálí	0,1	Fullbyggður reitur.
ÍB10	Núverandi íbúðarhverfi við Mikladalsveg, hús byggð á árunum 1900-1944. Um er að ræða	0,8	Möguleikar á frekari uppbyggingu innan reitsins.



	fjögur íbúðarhús sem eru á svæðinu.		
ÍB11 Björgin	Núverandi íbúðarhverfi Aðalstræti sunnan við Strandgötu/Bildudalsveg. Fastmótað íbúðarhverfi með einnar hæðar einbýlishúsum með nýtanlegri jarðað þar sem aðstæður leyfa. Húsin eru byggð á árunum 1962-1981.	3,0	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Innan hverfisins er hægt að koma fyrir fimm lóðum með allt að 5-10 íbúðum. Heimilt er að gera aukaíbúðir í einbýlishúsum.
ÍB12 Hóll	Nýtt svæði, óbyggt.	5,2	Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð með aðkomu frá Bildudalsdalsvegi. Reiturinn er tekinn frá sem íbúðarbyggð ef fjölgun í sveitarfélaginu yrði umfram væntingar og hraðari en uppbygging varnargarða gerir ráð fyrir. Á svæðinu er hægt að koma fyrir allt að 60 íbúðum í eins til tveggja hæða einbýlis-, par-eða raðhúsum.
ÍB13 Bakkar Kríubakki, Arnabakki, Grænibakki, Gilsbakki, Sælundur og Dalbraut	Núverandi íbúðarhverfi við Bakka og Dalbraut. Fastmótað íbúðarhverfi 1-2 hæða einbýlishúsa og 2-3 hæða fjölbýlishúss við Gilsbakka. Húsin eru öll byggð á árunum 1975-1987 fyrir utan Grænabakka 6 sem er byggt árið 1950.	4,7	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Hluti svæðisins er í dag á hættusvæði en fyrirhugað er að reisa varnargarða ofan byggðar (sjá kafla 6.3 um náttúruvá). Með þeim aðgerðum er hægt að koma fyrir allt að fimm lóðum með allt að 5-8 íbúðum. Hluti svæðisins er í landi Litlu-Eyrar.
ÍB14 Hluti Dalbrautar, Sæbakki, Smíðjustígur og Hafnarbraut	Núverandi íbúðarhverfi við Dalbraut, Sæbakka og Hafnarbraut. Fastmótað byggð með einbýlishúsum á 1-2 hæðum. Við Dalbraut og Hafnarbraut eru að hluta til elstu húsin á reitnum. Húsin eru byggð á árunum 1893-1987.	5,6	Hluti svæðisins er í dag á hættusvæði en fyrirhugað er að reisa varnargarða ofan byggðar (sjá kafla 6.3 um náttúruvá). Með þeim aðgerðum er hægt að koma fyrir allt 10-12 lóðum meðfram Dalbrautinni fyrir allt að 20 íbúðir. Einnig er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á núverandi landfyllingu við íþróttahúsið Byltu en þar er pláss fyrir allt að 20-25 íbúðir í tveimur húsum á tveimur hæðum og einu raðhúsi.

			Nokkur hús eru hverfisvernduð vegna aldurs (sjá kafla 6.10 um hverfisvernd).
ÍB15 Langahlíð, Tjarnarbraut, Brekkestígur og Hafnarsteigur.	Núverandi íbúðarhverfi við Tjarnarbraut, Lönguhlíð, Brekkustíg og Hafnarsteig. Hluti svæðisins er hverfisverndað eða svokallað Milljónahverfi (sjá kafla 6.10 um hverfisvernd).	2,3	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Hægt er að koma fyrir allt að 2 lóðum við Lönguhlíð fyrir 2 hús og eitt raðhús með allt að 4 íbúðum með styrkingu. Hluti svæðisins er hverfisverndað eða svokallað Milljónahverfi (sjá kafla 6.10 um hverfisvernd).
ÍB16 Langahlíð	Íbúðarbyggð við Lönguhlíð. Húsin eru byggð á árunum 1898-1952	2,5	Reiturinn telst fullbyggður. Nokkur hús eru friðuð vegna aldursákvæðis. Svæðið er innan hættusvæðis B. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu innan svæðisins.


4.2.1 Íbúðarbyggð í dreifbýli

Almenn ákvæði


- Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð.
- Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- Eftir föngum skal komist hjá því að íbúðarbyggð verði reist á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.
- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.

- Gera skal úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista, verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Taka skal tillit til landslags, söguslóða gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðarbyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
- Heimilt er að afmarka lóðir og reisa 4 íbúðarhús á bújörðum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum sjá kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði.
- Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og viðkomandi jörð og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.
- Nánar er fjallað um stefnumörkun um íbúðarhús á bújörðum í kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði.

Heiti svæðis	Lýsing	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ÍB17 Krossholt	Núverandi íbúðarhverfi við Krossholt byggt á árunum 1974-1989. Einbýlis- og raðhús á einni hæð.	3,2	Svigrúm til þéttingar. Byggt hefur verið á 9 lóðum. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum til viðbótar innan reitsins. Möguleiki er á að stækka svæði til norðurs en þá er hægt að koma fyrir fjórum lóðum til viðbótar.
ÍB18 Krossholt	Íbúðarsvæði vestan og norðan Móru. Byggt hefur verið á einni lóð.	13,3	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð á stórum lóðum á um 8,3 ha svæði. Um er að ræða 4 einbýlishúsalóðir, sem eru 1,2-4,0 ha að stærð þar sem leyfilegt verður að vera með húsdýrahald í litlu mæli. Tvær lóðir eru ætlaðar undir frístundahús.



Mynd 4. Skýringarmynd af landnotkun innan Birkimels.




Mynd 5. Skýringarmynd af landnotkun við Brjánslæk.




Mynd 6. Aldur húsa á Patreksfirði.




Mynd 7. Húsagerðir á Patrekfirði.




Mynd 8. Húsagerð á Bíldudal.



Mynd 9. Aldur húsa á Bíldudal.



Mynd 10. Helstu göngufjarlægðir innan Patreksfjarðar innan 10-20 mínútna.



Mynd 11. Helstu göngufjarlægðir innan Bíldudals innan 10-20 mínútna.



4.3 Frístundabyggð

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Almenn ákvæði

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Í nýjum frístundabyggðum er deiliskipulagsskylda og kveða skal á um stærð og þéttleika nýrra svæða í deiliskipulagi.
- Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Skipulagsákvæði eru nánar útfærð í yfirlitstöflu og í deiliskipulagi.
- Bygging sex eða fleiri frístundahúsa verður einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð.
- Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við þjóðveginn og forðast skal að taka gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.
- Heimilt er að byggja stök frístundahús á bújörðum, sjá reglur um byggingu stakra íbúðarhúsa eða frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum í kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði.
- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.
- Að jafnaði er gert ráð fyrir að um 1/4 hluti lands í frístundabyggðum verði til almennrar útivistar.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista, verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Taka skal tillit til landslags, sögu slóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
- Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, form, efnisnotkun, útlit og litaval nýbygginga eftir því sem við á.

- Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum. Við deiliskipulagningu skal leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotþrær, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi hvers svæðis.
- Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja útsýnisstaði og aðra staði, sem máli skipta fyrir almenna útivist eftir því sem við á, þannig að komist verði hjá því að lóðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild.
- Í deiliskipulagi frístundabyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn.
- Við deiliskipulag frístundabyggðar skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum vegna gróður- og kjarrelða.

Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflu 1 hér að neðan.


Tafla 1. Takmarkandi þættir vegna frístundabyggðar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Fornminjar	20 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Veitulagnir	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m



Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 5 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar

<i>Nr</i>	<i>Stærð í ha.</i>	<i>Lýsing/heiti/núverandi ástand</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
<i>F1</i>	22	Flókalundur. Orlfoshúsabyggð við Flókalund.	Sumarhúsa- og orlofsbyggð sem tekur til 16 lóða. Þar af 13 orlofshús, þjónustumiðstöð, sundlaug og búningssklefar. Stærð svæðis 10 ha.
<i>F2</i>	16	Hvallátur. Sumarhúsapýrping sem samanstendur af 11 húsum. Nokkrum uppgerðum eldri húsum og nýrri bjálkahúsum.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
<i>F3</i>	40	Vesturbotn. Óbyggt svæði.	Gert er ráð fyrir 24 lóðum og er svæðið utan við náttúrulegt kjarlendi.
<i>F4</i>	180 (deiliskipulagssvæðið í heild)	Selárdalur Svæðið nær til þriggja svæða í Selárdal	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
<i>F5</i>	13	Tagl. 13 ha frístundabyggð ráðgerð fyrir 10-20 bústaði milli skógræktarsvæðis og golfvallar.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
<i>F6</i>	27,5	Dufansdalur 9 lóðir.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.



Mynd 12. Frístundabyggð í Vesturbyggð.

ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍÞRÓTTIR





4.4 Opín svæði og íþróttir

Landnotkunarflokkar opín svæði og íþróttasvæði.

Almenn ákvæði

- Að allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfs.
- Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbærán hátt til útivistar.
- Skógrækt verði eflid til útivistar og skjóls í nálægð við þéttbýli.
- Að tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði eflid, t.d. með bættu aðgengi að fjörum og birkiskógum til útivistar.
- Gönguleiðir í og úr hverfum, til og frá skóla og til og frá tómstundasvæðum barna verði skilgreind og sett í forgang sem öruggar leiðir til að hjóla og ganga.
- Að uppbygging í samfélaginu taki mið af ávinningi útivistar og íþróttar m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar.
- Áhersla skal lögð á bætt aðgengi fyrir alla að íþróttar- og útivistarsvæðum og stofnunum sveitarfélagsins, þar sem því verður við komið.
- Lögð er áhersla á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi.
- Markvisst verði unnið að uppbyggingu göngu- og heilsustíga og gangstétta í þéttbýli og að tengja göngustíga við útivistarsvæði í bænum.
- Skipulag nýrra svæða geri ráð fyrir opnum svæðum, sem nýst geta á fjölbreyttan hátt.
- Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opín svæði, enda skerði það hvorki gæði né notkun svæðisins.
- Lögð er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðin nýtist öllum.
- Að unnið verði að uppbyggingu bæjartorga í bæjarkjörnum sveitarfélagsins.

4.4.1 Opín svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stigum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Opnum svæðum í þéttbýlinu má nokkurn vegin skipta í þrennt, þ.e. í almenn opín útivistarsvæði þar sem áhersla er lögð á góða stíga og útivist fyrir alla, bæjargarða/-torg þar sem lögð er áhersla á ákveðna sérstöðu og svo hverfissvæði með leik- og dvalarsvæðum. Það síðast talda er yfirleitt hluti af íbúðarhverfi og þjónar þeim sérstaklega.

Í dreifbýlinu eru náttúrlegir birkiskógar og skógræktarsvæði afmörkuð sem útivistarsvæði á skipulagsupprætti.

Almenn opín útivistarsvæði:

Svæði sem umlykja byggðarkjarna og mynda samfelld útivistarsvæði þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt gróðurfar, fjölbreytta útivistarmöguleika, skjól og stíga í bland við ósnortna náttúru og varnargarða ofan byggðar. Heimilt er að reisa mannvirki og byggingar allt að 100m², sem tengjast útivist, nema annað sé tekið fram í skilmálum fyrir viðkomandi reit. Áhersla er lögð á að öll mannvirki séu vönduð, falli vel að umhverfinu.

Bæjargarðar/-torg:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri útivistariðkun, afþreyingu, hátíðarhöldum, fræðslu og leik.

Leik- og hverfissvæði:

Svæði sem taka til leiksvæða, dvalarsvæða eða smærri almenningargarð og eru ekki skilgreind sérstaklega í aðalskipulaginu. Mikilvægt er að slík svæði séu jafnan í hæfilegri göngufjarlægð frá aðliggjandi íbúðabyggð með góðum og öruggum stígatengingum. Æskileg fjarlægð frá jaðri íbúðabyggðar að hverfissvæði er um 150-250m og æskileg stærð þeirra er á bilinu 1.000- 2.000m². Í nýjum hverfum skal gera ráð fyrir slíkum svæðum og skal staðsetning og útfærsla ákvarðast nánar í deiliskipulagi. Mikilvægt er að slíkum svæðum sé fylgt eftir í deiliskipulagi og almenna reglan sú að betra sé að hafa þau fleiri en færri.



Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
Án auðkennis		Almennt opið útivistarsvæði. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði. Skógræktarreitir í hlíðum ofan Bildudals og Patreksfjarðar í Litladal og Mikladal innan þéttbýlismarka.	Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna alm. útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða. Planta skal í stað þess sem fer undir ofanflóðavarnir. Halda skal áfram skógrækt í útjaðri þéttbýlis til skjólmyndunar, fegrunar og framtíðar útivistar.
OP1	1,7	Opið svæði ofan hafnar og neðan Mýra.	Frásópssvæði frá varnargarði.
OP2	0,1	Friðþjófstorg og nágrenni. Svæðið er í dag fremur einsleitt og notagildi takmarkað.	Útbúið verði miðbæjartorg sem hentar árstíðabundinni starfsemi. Möguleiki verði á uppsetningu markaðshúsa, yfirborð þannig úr garði gert að hægt verði að vera með lítið skautasvell á veturna og leiktæki fyrir börn á svæðinu. Yfirborð, búnaður og bekkir endurnýjaðir og gróðursett á völdum stöðum til skjóls og fegrunar.
OP3	0,4	Opið svæði frá Vatneyrarbúð að Kambi, neðan Aðalstrætis.	Grassvæði sem æskilegt er að halda í til að viðhalda ásýnd bæjarins. Tvö minnismerki eru á svæðinu. Uppbygging sem tengist afþreyingu og sjósporti.
OP4	0,3	Opið svæði við Strandgötu	Grassvæði á milli íbúðabyggðar og Strandgötu sem æskilegt er að halda í til að viðhalda ásýnd bæjarins. Gróðursetja má á fleiri staði innan svæðisins.
OP5	0,5	Opið svæði í brekkurót á milli Aðalstrætis og Strandgötu. Gróin brekka. Skjólgt svæði.	Viðhalda skal svæðinu sem dvalarsvæði. Svæðið er við Aðalstræti og æskilegt að ramma það betur inn með gróðri og bæta aðstöðu.
OP6	0,6	Opið svæði á milli Aðalstrætis og Bala.	Um er að ræða svæði þar sem lækjarfarvegur úr Geirseryargili

			rennur um og minnismerki staðsett. Varðveita skal svæðið sem dvalarsvæði enda býður það upp á gott útsýni yfir Patreksfjörð.
OP7	0,4	Opið svæði á milli Bala og Sigtúns. Svæðið er notað sem leiksvæði en þar eru leiktæki og ærslabelgur.	Varðveita skal svæðið sem leiksvæði. Svigrúm til endurbóta. Bæta svæðið með fleiri leiktækjum, gróðursetningu, bekkjum o.fl.
OP8	0,4	Opið svæði við Mikladalsveg.	Viðhalda skal svæðinu sem dvalarsvæði og minnisvarða.
OP9	0,2	Opið svæði við Tunguna	Svæði með minnisvörðum. Gegnir hlutverki sem samkomusvæði fyrir íbúa. Svigrúm til endurbóta.
OP10	0,2	Opið svæði við Skrimslasetrið.	Viðhalda skal svæðinu sem grænt svæði í tengslum við safnasvæðið. Svigrúm til endurbóta. Bæta svæðið með fleiri leiktækjum, gróðursetningu, bekkjum o.fl.
OP11	xxx	Opið svæði við Lönguhlíð	Svæði neðan Búðagils. Á svæðinu eru nokkur hús sem notuð eru sem frístundahús. Möguleiki til endurbóta á svæðinu til að nýta það betur til útivistar.
Án auðkennis		Hlíðar ofan byggðar á Bildudal, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði.	Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna alm. útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða.
OP12		Þúfneyri. Lítil slétt og að mestu grasi gróin eyri með lítilli tjörn vestanvert í henni. Að austan er fingerð malarfjara.	Svæðið er ætlað til útivistar með takmarkaðri umferð. Svæðið er nokkuð mikið notað undir vatnasport og sjósund og er heimiluð uppbygging sem styður þá starfsemi. Frekari uppbygging komi fram í deiliskipulagi.

4.4.2 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar og svæði.



Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
Íþ1	1,5	Íþróttasvæði á Vatneyri. Knattspyrnuvöllur, sparkvöllur og frjálsíþróttastaða.	Svigrúm til uppbyggingar aðstöðu tengda vellinum og bæta ásýnd með því að klæða vallahús. Gróðursetning til skjóls. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
Íþ2	0,3	Brattahlíð. Íþróttahús og sundlaug.	Reiturinn telst fullbyggður. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
Íþ3	1,4	Knattspyrnuvöllur, æfingarsvæði. Svæðið er notað undir margskonar æfingar og starfsemi s.s. flugmódel.	Svigrúm til uppbyggingar m.t.t. starfsemi sem tengist íþróttum. Gróðursetning til skjóls og bætt aðgengi að vellinum.
Íþ4	1,0	Hesthúsasvæði Bíldudal.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Svæði stækkað í átt að vegi m.v. gildandi aðalskipulag.
Íþ5	33	Völuvöllur. Íþróttasvæði Bíldudal, þar sem í dag er golfvöllur, knattspyrnuvöllur og aðstaða til frjálsra íþrótta.	Svigrúm til uppbyggingar m.t.t. starfsemi sem tengist íþróttum. Tryggja þarf öruggt aðgengi með göngu og hjólastíg að afleggjara. Klæða vallahús og girða svæðið til að verjast ágangi dýra.
Íþ6	0,7	Bylta á Bíldudal. Íþróttahús, líkamsrækt og heilsugæsla.	Svigrúm til uppbyggingar í tengslum við íþróttahús og útisvæði, s.s. með fjölgun á pottum og byggingu á sundlaug/vaðlaug. Nær sjónum verði byggð upp aðstaða fyrir sjósundsðkun og tjaldsvæði í tengslum við íþróttahús.
Íþ8	13,7	Austan byggðarinnar við Birkimiel er skilgreint íþróttasvæði sem er nýtt sem tún í dag.	Golfvöllur er skilgreindur ofan byggðar í Krossholti og er landið í eigu Kross. Svæðið er alls 13,7 ha að stærð og er heimilt að koma þar fyrir 9 brautum. Samnýta skal þjónustuhús með tjaldsvæðinu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
Íþ9	0,5	Krossholt sundlaug	Heimilt að koma upp frekari aðstöðu tengt sundlaug, s.s. búningsaðstöðu. Frágangur verði til fyrirmyndar og nýbyggingar skeri sig ekki úr umhverfinu. Heimilt að reisa allt að 100 fm byggingu sem þjónar þessum tilgangi.

Íþ10	0,5	Íþróttavöllur við Birkimiel	Svigrúm til uppbyggingar m.t.t. starfsemi sem tengist íþróttum.
Íþ11	40	Golfvöllur Vesturbotn. 9 holu golfvöllur og félagsaðstaða.	Heimilt er að móta svæðið áfram m.t.t. þarfa golfvallar en stærð svæðis veitir möguleika á því að stækka hann í 18 holur.
Íþ12	1,0	Miklidalur	Mótorkrosssvæði. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi. Heimilt verði að koma upp vélhjólakstursbrautum og mannvirkjum tengd þeirri starfsemi s.s. þjónustuhúsi.
Íþ13	0,5	Reykjafjörður sundlaug	Heimilt að koma upp frekari aðstöðu tengt sundlaug, s.s. búningsaðstöðu. Frágangur verði til fyrirmyndar og nýbyggingar skeri sig ekki úr umhverfinu. Heimilt að reisa allt að 100 fm byggingu sem þjónar þessum tilgangi.

FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL



4.5 Samfélagsþjónusta

Samkvæmt skipulagsreglugerð er samfélagsþjónusta (S), svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Landnotkunarflokkar eru kirkjur, kirkjugarðar, grafreitir og svæði fyrir þjónustustofnanir.

4.5.1 Kirkjur, kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Almenn ákvæði

- Að varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús.
- Að varðveita kirkjur og kirkjugarða sem menningarminjar.
- Áhersla er lögð á það að kirkjur geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur og að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við.
- Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.
- Huga skal að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum.
- Bætt verði aðkoma að kirkjugörðum sem enn eru í notkun. Þess skal þó gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunar svæðisins.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
K1	0,4 ha	Patreksfjarðarkirkja og kirkjugarðurinn. Patreksfjarðarkirkja er byggð á árunum 1904 til 1907. Kirkjan er steinteypt og	Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd sjá kafla 6.9. Grindverk

		aðeins er vitað um tvær kirkjur steinteyptar sem eru eldri, Bíldudalskirkju og Ingjaldshólskirkju á Hellissandi.	og ásynd kirkugarðs skal viðhaldið og komið í upprunalegt horf.
K2	0,1	Sóknarheimili.	Svigrúm til viðbyggingar innan reitsins.
K3	1,2	Patreksfjarðarkirkjugarður. Garðurinn er staðsettur við Mikladalsveg.	Fjöldi þekktra legstæða 102. Reiturinn á að duga út skipulagstímabilið.
K4	0,3	Bíldudalskirkjugarður. Garðurinn er staðsettur við Bíldudalsveg.	Fjöldi þekktra legstæða 309. Reiturinn á að duga út skipulagstímabilið en möguleiki er á stækkun í átt að Bíldudalsvegi.
K5	0,2	Bíldudalskirkja. Reist 1905-1906. Steinteypt, friðlýst.	Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd sjá kafla 6.9.
K6	<5	Brjánslækur. Kirkjustaður. Timburkirkja reist árið 1908. Friðlýst.	Skipulagsákvæði sjá kafla 6.9.3 um húsfriðun.
K7	<5	Hagi. Kirkjustaður. Timburkirkja reist 1892. Friðlýst.	Skipulagsákvæði sjá kafla 6.9.3 um húsfriðun.
K8	<5	Saurbær. Kirkjustaður. Timburkirkja reist 1855-1859. Friðlýst.	Skipulagsákvæði sjá kafla 6.9.3 um húsfriðun.
K9	<5	Breiðavík. Kirkjustaður. Kirkjan sem nú stendur í Breiðavík var vígð árið 1964. Við kirkjuna er kirkjugarður sem staðsettur er ca 400 metra norður af kirkjunni.	Fjöldi þekktra legstæða 35.
K10	<5	Sauðlauksdalur. Kirkjustaður. Timburkirkja reist 1863. Friðlýst.	Skipulagsákvæði sjá kafla 6.9.3 um húsfriðun.
K11	<5	Selárdalur. Kirkjustaður. Timburkirkja reist 1862. Friðlýst.	Skipulagsákvæði sjá kafla 6.9.3 um húsfriðun.



4.5.2 Skólar (S)

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla sem standast ítrustu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi og sem bestum árangri. Velliðan barna og starfsfólks skal vera í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti.


Almenn ákvæði

- Unnið verður eftir Skólastefnu Vesturbyggðar.
- Að skólar innan sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar.
- Að ávallt verði nægt leikskólapláss í sveitarfélaginu.
- Að efla samstarf allra skólanna við foreldra og styrkja tengsl þeirra við samfélagið.
- Að efla samstarf skólanna með markvissum hætti, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Að bæta samskipti og stuðla að góðum skólabrag. Sérstaklega þarf m.a. að huga að leiðum til að nemendur af ólíkum uppruna myndi sterka liðsheild.
- Að styrkja samstarf fræðslu- og æskulýðsráðs og skólanna og efla traust þar á milli.
- Að styðja við tónlistarmenntun.
- Að áfram verði tryggt samstarf á milli skólastiga og einnig stuðlað að samstarfi við eldri borgara.
- Að aðgengi hreyfihamlaðra að leik- og grunnskóla verði tryggt.
- Að umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda.
- Að skólinn nýti sér nálgðina við náttúruna og góðar tengingar við opin svæði og stígakkerfi.
- Áhersla verði lögð á virðingu fyrir umhverfinu og að íbúar geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í óspilltri náttúru. Lögð verði sérstök áhersla á að tengja námið við nánasta umhverfi og nýta tækifæri sem gefast til útifræðslu. Skólalóðir skulu þannig vera hluti af kennslumhverfinu og mæta þörfum nemenda í samræmi við þroskastig þeirra. Stuðlað skal að fjölbreytileika á lóð ásamt öruggum tengingum við önnur útivistarsvæði eða ósnortna náttúru.


- Vesturbyggð leitast við að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða.

Nánar er fjallað um skólastarfsemi í skólastefnu Vesturbyggðar.


Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
S1	0,5	Leikskólinn Araklettur	Svigrúm til frekari uppbyggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
S2	0,8	Patreksskóli, tónlistarskóli, Skor, Fjölbautarskóli og umhverfi skólans. Innan reitsins er einnig kyndistöð Orkubús Vestfjarða.	Svigrúm til frekari uppbyggingar eða tilfærslu á nýtingu á núverandi byggingum.
S3	0,9	Nýtt svæði fyrir grunn- og leikskóla.	Á svæðinu er gert ráð fyrir að nýr grunn- og leikskóli verði byggður upp í góðum tengslum við íþróttahús, heilsugæslu o.fl. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
S4	0,4	Bíldudalsskóli og umhverfi.	Núverandi svæði fyrir grunnskóla. Gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu að grunnskóli og leikskóli verði færðir á landfyllingu við hlið íþróttahúss. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
S5	0,3	Tjarnarbrekka leikskóli	Núverandi svæði fyrir leikskóla. Gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu að grunnskóli og leikskóli verði færðir á landfyllingu við hlið íþróttahúss. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
S6	0,2	Birkimelsskóli og félagsheimili. Núverandi skólahúsnæði.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Möguleiki á uppsetningu dagvistunar.



Mynd 13. Fjarlægð skóla frá íbúðarbyggð á Patreksfirði.



Mynd 14. Fjarlægð skóla frá íbúðarbyggð á Bíldudal.



Mynd 15. Fjarlægð ystu bæja í Vesturbyggð að skólum í Vesturbyggð. Hringirnir sýna 15 km loftlinuradius.

4.5.3 Heilbrigðis- og félagsmál

Almenn ákvæði

- Þjónusta Vesturbyggðar við aldraða miðar að því að eldri borgarar geti búið sem lengst heima með viðeigandi stuðningi.
- Tryggt verði gott rými fyrir samfélagsþjónustu, aukna starfsemi stofnana sem fyrir eru og nýja þjónustu.
- Að tryggt verði aðgengi allra íbúa að heilbrigðis- og félagsþjónustu í bæjarfélaginu.
- Að bæta dvalarúrræði fyrir eldri borgara, m.a. með dagvistun og byggingu þjónustuíbúða.
- Að efla lýðheilsu í sveitarfélaginu og að því sé fylgt eftir í allri stefnumörkun og skipulagi.
- Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga og útisvæða.

- Mikilvægt er að eldri borgarar í sveitarfélaginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfir og að þeir hafi persónulegt svigrúm og einkalíf ævina á enda.
- Allir íbúar sveitarfélagsins skulu eiga þess kost að búa á eigin heimili, þrátt fyrir mismunandi líkamlega eða andlega færni. Heimþjónusta er mikilvægur þáttur í úrræðum eldri borgara en þar skipta öruggar samgöngur verulegu máli.
- Vesturbyggð vinnur að því að fólki með fötlun sé tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Vesturbyggð sér um þjónustu við fólki með fötlun samkvæmt þjónustusamningi við Byggða-samlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og er þjónustan margvísleg og hefur ávallt að markmiði að fötluðu fólki séu sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti núverandi ástand	Skipulagsákvæði
S7	0,3	Þjónustuhús við Kamb, íbúðir aldraða.	Möguleikar á frekari uppbyggingu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
S8	1,1	Heilbrigðisstofnun Patrekfjarðar, heilsugæsla og Aðalstræti 63 (gamli barnaskólinn og bæjarskrifstofur).	Svigrúm til frekari uppbyggingar á starfsemi sem tengist Heilbrigðisstofnunni. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
S9	0,2	Ráðhús Vesturbyggðar, Aðalstræti 75.	Reiturinn telst fullbyggður.
S10	0,3	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.	Svigrúm til stækkunar fyrir samfélagsþjónustu. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.



4.5.4 Menningarmál

Almenn ákvæði

- Að unnin verði menningarstefna fyrir Vesturbyggð.
- Að Vesturbyggð verði menningarefandi samfélag.
- Staðinn verði vörður um þá menningarstarfsemi sem fyrir er á svæðinu og hlúið að nýjum hugmyndum.
- Að gamlar/friðlýstar byggingar með sögulegt gildi verði nýttar fyrir menningarlífið og að hugað verði að þeim verðmætum sem er því felast.
- Staðið verði vörð um viðburði í sveitarfélaginu sem eru mikilvægir vegna menningar og sögu sem og ferðaþjónustu.
- Hverfisvernd verði beitt til að vernda sögulega byggð í þéttbýli og dreifbýli, sjá kafla 6.10 um hverfisvernd og verndarsvæði í byggð.
- Gætt verði að hlutverki samkomuhúsa í sveitarfélaginu s.s. félagsheimilum og Skjaldborgarbíó sem eru mikilvæg í sögu og menningarlífi.

Félagsheimili innan sveitarfélagsins eru tilgreind í töflu hér að neðan sem svæði fyrir þjónustustofnanir og önnur opinber fyrirtæki.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
S11	0,7	Félagsheimilið á Patreksfirði	Reiturinn telst fullbyggður. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
S12	0,2	Byggðasafnið á Hnjóti.	Svigrúm til frekari uppbyggingar. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
S13	0,1	Listasafn Samúels í Selárdal	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
S14	0,1	Gamla rafstöðin á Bíldudal	Svigrúm til frekari uppbyggingar s.s. vegna bílastæða, fræðsluskilta og salernisaðstöðu.
S15	0,2	Félagsheimilið á Barðaströnd, Birkimelur. Sambyggt skólanum.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

4.5.5 Brunavarnir

Slökkviliðin í Vesturbyggð eru staðsett á Patreksfirði og á Bíldudal. Slökkviliðin vinna saman sem ein heild með slökkviliði Tálknafjarðar og eru öll þrjú liðin kölluð út þegar um F1 og F2 forgangsútköll er að ræða. Hlutverk slökkviliðanna er meðal annars:

- Vatnsöflun, slökkvistörf innan og utanhúss.
- Viðbrögð við mengunar og eiturefnaslysum.
- Björgun á fastklemmdu fólki m.a. úr bílflökum.
- Eldvarnareftirlit.
- Fræðsla

Almenn ákvæði

- Unnin verður viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrellda.
- Landeigandi/félög sumarhúsa eigenda skulu vinna viðbragðsáætlanir fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við Brunavarnir í Vesturbyggð.
- Tryggja skal aðgengi að vatni til slökkvistarfa.

Á Bíldudal eru 8 brunahanar sem ná að dekkja stærsta hluta þorpsins, þó þarf að fjölga hönum yst í þorpinu. Þrýstingur er góður.

Á Patreksfirði eru 28 brunahanar og flestir þeirra í góðu ásigkomulagi (meira en 3000 l/mín). Það þarf þó að setja nýja hana upp á nokkrum stöðum. Einnig þyrfti að stækka leiðslur og setja upp nýja hana í götum á Mýrum, Hólu, Sigtúni og á Aðalstræti 112A – 131. Reiknað er með að fjölga brunahönum á Bíldudal og Patreksfirði þannig að þeir nái yfir allt þéttbýli fyrir árið 2021.



Vatnsból í dreifbýli eru misjöfn eftir stöðum, allt frá því að ekkert vatn sé í námunda við bæi og til þess að nægt magn vatns sé við bæjardyrnar. Grunnupplýsingar og staðháttupplýsingar þarf að vinna fyrir alla sveitabæi innan sveitarfélagsins í samræmi við brunavarnaráætlun og stena skal að því að ljúka þeirri skáningu á skipulagstímabilinu.

Fyrirkomulag byggðar í sveitarfélaginu m.t.t. eldhættu

Atvinnustarfsemi

Öll helsta iðnaðar- og atvinnustarfsemi innan þéttbýlismarka er innan skipulagðra iðnaðarsvæða. Nokkur eldhætta er innan þessara svæða. Slökkviliðið telur helst hættu á stórbrunum þar sem fiskikörum og öðrum hlutum er safnað saman á milli húsa. **Samgöngumannvirki**

Engin meiriháttar samgöngumannvirki eru innan sveitarfélagsins s.s. jarðgöng. Hins vegar er byrjað að byggja Dýrafjarðargöng en þau tilheyra Ísafjarðarbæ. Slökkviliðið hefur engan búnað til þess að koma að ef eldur verður í göngunum. Semja verður sérstaklega um aðkomu slökkviliðsins ef þess er óskað að syðri gangnamunna.

Íbúðarbyggð

Svæðið sem telst til íbúðarbyggðar er skilgreint innan aðalskipulaga sveitarfélaganna. Áhætta á bruna í íbúðarbyggð telst vera sambærileg í öllum skilgreindum hverfum þorpanna.

Frístundabyggð

Flest svæðin eru minniháttar að stærð og umfangi. Helsta áhættan á svæðunum er skortur á aðgengi og kjarr. Nokkur fjöldi mis stórra bústaða er innan þessara svæða en góðar fjarlægðir eru á milli þeirra og því engin sambrunahætta. Þær aðstæður geta þó skapast ef kemur til útkalls vegna bruna að slökkviliðin komist ekki að húsum innan svæðis sökum slæmra vega.

Þétt timburhúsabyggð

Timburhús eru nokkur á svæðinu en almennt er ekki um sérstaka timburhúsabyggð að ræða. Nokkur timburhús eru þriggja hæða há og hefur flestum eigendum þeirra verið bent á mikilvægi brunavarna og flóttaleiða.

Varaafi og fjarskiptamannvirki

Orkubú Vestfjarða er með varaafstöðvar á Patreksfirði sem notast er við ef rafmagn fer af aðalrafkerfi Orkubúsins. Þær ná í flestum tilfellum að anna rafmagnspörf íbúa ef raflínur frá landskerfinu slá út. Rafstöðin stendur ein og sér og nær engin sambrunahætta er vegna annarra húsa. Spennustöðvar fyrirtækisins eru á nokkrum stöðum í þéttbýli og eru þær sérstaklega brunahólfðar frá öðrum húsum. Fjarskipti fara helst um símsstöðvar í þéttbýli og frá þeim í gegnum ljósleiðara. Brunavarnir eru góðar á þessum stöðum.

Sinubruni

Farið er eftir reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar slökkviliðanna þar sem ekki má brenna sinu. Öll slík leyfi fara eins og áður segir í samræmi við reglugerð þess efnis. Trjágróður er nokkur við byggð bæði á Patreksfirði og Bíldudal og getur valdið sambrunahættu á milli húsa.

Brennustæði eða aðrar takmarkanir á meðferð opins elds.

Slökkviliðin fara eftir reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum fyrir brennustæði. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar slökkviliðanna vegna brennustæða. Öll slík leyfi fara eins og áður segir í samræmi við reglugerð þess efnis.



ATVINNA



5 ATVINNA

Grunnundirstaða samfélagsins er heilbrigt og öflugt atvinnulíf. Í Vesturbyggð eru tveir þéttbýlisstaðir sem báðir hafa byggst upp vegna nálægðar við gjöful hafsvæði. Áhersla á sjávar tengda starfsemi hefur því verið helsta uppistaða atvinnu gegnum tíðina, en landbúnaður hefur samhliða verið stöðug grein og í seinni tíma aukin ferðaþjónusta. Í framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins ber að leggja áherslu á aukna vitund um mikilvægi helstu atvinnugreinanna í sveitarfélaginu og stefnt verði markvisst að því að efla samstarf milli greina eftir því sem við á, sem og að skapa tækifæri og vettvang fyrir frekari framþróun innan einstakra greina. Aukin nýsköpun í atvinnulífi er mikilvægur þáttur í framþróun samfélagsins og mun Vesturbyggð leggja áherslu á að taka þátt í uppbyggingu og að viðhalda þeim samfélagsmiðstöðvum sem skapað geta umræðuvettvang og frjótt samfélag fyrir aukna nýsköpun.

Landnotkunarflokkar: Landbúnaðarsvæði, skógræktar- og landgræðslusvæði, athafna- og iðnaðarsvæði, verslun og þjónusta, afþreyingar- og ferðamannasvæði og miðsvæði.


5.1 Fiskveiðar, -vinnsla og -eldi

Fiskveiðar og vinnsla er ein af grunnstöðum atvinnu í Vesturbyggð. Fiskeldi hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Í forsenduhefti aðalskipulags eru raktar helstu tölur um veiðar, vinnslu og fiskeldi. Öflugur sjávarútvegur og uppbygging í fiskeldi mun hafa mikil áhrif á byggðapróun svæðisins hvað varðar fjölda íbúa og atvinnutækifæri.

Almenn ákvæði

- Að í sveitarfélaginu verði öflug og framsækin hafnsækin starfsemi.

- Að innviðir þjóni og styðji við sjávarútveg og fiskeldi þannig að starfsemin sé samkeppnishæf við aðra landshluta.
- Að strandsvæðaskipulag taki mið af skipulögðum svæðum fyrir hafnsæka atvinnustarfsemi.
- Unnið verði að því að tryggja innviði fyrir frekari þróun í sjávarútvegi og fiskeldi, og rannsóknum þeim tengdum.
- Mikilvægt er að starfsemi í fiskeldi sé rekin með ábyrgum hætti og taki mið af fyrirbyggjandi rannsóknum og þeim skorðum sem settar eru vegna umhverfisáhrifa.
- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í fiskveiðum, vinnslu og fiskeldi í sveitarfélaginu.



Mynd 16. Eldissvæði í sjó með leyfi í janúar 2021. Heimild: Matvælastofnun 2021.



5.2 Ferðapjónusta

Almenn ákvæði

- Sjálfbær ferðapjónusta verði ein af meginstöðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- Ferðapjónustan verði í takt við stefnu sveitarfélaga um umhverfissvottaða Vestfirði, þar sem sveitarfélögin skuldbinda sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum.
- Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðapjónustu að uppbyggingunni í takt við áfangastaðáætlun Vestfjarða.
- Unnið verði að ferðamálastefnu Vesturbyggðar, með tilliti til þarfa ferðapjónustunnar við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- Leggja skal áherslu á vannýtt tækifæri í ferðapjónustu s.s. með lengingu ferðamannatímabilsins og aukningar á komu skemmtiferðaskipa.
- Leggja áherslu á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum og áframhaldandi uppbyggingu innviða til þess að fyrirbyggja umhverfisrask á viðkvæmum svæðum.
- Vesturbyggð mun vinna eftir áfangastaðáætlun Vestfjarða sem er í gildi hverju sinni.
- Áhersla verði lögð á að hús- og ferðabílum verði aðeins heimilt að dvelja á merktum tjaldsvæðum innan sveitarfélagsins.
- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í ferðapjónustu í sveitarfélaginu.

5.2.1 Gististaðir í þéttbýli

Talsverð fjölbreytni gististaða er fyrir hendi í Vesturbyggð og hefur hún aukist með aukinni ferðamennsku. Með tilkomu vefþjónustu geta leigusalar skráð gististaði án mikillar fyrirhafnar og ferðamenn bóka sjálfir sína gistingu sem hefur leitt til meiri fjölbreytni gististaða. Heimagisting hefur gert það að verkum að gisting er ekki lengur á skilgreindum svæðum fyrir ferðapjónustu og í þar til gerðu þjónustuhúsnæði, heldur einnig í íbúðarhúsnæði í íbúðarhverfum.

Viðmiðunarreglur um gististaði í þéttbýli

- Heimagisting í flokki I heimil á íbúðarsvæðum (hámark 5 herbergi eða 10 gestir), en ekki heimild fyrir nýrri og umfangsmeiri gistingu á íbúðarsvæðum, nema þar sem hún hefur nú þegar fengið leyfi.
- Gististaðir í flokki I, II og III eru heimilir á miðsvæði.

5.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
AF1	I,3	Tjaldsvæði Patreksfjarðar við hlið félagsheimilisins.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
AF2	< 5	Tjaldsvæði við Flókalund. Tjaldsvæðið er staðsett stutt frá hótelinu og þaðan er gott útsýni yfir Vatnsfjörðinn. Hægt að komast í rafmagn og í þjónustuhúsinu eru salerni, sturtur, heitt og kalt vatn og aðstaða til að vaska upp.	Tjaldsvæði og útivistarsvæði. Á svæðinu má byggja eða staðsetja látausar byggingar sem auðvelt er að fjarlægja ef not svæðisins breytast. Dæmi væru þjónustuhús fyrir gesti tjaldsvæðis, sorpgeymslur og fleira í þeim dúr. Gæta skal að umhverfi og öllu raski skal haldið í lágmarki. Snýrtilaga skal gengið um svæðið.
AF3	<5	Tjaldsvæði við Rauðsdal.	Tjaldsvæði og útivistarsvæði. Á svæðinu má byggja eða staðsetja látausar byggingar sem auðvelt er að fjarlægja ef not svæðisins breytast. Dæmi væru þjónustuhús fyrir gesti tjaldsvæðis, sorpgeymslur og fleira í þeim dúr. Gæta skal að umhverfi og öllu raski skal haldið í



			lágmarki. Snyrtilega skal gengið um svæðið.
AF4	2,4	Tjaldsvæði við Krossholt en skv. deiliskipulagi er tjaldsvæði skilgreint vestan skólahúss og félagsheimilis.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
AF5	2	Tjaldsvæði í landi Melaness. Salerni og sturtu aðstaða með góðu aðgengi fyrir hjólastóla. Eldunaraðstaða, þvottavél, útigrill, bekkir, borð og leiksvæði.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
AF6	< 5	Tjaldsvæði í tengslum við ferðapjónustu í Breiðavík. Hreinlætishús með heitu og köldu vatni er á tjaldstæðinu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
AF7	< 5	Tjaldsvæði við Hnjót	Tjaldsvæði og útvistarsvæði. Á svæðinu má byggja eða staðsetja látlausar byggingar sem auðvelt er að fjarlægja ef not svæðisins breytast. Dæmi væru þjónustuhús fyrir gesti tjaldsvæðis, sorpgeymslur og fleira í þeim dúr. Gæta skal að umhverfi og öllu raski skal haldið í lágmarki. Snyrtilega skal gengið um svæðið.

5.4 Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Almenn ákvæði

- Fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður verði stundaður í sveitarfélaginu.
- Að styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar og nýsköpunar.
- Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Ræktuð svæði, svæði sem teljast auðræktanleg og góð beitarlönd skulu varðveitt sem slík. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
- Gæta þess að breytt nýting landbúnaðarlands hafi ekki óafturkræf áhrif og gera grein fyrir áhrifum hagnýtingarinnar á landbúnaðarframleiðslu, m.a. um hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.
- Að efla tengsl landbúnaðar og ferðapjónustu.
- Að tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.
- Að bættar verði merkingar á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins.
- Vargi og meindýrum s.s. mink og ref verði haldið í skefjum.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að og eru eðlileg viðbót við hefðbundna starfsemi á landbúnaðarsvæðum. Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvela bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.
- Lögð er áhersla á það að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst og uppbygging stoðgreina hans verði auðvelduð.
- Tryggðir verði möguleikar til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði með því að gera ráð fyrir því að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta



á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld.

- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í landbúnaði í sveitarfélaginu.

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð. Ekki eru þó heimilaðar byggingar tengdar búrekstri ofar 300 m heldur gilda þar ákvæði um óbyggð svæði.

Á hverri jörð er heimilt að reisa allt að 5 stök frístundahús og allt að 4 stök íbúðarhús án beinna tengsla við búskap á jörðinni, án þess að breyta aðalskipulagi þessu og án deiliskipulags. Þar með eru taldar lóðir sem þegar hafa verið samþykktar. Miða skal við að reisa ekki byggingar nær aðliggjandi jörðum en 50 metra. Hafa ber hliðsjón af jarðamörkum eins og þau voru við upphaflega staðfestingu þessa aðalskipulags. Um frístundahús á frístundabyggðarsvæðum er fjallað í kafla 4.3

Heimilt er að reka gististað með allt að 20 gistirýmum á hverju lögbýli. Einnig allt að 5 litla (< 20m²) gistikofa (einingar) til ferðaþjónustu á lögbýli en fleiri bústaðir kalla á skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis. Stærri gistiheimili, hótél og þjónustubyggingar kalla sömuleiðis á skilgreiningu svæðis fyrir verslun og þjónustu.

Ef jörð er skipt fylgja ekki þessar heimildir nema jarðarhlutar séu að lágmarki 30 ha hvor/hver neðan 300 m.y.s. sbr. eftirfarandi töflu:

Landstærðir	Heiti	Nýtingar hlutfall	Heimildir með tilliti til aðalskipulags
0,5 til 3 ha	Íbúðarlóðir	0,05	Heimilt er að byggja íbúðarhús, gestahús og bílskúr í samræmi við nýtingarhlutfall. Hesthús og aðrar byggingar til landbúnaðar eru að jafnaði ekki heimilar á lóðum sem eru minni en 2 ha.

3 – 10 ha	Landspildur /smábýli	0,05	Heimilt er að byggja 1 íbúðarhús, 1 frístundahús auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota í samræmi við nýtingarhlutfall.
10 – 25 ha	Landspildur /Bújarðir	0,05	Heimild fyrir 2 íbúðarhúsum og 2 frístundahúsum auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota í samræmi við nýtingarhlutfall. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m ² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru).

Tafla 5-1. Byggingar á landbúnaðarsvæðum.

Tafla 2. Takmarkandi þættir vegna uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða. Jarðhitaleitarholur
Vötn, ár og sjór	50 m	Smávatsnvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Fornminjar	20 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

5.4.1 Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamastur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar



skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.“ Eftirtaldir framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingaleyfi. Einnig geta framkvæmdir verið tilkynningarskyldar, í flokki B eða C, sbr. lög um umhverfismat nr. 106/2000 m.s.br.

Mörkuð er sú stefna að ekki þurfi að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Virkjun getur verið sólarcellur, vindmylla (allt að 20 m há) eða vatnsaflsvirkjun ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m² stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir aðra liði í viðaukum laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt flokki B í lögum um mat á umhverfisáhrifum liður 3.22.

Upplýsinga- og þjónustusvæði. Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningarhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m² aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka minni tjaldsvæði, þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn Stærri tjaldsvæði, með umfangsmeiri þjónustu, skulu rekin í þéttbýlinu eða á skilgreindum afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðum.

Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.

Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um verndun og landslag, sbr. kafla 5, ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar. Stærðarmörkin taka mið af því að fiskeldi fyrir ofan framangreind mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum.

Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu 2. Um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla um skógrækt og landgræðslu. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir endurheimt votlendis eins og nánar er fjallað um í kafla 5.2.2.

Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli að landi og skerði ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmda- eða byggingaleyfis frá bæjarstjórn. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir vera undir 1,0 ha að stærð. Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umhverfi taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem besta að nánasta umhverfi. Ganga skal vel frá lögnum, s.s. frárennsli, tryggja gott aðgengi til



tæmingar rotþróa og nægilegt neysluvatn sé aðgengilegt. Gera þarf grein fyrir frágangi á lóð, aðkomu og byggingum í byggingar- /framkvæmdaleyfisumsókn.

5.4.2 Flokkun landbúnaðarlands

Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

Formleg flokkun landbúnaðarlands Vesturbyggðar liggur ekki fyrir en stuðst er við eftirfarandi skilgreiningar á góðu landbúnaðarlandi;

Skilgreining á góðu landbúnaðarlandi er eftirfarandi:

- Landhalli minni en 17%.
- Landbúnaðarland / akuryrkjuland sem nær 1 ha.
- Plógtækt (dýpt jarðvegs 20-25 cm).
- Mikill lífrænn jarðvegur.

Þegar fyrir liggja leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands þá verður ráðist í það verkefni og verður það gert á skipulagstímabilinu.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 64/1996

5.4.3 Landskipti

Við landskipti skal taka tillit til verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema tryggt aðgengi sé að nýjum spildum frá þjóðvegi. Gera þarf grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er landskipta. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu og halda í dreifbýlisfirbragð.

5.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði(SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu.

Skógræktar- og landgræðslusvæði eru afmörkuð á skipulagsuppdrætti þar sem í gildi eru samningar um landshlutaverkefni í skógrækt. Þar er gert ráð fyrir skógrækt í samræmi við þá samninga sem í gildi eru.

Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er leiðbeiningarit sem gefið var út af Skógræktinni og Skipulagsstofnun en þar eru settar fram almennar leiðbeiningar um skógrækt og skipulagsáætlanir.

Almenn ákvæði

- Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt í Vesturbyggð m.a. m.t.t. loftslagsmála, útivistar og atvinnusköpunar.
- Náttúru- eða söguminjum verði ekki spillt með landgræðslu, þ.m.t. skógrækt.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði uppgæðsla, endurheimt votlendis og skógrækt takmörkuð eða óheimil. Gæta skal þess að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga, önnur náttúruleg gæði, svo sem náttúrulegt gróðurfar og búsvæði, eða aðrar atvinnugreinar.
- Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins um skógrækt á landbúnaðarsvæðum mið af því. Leitast skal við að haga skógrækt eða endurheimt votlendis á góðu landbúnaðarlandi í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun.
- Varðveita skal náttúrulega birkiskóga, bæði vegna verndargildis og útivistargildis þeirra. Náttúrulegir birkiskógar eru afmarkaðir sem



útivistarsvæði á skipulagsuppdrætti. Þeim skal hlífa en uppbygging í náttúrulegu skóglendi og á skógræktarsvæðum skal miðast við að gæði svæðanna verði ekki skert. Sjá kafla um náttúrulega birkiskógar.

- Gert er ráð fyrir markvissri eflingu trjáræktar í jaðri og innan þéttbýlis til skjólmyndunar og fegrunar og er lögð áhersla á skóg- og trjárækt á opnum svæðum og í hlíðum ofan byggðar t.d. í tengslum við varnargarða.
- Nytjaskógrækt, þ.m.t. ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, er aðeins heimil á landbúnaðarsvæðum eða öðrum sérstaklega skilgreindum svæðum. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum.
- Skógrækt má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.
- Hafa ber í huga að skógrækt hentar ekki á öllum svæðum á Vestfjörðum sé tekið tillit til fagurfræðilegar og náttúrulegrar sérstöðu svæðisins.
- Gera skal viðbragðsáætlun um skógar-eða kjarrelda, sjá kafla 4.5.5. um brunavarnir.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu 3. Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Tafla 3. Lágmarksfjarlægðir vegna skógræktar

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	25 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Ekki skógrækt.

Fornminjar	20 m	Ekki skógrækt, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla um veitur.
Stofn- og tengivegir	100 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

Á skipulagsuppdrætti eru sýnd öll skógræktarsvæði í Vesturbyggð sem gróðursett hefur verið í og hafa á einhverjum tíma fallið undir Skógrækt ríkisins eða eru einkaskógrækt. Númeruð svæði eru þau þar sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
SL1	25	Seftjörn	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL2	9,7	Breiðilækur	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL3	36	Hagi	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL4	6,4	Holtsfit	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL5	12,5	Skriðnafell	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL6	15	Skápadalur	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL7	19,9	Vesturbotn	Þjóðskógar í Vesturbotni, nytjaskógrækt.




SL8	103	Miklidalur	Nýtt svæði, skógræktarfélag Patreksfjarðar í Mikladal. Skógrækt í samræmi við samninga.
SL9	6	Vatneyrarhlíð	Nýtt svæði, skógræktarfélag Patreksfjarðar í Vatneyrarhlíð. Skógrækt í samræmi við samninga.
SL10	51,6	Fremri-Hvesta	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL11	5	Tagl (Seljadalsskógur)	Skógrækt á vegum Skógræktarfélags Bildudals í Seljadalsskógi í botni Bildudals.
SL12	111	Otradalur í Arnarfirði.	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL13	35	Dufansdalur-Neðri	Skógrækt í samræmi við samninga.

Skógrækt og uppgræðsla lands kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum (tilkynningarskyld) samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum í eftirfarandi tilvikum:

- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun (flokkur B)
- Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun (flokkur A)
- Uppgræðsla lands á verndarsvæðum (flokkur B).

Öll skógrækt sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er framkvæmdaleyfis skyld.



Mynd 17. Skógræktarsvæði í Vesturbyggð skv. samningum við Skógrækt ríkisins.

5.5.1 Náttúrulegir birkiskógar

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré, skuli njóta sérstakrar verndar.

Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni (2014) mælist flatarmál náttúrulegu birkiskóganna í Vesturbyggð 8.687 ha og ræktaðs skóglendis 267 ha. Skóglendi þekur því 6,7% af flatarmáli sveitarfélagsins alls, eða 9,7% neðan 400 m.y.s., sem er verulegt á íslenskan mælikvarða.



Almenn ákvæði

- Að lögð verði áhersla á að endurheimta og vernda náttúrulega og fjölbreytta birkiskóga.
- Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu. Að tryggt verði að aðrar trjátegundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
- Að aðgengi almennings að birkiskóglendi verði tryggt.

5.5.2 Uppgræðsla og endurheimt votlendis

Áhersla verður lögð á að að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í náttúruvernd og loftlagsmálum, greina tækifæri fyrir endurheimt votlendis og mögulega

forgangsroðun í verkefnum. Horft verði til stefnu Íslands varðandi endurheimt votlendis og alþjóðlegra skuldbindinga.

Uppgræðsla þar sem jarðvegsrof er virkt og verkefni í gangi á vegum Landgræðslunnar eru í Sauðlauksdal og Breiðavík og Kollsvík eins og fram kom í umsögn Landgræðslunnar við verkefnislýsingu aðalskipulags.



Mynd 18. Stærri votlendissvæði innan Vesturbyggðar þar sem möguleiki er á endurheimt.

5.6 Athafna- og iðnaðarsvæði

Almenn ákvæði

- Skilgreina þarf ný athafnasvæði innan þéttbýlissvæða í Vesturbyggð til að mæta mögulegri eftirspurn.
- Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á athafnasvæðum.



- Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa og möguleika á aukinni raforkuframleiðslu í sveitarfélaginu.
- Fyrirkomulag á sörpmóttökusvæðum verði til fyrirmyndar..
- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.
- Gert verði ráð fyrir smávirkjunum allt að 200 kW án þess að aðalskipulagi verði breytt.
- Skoðaðir verði möguleikar á stærri virkjunum og nýtingu vindorku.
- Skilgreint verði nýtt stórt athafna- eða iðnaðarsvæði fyrir landfrekari starfsemi.

5.6.1 Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugæmslur og matvælaíðnaður.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
AT1	2,3	Athafnasvæði í Fjósadal	Gæmslusvæði, sörpmóttaka og gámasvæði.
AT2	0,6	Athafnasvæði við hafnarsvæðið með blandaðri starfsemi ásamt verslunarrekstri. Þessi reitur myndi stækka ef að það kæmu lóðir við enda Bjarkagötu, við Rauðakrosshús.	Á svæðinu er svigrúm fyrir viðbyggingar eða nýbyggingar sem eru í samræmi við núverandi byggð. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
AT3	0,1	Athafnasvæði við Strandgötu	Svigrúm fyrir minniháttar breytingar.
AT4	0,3	Á reitnum er Vélsmiðjan Logi og athafnasvæði hennar.	Reiturinn telst fullbyggður og skipulagsákvæði skv. deiliskipulagi.
AT5	1,5	Athafnasvæði við Mikladalsveg.	Á reitnum er svigrúm fyrir meiri uppbyggingu en mögulegt er að koma fyrir 1-2 lóðum til viðbótar á svæðinu. Svæðið er ætlað fyrir fjölbreyttra atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem

			léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast góðra tengsla við samgöngur. Gæta skal að ásýnd svæðisins enda er svæðið mjög sýnilegt við innkomu í bæinn.
AT6	0,2	Á reitnum er verkstæði og aðstöðuhús björgunarsveitararinnar.	Á svæðinu er svigrúm fyrir viðbyggingar eða nýbyggingar sem eru í samræmi við núverandi byggð.
AT7	0,2	Á reitnum er aðstaða Hafkalks.	Reiturinn telst fullbyggður.
AT8	1,1	Athafnasvæði við Krossholt. Lóðir fyrir athafnasvæði og verslun og þjónustu.	Á svæðinu er svigrúm fyrir viðbyggingar eða nýbyggingar sem eru í samræmi við núverandi byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi
AT9	<5	Athafnasvæði við gamla flugvöllinn á Patreksfirði	Athafnasvæði, gæmslusvæði.

5.6.2 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Utan þéttbýlis eru ekki iðnaðarsvæði sem bjóða upp á stærri lóðir undir rýmisfreka starfsemi. Horfa mætti til þess að hafa til taks svæði sem ætluð væru undir starfsemi sem ekki sómir sér vel innan þéttbýlis, kræfist rúmgóðrar landnotkunar og mögulega hafnaraðstöðu.



Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
11	2,1	Iðnaðarsvæði í Mikladal. Tengivirki	Tengivirki Orkubús Vestfjarða. Svigrúm til frekari uppbyggingar á svæðinu fyrir fjölbreyttra atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast góðra tengsla við samgöngur. Gæta skal að ásýnd svæðisins enda er svæðið mjög sýnilegt við innkomu í bæinn. Möguleiki á fleiri lóðum.
12	5,0	Iðnaðarsvæði við Hól.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Svæðið er stækkað til austurs frá gildandi aðalskipulagi og 8 lóðum bætt við. Samkvæmt hætumati Veðurstofunnar þá lenda tvær efstu lóðirnar sem eru geymslusvæði á hættusvæði C. Gæta skal að ásýnd enda er svæðið mjög sýnilegt við innkomu í bæinn.
13	0,2	Spennivirki við Búðargil	Reitur fyrir núverandi spennivirki. Reitur fullnýttur.
14	3,8	Iðnaðarsvæði við Banahleir.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Landið er að hluta til í einkaeigu í landi Auðahrisdals.
15	1,9	Iðnaðarsvæði við Seftjörn, lóð I	Á svæðinu er heimiluð ársframleiðsla allt að 60 t tonna land- og kvíaeldi og mannvirki því tengt s.s. eldishús og íbúðarhús fyrir starfsmenn. Hámarks byggingarmagn 1300 m ² . Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkja. Fella skal mannvirki vel að landi og lágmarka sýnileika þeirra. Fráveita og úrgangsmál skulu vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og

			skal gera ítarlega grein fyrir fráveitu og úrgangsmálum í deiliskipulagi.
16	0,5	Hvammsholt, Örlygshöfn. Ein iðnaðarlóð, stærð lóðar 0,5 ha, byggingar samtals 150 m ²	Gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun, þ.e. atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. verkstæðum, léttum iðnaði og vörugeymslum.
17	14,6	Iðnaðarsvæði Hvestuvirkjun	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
18	<5	Dufansdalur	Á svæðinu má staðsetja mannvirki tengdu fiskeldi s.s. fóðurstöð. Reisa má siló og starfsmannaaðstöðu. Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkja. Stærð svæðis 0,5 ha.

5.7 Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. Skilgreina betur hvar við erum í töflunni.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
VP1	0,05	Á svæðinu er veitingarekstur.	Reiturinn telst fullbyggður. Nýbyggingar ekki heimilar.
VP2	0,5	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu í dag er rekið hótél.	Svigrúm er fyrir frekari uppbyggingu innan reitsins.
VP3	0,4	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er rekið gistiheimili og þjónusta.	Reiturinn telst fullbyggður.
VP4	0,3	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er rekin verslun.	Reiturinn telst fullbyggður.
VP5	0,8	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er rekið hótél sem og bensínafgreiðsla og þjónusta.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.



VP6	0,2	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er m.a. rekið safn í gömlu niðursuðu-verksmiðjunum.	Svæði fyrir safn, sýningar, setur og menningarhús, Handverk og hönnun, og kaffihús. Reiturrinn telst fullbyggður. Innan reitsins er gamli grunnskólinn á Bíldadal sem er friðlýstur (sjá nánar kafla 6.9.3 friðuð hús).
VP7	<5 ha	Flókalundur, hótél, veitingahús, tjaldsvæði og eldsneytisafgreiðsla.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
VP8	< 5ha	Brjánslækur I. Á svæðinu er rekin gisting og kaffihús. Upplýsingar og sýning fyrir Surtarbrandsgil.	Gamli prestbústaðurinn á Brjánslæk. Fyrirhuguð uppbygging á smáhýsum og þjónustubyggingum. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi. Taka þarf mið af ásynd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.
VP9	<5 ha	Rauðsdalur, gistiheimili, svefnpokagisting.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu. Gert er ráð fyrir stækkun á núverandi aðstöðu um fimm gistiherbergi. Uppbygging samræmist ákvæðum í kafla 5.1.1. um starfsemi á landbúnaðarsvæðum. Frekari uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
VP10	<5 ha	Ferðaþjónustukjarni við Birkimel á Barðaströnd. Um er að ræða ferðaskipuleggjendur, gistingu, opinn landbúnað og beint frá býli.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
VP11	<5 ha	Kirkjuhvammur. Svæði fyrir verslun og þjónustu. Kaffihús.	Ekki frekari uppbygging fyrirhuguð.
VP12	< 5ha ha.	Breiðavík. Á svæðinu er rekið hótél, tjaldsvæði stangveiði og veitingahús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
VP13	< 5 ha	Hænuvík, á svæðinu er rekin ferðaþjónusta.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu s.s. fjölgun gistirýma og aukna þjónustu. Taka þarf mið af ásynd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.

VP14	< 5ha ha	Örlygshöfn. Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er í dag rekið hótél.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu s.s. fjölgun gistirýma og aukna þjónustu. Taka þarf mið af ásynd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.
VP15	< 5 ha	Hnjótur. Svæði fyrir verslun og þjónustu. Á svæðinu er í dag rekið gistiheimili og safn.	Svigrúm fyrir frekari uppbyggingu s.s. fjölgun gistirýma og aukna þjónustu. Taka þarf mið af ásynd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.

5.8 Miðsvæði

Miðsvæði er samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Almenn ákvæði

- Áhersla verði lögð á að innan miðsvæðis geti þrífist fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðabyggð með frjálsu flæði umferðar.
- Að miðsvæði endurspegli sögu og ímynd þorpanna.
- Skilgreint verði miðsvæði á Patreksfirði sem afmarkast af Þórsgötu, Bjarkargötu og Aðalstræti.
- Skilgreint verði miðsvæði á Bíldadal sem afmarkast af slökkviliðstúni/Baldurshaga og að íþróttahúsi. Svæðið nái niður fyrir Hafnarbrautina.
- Innan miðsvæða verði skilgreindar vistgötur þar sem gert er ráð fyrir 15 km hámarkshraða og lögð áhersla á umhverfisleg gæði í hönnun.
- Friðþjófstorg verði hjarta miðsvæðis á Patreksfirði með áherslu á árstíðabundna notkunarmöguleika.
- Útisvæði við félagsheimilið verði hjarta miðsvæðis á Bíldadal og horft verði til uppbyggingar á svæðinu til samræmis.



- Unnið verði að uppbyggingu á hluta miðsvæðis á Bíldudal skv. tillögu um verndun Bullhúss og nýbyggingum á nærliggjandi reitum til samræmis.
- Verslun og þjónusta sem hentar miðbæjarstarfsemi verði beint á miðsvæði.
- Hluti miðsvæðis er skilgreint sem hverfisverndarsvæði sbr. kafla 6.10.3.

			heimilt að setja upp mannvirki sem henta þeirri starfsemi á mismunandi árstímum.
--	--	--	--

5.9 Efnistökusvæði

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netalaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitastjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimilt án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Almenn ákvæði

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar framkvæmdir, byggingastarfsemi og uppbyggingu innviða.
- Öll efnistaka er skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif námunnar á umhverfið og annað það sem við á.
- Samkvæmt 16. gr. 4. mgr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
M1	3,9 ha	Miðsvæði Patreksfjarðar afmarkast af svæði frá Þórgötu að Aðalstræti með Tún- og Bjarkargötu og Aðalstræti að Salthýsi. Á svæðinu er nokkur þjónusta í dag s.s. matvöruverslun, vínbúð, ferðaskrifstofa, upplýsingamiðstöð, pósthús, banki, kvikmyndahús, gistihús og apótek. Innan svæðisins eru elstu hús bæjarins. Flest húsin eru ein til tvær hæðir með eða án riss og eru byggð á árunum 1893-1993.	Á reitnum skal gera ráð fyrir blandaðri 1-2 hæða byggð sem fellur vel að fjölbreyttri miðbæjarstarfsemi, s.s. verslun og þjónustu. Möguleiki er á þéttingu byggðar á milli Þórgötu og Bjarkargötu, á einni lóð við Aðalstræti 19 og á svæði fyrir aftan símsstöð og Ólafshús. Huga skal að rýmismyndun með áherslu á gangandi vegfarendur en á hluta svæðisins er gert ráð fyrir vistgötum. Gera skal ráð fyrir bæjargarði/torgi við Friðþjófstorg þar sem áhersla er lögð á að torgið geti nýst vel fyrir t.a.m. smáhýsi fyrir markaði, skautasvell á veturna o.fl. Leggja skal áherslu á aðgengi fyrir alla og að umhverfið verði vistlegt með gróðri, lýsingu og götugögnum.
M2	1,1 ha	Miðsvæði Bíldudals sem afmarkast af slökkviliðstöð/Baldurshaga, að íþróttahúsi og niður fyrir Hafnarbraut. Innan svæðisins í dag er félagsheimilið Baldurshagi á Bíldudal ásamt Gömlu smiðjunni, verslun, gistiheimili og bensínafgreiðsla.	Svigrúm er fyrir frekari uppbyggingu innan reitsins. Á reitnum skal gera ráð fyrir blandaðri byggð sem fellur vel að fjölbreyttri miðbæjarstarfsemi, s.s. verslun og þjónustu. Möguleiki er á þéttingu byggðar innan svæðisins. Leggja skal áherslu á að umhverfið verði vistlegt með gróðri, lýsingu og götugögnum. Uppbygging á lóð félagsheimilisins verði á þann hátt að það nýtist sem bæjartorg fyrir Bíldudal og því



þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.

- Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ávallt skal miða að því að fella svæðið vel að umhverfi sínu og nýta staðargróður til uppgræðslu að efnistöku lokinni.

Efnistökusvæði flokkun			
Öll efnistaka að undanskildum flokki I er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.			
Almenn skipulagsákvæði um námur:			
Framkvæmdaleyfi og starfsleyfi skulu vera í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Nánari afmörkun svæða verður í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi. Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna. Ganga skal frá námusvæðum sem ekki verða nýtt frekar eins fljótt og auðið er, t.d. að framkvæmdum loknum.			
Flokkur	Stærð	Matskylda	Skilmálar
I	Minni háttar efnistaka til eign nota.	C Tilkynningarskylt sveitarfélag metur hvort þörf sé á umhverfismati.	Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimilt án leyfis minni háttar efnistaka til eign nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, en gæta skal ákvæða 2. mgr. 144. gr. vatnalaga þegar um er að ræða efnistöku sem tengist vatni.
II	Efnistaka >50.000 m ³	B Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun	Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi. Ef efnistakan er í samræmi við stefnumörkun aðalskipulagsins er sveitarstjórn heimilt að veita framkvæmdaleyfi að því gefnu að

	Rask <25.000 m ²	metur hvort þörf sé á umhverfismati.	framkvæmdin raski ekki jarðmyndum og sé utan verndarsvæða, í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd og önnur lög og reglugerðir sem eiga við í hverju tilfell fyrir sig.
III	Efnistaka 50.000 – 149.999m ³ Rask ≥25.000 m ²	B Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.	Efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn metur hvort deiliskipuleggja þurfi efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er gefið. Í þennan flokk falla öll efnistökusvæði innan verndarsvæða óháð stærð.
IV	Efnistaka ≥150.000 m ³ Rask ≥50.000m ²	A Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.	Efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og vinna þarf deiliskipulag fyrir svæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Nr.	Heiti	Lýsing
EI	Vatneyrarhlíð	Efnislosunarsvæði fyrir Vesturbyggð. Á svæðinu er heimilt að nota allt af 400 t af óvirkum úrgangi til frágangs. Svæðið er víkjandi landnotkun en þar á að nota óvirkan úrgang á svæðinu til að bæta stöðuleika og til frágangs. Svæðinu verður lokað eftir að landmótun lýkur og gengið frá svæðinu. Stærð svæðis 3,6 ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir æfingaaðstöðu fyrir Slökkvilið Vesturbyggðar.

**Frágangur efnistökusvæða**

Við frágang efnistökusvæða skal leitast við að afmá ummerki efnistökkunnar, fella það á eins náttúrulegan hátt að aðliggjandi landi. Við uppgræðslu skal horft til gróðurfars á aðliggjandi svæðum.

Setnámur

Landmótun að lokinni efnistöku skal miða að því að raskað land falli sem best að umhverfi sínu og landslagi svæðisins. Uppgræðsla skal taka mið af gróðurfari svæðisins.

Bergnámur

Við frágang bergnáma skal skilið þannig við námusvæðin að bergstálið verði sem náttúrulegast og skal afgangsteinum ýtt upp að námustálinu til að mynda eins konar hrunstall neðan við stálið.

Set- og bergnámur

Ganga skal frá efnistökusvæðum þannig að samspil bergs og landslags myndi eins náttúrulegustu heild og mögulegt er. Við uppgræðslu skal horft til gróðurfars svæðisins.

Sandnámur

Jafna skal svæðið út þannig að það falli sem best að umhverfi sínu.

Nr.	Heiti	Gerð	Lýsing	Flokkur
E1	Uppsalar	Bergnáma/ Framtíðarnáma	Gosberg, eldra en frá nútíma, vantar magn og frágangsáætlun.	
E2	Skarð utan við Þverá	Bergnáma	Opin bergnáma ofan þjóðvegjar á Skarði utan við Þverá. Flatarmál námu er 12.000 m ² . Áætluð efnistaka er 50.000m ³ á næstu 20 árum, mest þá í tengslum við endurbyggingu Vestfjarðarvegjar.	II
E3	Brjánslækur	Setnáma	Opin setnáma í malarhjalla. Flatarmál námu er 18.000 m ² .	II

			Áætluð efnistaka er 10.000 m ³ á næstu 20 árum.	
E4	Hamar	Setnáma		
E5	Vaðalsá	Setnáma		
E6	Krossholt	Setnáma		
E7	Grænhóll/Hagi			
E8	Brekuvellir			
E9	Haukabergr	Setnáma/ framtíðarnáma	Opin setnáma í áreyrum. Flatarmál námu er 24.000 m ² . Áætluð efnistaka er 10.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E10	Móberg			
E11	Keflavíkuvvegur	Set og bergnáma	Opin set- og bergnáma í berggrunni og millilagi. Flatarmál námu er 15.000 m ² . Áætluð efnistaka er 5.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarlitlag.	II
E12	Breiðavík		Til einkanota.	
E13	Hafnarfjall	Setnáma	Opin set- og bergnáma í berggrunni og millilagi. Flatarmál námu er 21.000 m ² . Áætluð efnistaka er 5.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarlitlag.	II
E14	Hænuvíkurháls	Setnáma	Opin set- og bergnáma í berggrunni og millilagi. Flatarmál námu er 18.000 m ² . Áætluð efnistaka er 5.000 m ³ á næstu 20 árum.	II



			næstu 20 árum, en hér er unnið malarslitlag.	
E15	Hænuvík	Setnáma		
E16	Gjögraholt	Setnáma	Opin setnáma í malarhjalla. Flatarmál námu er 23.000 m ² . Áætluð efnistaka er 10.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E17	Mosdalur	Setnáma	Opin setnáma í jökulurð. Flatarmál námu er 15.000 m ² . Áætluð efnistaka er 5.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarslitlag.	II
E18	Sandoddi	Sandnáma		
E19	Kot	(Sandnáma)		
E20	Hvalsker		Áætluð efnistaka er 12.000 m ³ af malarslitlagi í tengslum við endurgerð Örylgshafnarvegjar.	II
E21	Skápadalur	Setnáma	Opin setnáma í áreyrum. Flatarmál námu er 21.000 m ² . Áætluð efnistaka er 10.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E22	Ofan Kleifabúa	Bergnáma/ framtiðarnáma	Opin bergnáma/framtiðarnáma. Flatarmál námu er 8.000 m ² . Áætluð efnistaka er 20.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E23	Seljagil	Setnáma		
E24	Ósafjörður			
E25	Dagmálagil (Miklidalur)	Setnáma	Opin setnáma í malarhjalla og aurkeilu. Flatarmál námu er	II

			18.000 m ² . Áætluð efnistaka er 10.000 m ³ á næstu 20 árum.	
E26	Móanes	Setnáma		
E27	Auði-Hrisdalur	Setnáma		
E28	Hrisdalur	Setnáma		
E29	Tagl	Bergnáma	Opin bergnáma. Flatarmál námu um 13.000 m ² . Áætluð efnistaka er 80.000 m ³ næstu 20 árin, mest í tengslum við uppbyggingu Bíldudalsvegjar. Áframhaldandi vinnsla er til vesturs og áætlað er að skilja námustálið eftir á sem náttúrulegastan hátt.	III
E30	Hálfðánarvatn	Bergnáma/ framtiðarnáma	Opin bergnáma í berggangi. Flatarmál námu er 10.000 m ² . Áætluð efnistaka er 20.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E31	Otradalur	Setnáma	Opin setnáma. Flatarmál námu er 12.000 m ² . Áætluð efnistaka er 25.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E32	Dufansdalur	Setnáma	Opin setnáma. Flatarmál námu er 15.000 m ² . Áætluð efnistaka er 30.000 m ³ á næstu 20 árum.	II
E33	Boði	Set og bergnáma	Opin set og bergnáma. Áætluð efnistaka er 3.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarslitlag. Þegar farið verður í endurbyggingu á veginum, með klæðingu, þá dettur þessi náma út.	II
E34	Trostansfjörður	Berg og setnáma	Berg og setnáma. Flatarmál er 5.000 m ² og áætluð efnistaka um 20.000 m ³ næstu 20 árin,	II



			mest í tengslum við uppbyggingu Bíldudalsvegjar.	
E35	Norðdalur	Set og bergnáma	Opin set og bergnáma. Flatarmál námu er 10.000 m ² . Áætluð efnistaka er 3.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarslitlag. Þegar farið verður í endurbyggingu á veginum, með klæðingu, þá dettur þessi náma út.	II
E36	Seljadalsvatn	Setnáma/ framtiðarnáma	Opin set og bergnáma. Flatarmál námu er 23.000 m ² . Áætluð efnistaka er 5.000 m ³ á næstu 20 árum, en hér er unnið malarslitlag.	II
E37	Trölladalur/ Vatnahvilt	Bergnáma/ framtiðarnáma	Bergnáma/framtiðarnáma. Verður opnuð í tengslum við endurbyggingu Vestfjarðavegar. Flatarmál námu er 50.000 m ² og efnistaka áætluð um 200.000 m ³ á næstu 20 árum, mest í tengslum við endurbyggingu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði. Náman verður unnið þannig að hún verði lítt sýnileg frá vegi.	IV

Ekki er vitað um umfang þessara efnistökusvæða og falla þær undir námur til eigin nota sem ekki þarf að sýna sérstaklega í aðalskipulaginu.

Auk ofantaldra efnistökusvæða þá komu óskir frá landeigendum að skilgreina eftirfarandi námur í aðalskipulagi:

- Fit
- Sæból
- Geitagil
- Langi-Botn



NÁTTÚRA



Landnotkunarflokkar eru: Náttúruvá, vötn, ár og sjór, vatnsból, strandsvæði, óbyggð svæði, varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir, friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.

Almenn ákvæði

- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.
- Hverfisvernd nýtt til að hlífa mikilvægum svæðum sem njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd.
- Nýting og verndun náttúruauðlinda skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og taka mið af sjálfbærri þróun.



Mynd 19. Landslagsgerðir í Vesturbyggð.

6.2 Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Meirihluti sveitarfélagsins er skilgreint sem óbyggð svæði en allt land ofan 300 m er skilgreint í þeim flokki. Ýmsar takmarkanir eru á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúruvár, náttúruverndar, vatnsverndar og minjaverndar. Slík notkun er þá sýnd með strikum ofan á þeim lit sem táknar óbyggð svæði. Önnur tákn eru einnig sýnd á óbyggðum svæðum, svo sem vegir, gönguleiðir, veitur o.s.frv.



Almenn ákvæði

- Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og því eru gangnakofar, veiðihús, reiðleiðir, vegir o.fl. afmörkuð sérstaklega með viðeigandi landnotkunarflokkum.

6.3 Náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Almenn ákvæði

- Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásætlanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár
- Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Öll íbúðarbús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættalausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum.
- Nýting á hættusvæðum skal vera í samræmi við löggjöf um ofanflóð og ofanflóðahættu.
- Stuðlað skal að öryggi fólks með fyrirbyggjandi áætlunum, viðbragðsáætlunum og góðu streymi upplýsinga til íbúa og atvinnulífs.
- Í skipulagsgerð skal leggja áherslu á að afla góðra grunngagna um náttúruvá og leita álits hjá viðkomandi fagaðilum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúruvár.
- Vöktun umhverfis eins og tilefni gefst til, svo hægt sé að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.

6.3.1 Ofanflóð

Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka

Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.

Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.

Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

(staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi). Nýtingarreglur á hættusvæðum vegna ofanflóða (Reglugerð nr. 505/2000. Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir, 2007).

Tafla 4. Nýtingarreglur á hættusvæðum.

Svæði	Leyfilegar byggingar
C	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnaði þar sem viðvera er lítil.
B	Atvinnuhúsnaði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.þ.h.) ef þau eru styrkt.
A	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, skólar, sjúkrahús o.þ.h.) og stærri íbúðir (fleiri en 4 íbúðir).

Patreksfjörður

Á Patreksfirði stafar nokkur hætta af aurskriðum og grjóthruni úr hlíðinni ofan byggðarinnar og samkvæmt niðurstöðum hættumats stafar nokkur hætta af



grjóthruni við Hóla, Aðalstræti og Stekka. Víðast hvar næst fjallinu er líka hætta á aurskriðum. Náttúrvá af þessu tagi getur valdið efnislegu tjóni og er rétt er að taka tillit til þeirra við skipulag.

Hættusvæði vegna ofanflóða á Patreksfirði ná til mikils hluta byggðarinnar. Hættumetna svæðinu var skipt í fimm hluta en þeir eru Vatneyrarsvæði, Klif, Geirseyrargil, Sigtúnssvæði og svæði austan Litladalsár. Svigrúm til varna er lítið en varnarmirki hafa verið hönnuð fyrir hluta hættusvæðanna.

Í aðgerðaráætlun vegna ofanflóðahættu fyrir Patreksfjörð er gert ráð fyrir eftirtöldum vörnum, í töflunni er einnig tiltekið hver staðan er á uppbyggingu varnargarða:

Tafla 5. Staða ofanflóðavarna á Patreksfirði

1	Vatneyri	Varnir í uppbyggingu.
2	Klif	Varnir komnar.
3	Stekkagil	Frumathugun lokið.
4	Sigtúnssvæði	Brattur þvergarður ofan byggðarinnar.
5	Svæði austan Litladalsár	Varnir komnar.

Bíldudalur

Gerð hefur verið úttekt á hættusvæðum á Bíldudal í matskýrslunni „Mat á hættu vegna ofanflóða á Bíldudal Vesturbyggð“.

Á Bíldudal stafar umtalsverð hætta af aurskriðum og grjóthruni úr hlíðinni ofan byggðarinnar og nokkur skaði hefur hlotist af þeim. Helst er hætta á grjóthruni við

við efstu hús og á það einkum við á Búðargilshrygg utanverðum og utan hans. Sömuleiðis er hætta vegna aurskriða víða í byggðinni.

Hættusvæði vegna ofanflóða ná til meirihluta byggðarinnar. Svæðinu var skipt í fimm hluta en þeir eru hlíðin innan Gilsbakkagils, Gilsbakka, Milligil, Búðargil og hlíðin utan Búðargils.

Tafla 6. Staða ofanflóðavarna á Bíldudal

NV1	Búðargil	Varnir komnar.
NV2	Gilsbakki	Frumathugun lokið.
NV3	Milligil	Frumathugun lokið.

6.3.2 Jarðskjálftar og eldvirkni

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hætta er talin á eldvirkni.

6.3.3 Loftslagsbreytingar og sjávarrof

Í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030 verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040.

Almenn ákvæði


- Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni umferð og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi.
- Að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins. Nánar er fjallað um þetta í kafla um landbúnað.

- Stuðla að orkuskiptum í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum og í höfnum sveitarfélagsins (sjá kafla 7.1.14).
- Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.
- Að rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.
- Hugað verði að rofvörnum á svæðum þar sem minjar eru í hættu vegna sjávarrofs.
- Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum.
- Gert ráð fyrir almennu viðhaldi á þeim sjóvörnum sem til staðar eru í sveitarfélaginu.

Samkvæmt skýrslu Siglingastofnunar um sjóvarnir frá árinu 2011 þá kemur fram að í Vesturbyggð hvað viðkemur ölduálagi og flóðahættu að við eyrina á Patreksfirði er ölduálag töluvert og einnig við byggð á Bíldudal. Flóðahætta er fyrir hendi á lágsvæðum á Patreksfirði og Bíldudal, sjá skýringarmyndir.



Mynd 20. Svæði sem sýnir það land sem er undir 5 m.y.s á Patreksfirði.



Mynd 21. Kort sem sýnir það land sem er undir 5 m y.s. á Bíldudal.

6.4 Vatnsvernd

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Mengun í ferskvatni verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Beina skal framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og einnig skal tryggja að óæskileg mengun frá iðnaðarsvæðum berist ekki í jarðveg eða vatn. Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð á skipulagsupprætti.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunarupprætti.

FLOKKUR I. BRUNNSVÆÐI

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem er minnst 5 m frá vatnsbóli.

Eftirfarandi brunnsvæði eru skilgreind á skipulagsupprætti:



Brunnsvæðin Patreksfirði eru tvö. Annars vegar steipt þró við við lindina í giliu í Mikladal og hins vegar það svæði sem girt hefur verið umhverfis lindarsvæðið í dalbotninum.

Brunnsvæðin á Bíldudal eru annars vegar á Hnjúksdal sem nær yfir hjallann sem safn- og tengibrunnar standa á og upp í urðina í fjallsrótum.¹

FLOKKUR II. GRANNSVÆÐI

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsverndar eru sýnd á landnotkunaruppdrætti.

Grannsvæði vatnsbóla á Patreksfirði er dalbotninn norðan við Mikladalsá og fjallshlíðin ofan við. Grannsvæðið er með rúma afmörkun til að lindarsvæðið í fjallsrótum og efri lindirnar í giliu falli innan þess. Grannsvæði vatnsbóla á Bíldudal í Hnjúksdal nær yfir fjallshlíðina ofan við brunnsvæðið.²

FLOKKUR III. FJARSVÆÐI

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Skipulags- og umhverfisráð getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu frístundahúsa og annarra mannvirkja.

Á Patreksfirði nær fjarsvæðið í Mikladal yfir fjallstoppinn ofan við og dalbotninn innan við.

Á Bíldudal nær fjarsvæðið í Hnjúksdal yfir fjallstoppinn og fjallshlíðina umhverfis.³

6.5 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó

Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði við ár, vötn og sjó verði ávallt til fyrirmyndar.
- Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.
- Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu.
- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Vesturbyggð, 1998

² Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Vesturbyggð, 1998

³ sama



Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Samkvæmt reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn.

Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns.

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild sinni. Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar verða sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

1. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skolpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.
2. Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
3. Öll byggð skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.
4. Stefnt er að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

6.6 Strandsvæði

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Almenn ákvæði

- Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum.
- Fjörur verði hreinar og aðgengilegar.
- Við uppbyggingu útivistaraðstöðu verði gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað.
- Hvatt verði til samvinnu um árlega hreinsun á fjörum.

Í sveitarfélaginu eru víða aðgengilegar fjörur sem nýtast til útivistar t.d. við Rauðasand, Sauðlauksdal, Arnarfjörð og Barðaströnd. Eru þetta fjörur sem mikið eru sóttar af íbúum og ferðamönnum. Þar þarf að gæta að lífríki.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
ST1	4,1	Ströndin meðfram þéttbýli Patreksfjarðar	Lítið er eftir af náttúrulegri strönd við þéttbýlið á Patreksfirði en strandlengjan er skilgreind sem strandsvæði sem útivistarsvæði.
ST2	5,9	Strandlengjan á Bildudal	Talsvert er eftir af náttúrulegri strandlengju við þéttbýlið á Bildudal sem ber vernda vegna lífríkis og útivistar.

6.7 Friðlýst svæði

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.



Almenn ákvæði

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.
- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru friðlýst eða eru á náttúruminjaskrá.

Flokkar friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 m.s.br. eru eftirfarandi:

- Náttúruvæ
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda
- Náttúruminjar í hafi
- Fólkvangar
- Svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar
- Heil vatnakerfi

Skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. l. mgr. 56. gr.
- Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Þrjú friðlýst svæði eru í Vesturbyggð, Breiðafjörður, Vatnsfjörður og Surtarbrandsgil.

Nr.	Lýsing /núverandi ástand	Skipulagsákvæði
FS1	Breiðafjörður. Á verndarsvæði Breiðafjarðar er fjölbreytt náttúrufar, svo sem auðugt og mikið lífríki, ýmsar gerðir jarðmyndana og breytilegar landslagsgerðir. Þar við bætist breytileiki landslags sem fyrst og fremst verður vegna mismunar á flóði og fjöru.	Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha.
FS2	Vatnsfjörður. Náttúrulegir reyniviðar og birkiskógar sem breiða úr sér frá flæðarmáli og langt uppá heiðar er einkenni Vatnsfjarðar. Skógurinn ásamt víðáttumiklum leirum eru búsvæði fjölskrúðugs lífríkis. Vinsælt svæði til útivistar.	Norður úr Breiðafirði ganga margir firðir og er Vatnsfjörður vestastur þeirra. Að honum liggja Barðaströnd að vestan og Hjarðarnes að austan. Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Friðlandið telst ekki nema að litlu leyti til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.
FS3	Surtarbrandsgil	Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda steingerðar leifar gróðurs sem er að finna í millilögum, einkum surtabrandi og leirlögum. Þetta eru leifar gróðurs sem klæddu landið á tertier-tímabilinu. Til er stjórnunar og verndaráætlun fyrir svæðið þar sem sett eru fram verndarmarkmið.
FS4	Sauðeyjar	Friðlýst æðarvarp í Sauðeyjum, að meðtöldum öllum eyjum og skerjum er þeim tilheyrir.
FS5	Bíldudalur	Æðarvarp í botni Bíldudals í landi Litlu-Eyrar.



6.8 Önnur náttúrvernd (ÖN)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Almenn ákvæði


- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.
- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Áframhaldandi kortlagning mikilvægra svæða sem nú ekki hafa þegar verið skráð í samráði við landeigendur.
- Forðast skal að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna nema brýna nauðsyn beri til.

Náttúruminjar eru náttúrufyrirbæri sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða fyrirbrigði sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá inniheldur lista yfir þessi friðlýstu svæði og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skránni er m.a. ætlað það hlutverk að marka stefnu í friðlýsingamálum og undirbúa jarðveginn fyrir viðræður við rétthafa um þau efni. Þar er stærð og umfang tilgreint ásamt náttúruverndargildi svæðisins. Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á náttúrumyndunum, enda sé um að ræða hættu á því að spillt verði friðlýstum náttúruminum sem skráðar hafa verið á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

- Önnur náttúruvernd (ÖN) umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru víðerni birt skv. skilgreiningu Umhverfisstofnunar frá 2009 í samræmi við þágildandi lög. Unnið er að endurskoðun á afmörkun víðerna í samræmi við nýju lögin.

B-hluti náttúruminjaskrár eru tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að verndarsvæðum sem falla undir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Innan Vesturbyggðar eru eftirfarandi svæði skráðar á B-hluta.

1. **Látrabjarg.** Svæðið er tilnefnt vegna fugla. Hár og mikill sæbrattur hamraveggur, sums staðar með breiðum syllum og grösugum brekkum. Yst eru Bjartangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins. Látrabjarg er afar vinsælt til útivistar og sem áfangastaður ferðamanna. Viða eru orðin greinileg merki um hnignun gróðurs vegna ágangs á brúnum. Eggjataka er stunduð í bjarginu.
2. **Patreksfjörður-Djúp.** Svæðið er tilnefnt vegna fugla. Sæbrattur hamrahlíðar á útnesjum, frá Patreksfirði norður að Ísafjarðardjúpi. Engin nýting er á þessum svæðum nú orðið. Fjórar af tíu stærstu fýlabyggðum landsins og teljast þær allar alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði
3. **Siglunes-Skor-Melanes.** Forsendur fyrir verndun:Fýll.
4. **Sandsfjöll.** Forsendur fyrir verndun:Fýll




Mynd 22. Svæði á B-hluta náttúruminjasvæði og undirsvæði.

9 svæði á C-hluta og eru skráðar sem aðrar náttúruminjar.

Nr.	Lýsing /núverandi ástand	Skipulagsákvæði
ÖN1	Kjálkafjörður. Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum.	Taka skal tillit til verndargildis svæðanna við alla ákvarðanatöku um nýtingu. Um svæðin gilda ákvæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
ÖN2	Seljargil í Vaðalsdal. Jarðlög með blaðföllum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertier.	
ÖN3	Bæjarvaðall. (1).Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rífi og Melanesrífi. (2) Viðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi.	

ÖN4	Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.	
ÖN5	Hafnarvaðall í Örlygshöfn(1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.	
ÖN6	Þórisliðarfjall(1) Setlög með blaðföllum í Þórisliðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hertlendis á tertier.	
ÖN7	Geirþjófsfjörður. Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.	
ÖN8	SauðeyjarFagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.	
ÖN9	Ketildalur í ArnarfirðiSérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhniptra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.	



Mynd 23. Önnur náttúruvernd, C-hluti náttúruinjasrár.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru víðerni birt skv. skilgreiningu Umhverfisstofnunar frá 2009 í samræmi við þágildandi lög. Unnið er að endurskoðun á afmörkun víðerna í samræmi við nýju lögin.


Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri. Stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² eða stærri. Sjávarfitjar og leirur
- Vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra

Eftirtaldir jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar frá nútíma
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra.
- Hverir og heitar uppsprettur, lífríki þeirra, ummyndun og útfellingar.



Mynd 24. Sérstök vernd, birkiskógar ekki með á uppdrætti.

6.9 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar, friðlýst hús og þekktar minjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Almenn ákvæði

- Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir. Í skógræktaráætlunum verði virt friðhelgunarsvæði friðlýstra fornminja sem er 100 m og 15 m friðhelgunarsvæði annara fornminja.
- Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar.
- Varðveita skal gömul hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi.
- Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjarnar geyma.
- Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti skal tilkynna Minjastofnun um framkvæmdir með góðum fyrirvara.
- Leitast skal við að merkja minjar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
- Varðveita skal, eins og kostur er, gamlar byggingar í þéttbýli og dreifbýli sem hafa verndargildi. Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merktum atburðum, þjóðsögum og þjóðhátum en einnig mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni. Minjar um byggð og atvinnusögu, svo sem nýtingu sjávarauðlinda og búskaparhætti skal varðveita. Dæmi um þetta eru verstöðvar, varir, fiskhjallar og naust sem setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Viðhalda má gömlum göngu- og reiðleiðum, stikum, bryggjum og vörðum sem eru í notkun.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði eflað en leitast skal við að upplýsa íbúa og gesti svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með merkingum og öðrum upplýsingaveitum. Þannig er stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri

umgengni um þessi verðmæti. Vinna þarf með aðilum í ferðaþjónustu að þessum verkefnum.

- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar. Aðalskráning fornleifa fari fram í áföngum og verði lokið eigið síðar en 2028.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Hér er fjallað um tvo flokka minjaverndar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012; (i) friðaðar og friðlýstar minjar. Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að haggja við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar.

6.9.1 Friðlýstar minjar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra minja. Minjarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdraetti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar. Í lögum um menningarminjar segir að „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða



mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri ". Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar. Á deiliskipulagsstigi fari fram fornleifaskráning en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi, skógrækt o.fl. Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Minjastofnunar Íslands. Minjarnar eru taldar upp eftir býlum eða örnefnum og er tilvísun í skrána. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunaruppdrætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
Þ1	Brjánslækur	Smíðja Gests Oddleifssonar, er svo heitir, skammt upp frá Vatnsfjarðarbotni, norðanmegin við Þingmannaá, þar sem í henni er kallað Smíðjufljót. Þinglýst 14.02.1931.
Þ2	Brjánslækur	Flókatóftir svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sljettri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará. Þinglýst 14.02.1931.
Þ3	Hvammur	Forn, kringlótt tóft, nefnd "Hoftóft"; er hún 2-300 faðma inn frá gamla bænum. Þinglýst 14.02.1931.
Þ4	Vaðall	Forn garðlag er liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól þeim, er Þinghóll heitir. Þinglýst 14.02.1931.
Þ5	Hagi	Refstóft og Refssmíðja, tvær tóftir er svo heita, á Refshólma í Hagavaðli.
Þ6	Hagi	Gestsfjós, 2 tóftir í mýrinni niður undan bænum.
Þ7	Hagi	Gellishóll skamt fyrir sunnan túnið, og hjá honum 3 smærri hólur. Þinglýst 14.02.1931.
Þ8	Haukabergr	Dysjar að austanverðu við Haukabergsá, (Austmanna er fjellu í Orustulágum, að sögn). Þinglýst 14.02.1931.
Þ9	Haukabergr	Dys við veginn vestur að Haukabergsá.

Þ10	Hreggstaðir	Rústir eyðibýlisins Skyrleysu utan við Hreggstaðaa, bæjarrústir og rústir útihúsa auk tvöfalda túngarðs, sem liggur í sveig um svæðið, tveggja gerða nærri sjónum og rústa sjávarhúsa á sjávarbakkanum. Þinglýst 31.12.1980.
Þ11	Látur (Hvallátur)	Hóllinn Kárni.
Þ12	Látur (Hvallátur)	Dysjar í Kúlureit við ystu búðina á Brunnunum. Þinglýst 14.02.1931.
Þ13	Látur (Hvallátur)	Leifar verbúða og fiskgarða, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð.
Þ14	Látur (Hvallátur)	Verbúðir og fiskgarðar á Látranesi norðan bæjanna. Þinglýst 19.11.1971.
Þ15	Breiðavík	Naust og verbúðir í Breiðuvíkverri syðst í Breiðuvík. Þinglýst 19.11.1971.
Þ16	Sauðlauksdalur	Akurgerði sr. Björns Halldórssonar
Þ17	Sauðlauksdalur	Vörslugarður frá tíð sr. Björns fyrir framan túnið. Þinglýst 11.01.1974.
Þ18	Sauðlauksdalur	Sandvarnargarðurinn "Ranglátur" fyrir neðan túnið.
Þ19	Selárdalur	Steinn með 3 bollum heima við bæinn, við gangstíg milli bæjar og sáluhlíðs. Þinglýst 14.02.1931.
Þ20	Kirkjuból	Hoftóft á svo-nefndu Hofsholti eða Hofhússholti, fyrir neðan túnið. Þinglýst 18.07.1936.
Þ21	Hóll	Hoftóft á svo-nefndu Hofsholti eða Hofhússholti nokkuð fyrir framan túnið. Þinglýst 18.07.1936.
Þ22	Hringsdalur	Austmannahaugur, er svo heitir; hann er svo sem 3 föðmum neðar á sjávarbakkanum. Þinglýst 14.02.1931.
Þ23	Hringsdalur	Hringshaugur, svo nefndur; hann er næstum niður við sjó, fyrir neðan Barðagrund hina neðri.
Þ24	Botn	Fylgsni Gísla Súrssonar hið syðra er í litlum grashvammum við ána, fyrir neðan Kleifarnar. Þinglýst 14.02.1931.



p25	Botn	Auðarbær eða Gíslabær svo nefndur, sem er rúst undir lágri brekku er liggur frá Botnsá til norðurs, skammt fyrir ofan túnið á Botni.
p26	Botn	Fylgsni Gísla Súrssonar hið nyrðra er í lægð framan í þúfnabardi nokkru í nokkrum halla, uppi undir hliðinni fyrir norðan Botnsá, nokkru ofar en beint upp undan Auðarbæ.

Ekki liggur fyrir aðalskráning fornleifa en gerðar hafa verið deiliskráningar víða í sveitarfélaginu í tengslum við deiliskipulagsgerð eða framkvæmdir. Minjastofnun Íslands sér um að halda utan um þær skráningar og má nálgast þær á vefsíðu Minjastofnunar.

6.9.2 Friðlýst hús


Eftirfarandi hús í sveitarfélaginu eru friðlýst og um þau gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
MV1	Vatneyrarbúð	Timburhús reist 1916. Friðlýst af forsætisráðherra að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands 10. nóvember 2014 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins.
MV2	Bíldudalskirkja	Steinsteypuhús reist 1905-1906. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV3	Gamli barnaskólinn á Bíldudal	Timburhús reist 1906. Friðlýst af forsætisráðherra 14. júní 2016 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins.
MV4	Brjánslækjarkirkja	Timburhús reist 1908. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV5	Eyrarkirkja á Patreksfirði	Steinsteypuhús reist 1904-1907. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

MV6	Hagakirkja	Timburhús reist 1892 en tilniðin 1881-1892 erlendis af sænskum viðum. Fauk 1897 og endurreist 1897-1899. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV7	Sauðlauksdalskirkja	Timburhús reist 1863. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV8	Saurbæjarkirkja á Rauðasandi	Timburhús reist 1855-1859 á Reykhólum. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV9	Selárdalskirkja	Timburhús reist 1862. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV10	Bjargtangaviti	Byggingarár 1948. Friðaður af menntamálaráðherra 1. desember 2003 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans, þar með eru talin ljóshús, linsal linsuborð og lampi, hurðir, gluggar, stigi og handrið. Friðunin nær einnig til umhverfis vitans út að bjargbrún framan (vestan) hans og til hluta hrings með 100 m radius út frá vitanum til norðurs, austurs og suðurs, en tekur ekki til vélahúss skammt frá vitanum.

6.9.3 Friðuð hús

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem verða orðin 100 ára eða eldri friðuð frá og með 1. janúar 2013



Mynd 25. Skráðar minjar og svæði sem skráð hafa verið.

6.10 Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Almenn ákvæði

- Náttúra og þjóðminjar verði verndaðar með skilgreiningu hverfisverndarsvæða.
- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja m.a. vegna uppbyggingar í menningartengdri ferðaþjónustu.

- Að tryggja að tengsl sveitarfélagsins við söguna glattist ekki.
- Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska þeim þáttum sem verndin byggir á s.s. að spilla náttúru- eða menningarminjum eða breyta vernduðu yfirbragði hverfis.
- Allar áætlanir og framkvæmdir á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í skipulags- og umhverfisráði auk samþykkis bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

6.10.1 Hverfisvernd vegna náttúruminja

Gerð er tillaga um sex svæði sem falla undir hverfisvernd í dreifbýli Vesturbyggðar, Látrabjarg og Vesturbotn.

Allt land vestan þjóðvegjar um Kleifaheiði að Látrabjargi HV3

Mörk hverfisverndar afmarkist frá þambaraflögum, eftir Brunnanúp, að Hálsvörðu gegnum Lambalá, þar sem vötum hallar fram á bjargbrún, í sjó fram og alla leið að landamerkjum við Eyjaskorarnúp frá Melalykkju yfir miðjan Þorsteinshvamm og fylgi línán landamerkjum inn til landsins. Hverfisverndin nær jafnframt til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols 1 km frá landi.

Mikilvægt er að svæðið verði síðar verndað skv. náttúruverndarlögum sem friðland eða þjóðgarður með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir, fjörusvæði, minjar, útivist og bættá móttöku á ferðamönnum.

Afmörkun hverfisverndaða svæðisins er rúmt og hluti af svæðinu er enn í byggð og ekki gert ráð fyrir að hverfisverndin breyti þeirri landnýtingu. Leitað verði samstarfs við hagsmunaaðila um þetta verkefni.

Hverfisverndarákvæði eru þessi:

- Ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin hlunninda- og landbúnaðarnýting breytist við verndunina. Með hverfisvernd er engin afstaða tekin til



Þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða hverjir eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

2. Um svæðin liggja gönguleiðir sem eru skilgreindar í aðalskipulagi.
3. Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar í samráði við landeigendur, slóðar, gönguleiðir og snyrtiaðstaða. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndarsvæðinu er háð samþykki umsjónaraðila og sveitarstjórnar sbr. skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999.
4. Óheimilt er að vinna náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við jarðmyndunum. sbr. III kafla náttúruverndarlaga nr. 44/1999
5. Óheimilt er að vinna spjöll á fornleifum, svo sem skemma hleðslu eða hrófla við öðrum sýnilegum mannvistarleifum. Sbr. 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001
6. Skylt er öllum að ganga snyrtilega um hið hverfisverndaða svæði. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur.
7. Sveitarstjórn í samráði við landeigendur getur sett frekari reglur um hverfisvernduð svæði síðar.

Vesturbotn HV4

Vesturbotn er í eigu Vesturbyggðar og hefur bæarstjórn hug á að skilgreina þann hluta jarðarinnar sem ekki er ætlaður fyrir golfvöll og frístundabyggð sem fólkvang eða nýta sem þjóðskóg í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands, með það í huga að friðlýsa svæðið síðar skv. náttúruverndarlögum vegna fjölbreytts landslags og

áhugverðs útivistarsvæðis. Landið er að hluta til kjarri vaxið og þar mikilfengleg gljúfur s.s. Bárðargil og meðfram Ósá. Um jörðina lá þjóðleið meðfram Botnsá um Botnaheiði og yfir í Tálknafjörð og auk hennar bíður landið upp á fjölbreyttar gönguleiðir meðfram ám og lækjum og að útsýnisstöðum t.d. á Búrfelli og Kleifum.

Hverfisverndarákvæði eru þessi:

1. Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum, sem tryggt verður að séu greiðfærir flestum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.
2. Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar í samráði við landeigendur, slóðar, gönguleiðir snyrtiaðstaða. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndarsvæðinu er háð samþykki sveitarstjórnar sbr. skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999.
3. Núverandi vegslóðar verða nýttir fyrir gönguleiðir s.s. samsíða Arnarstapaá og upp fyrir Búrfell og meðfram Botnsá ofan golfvallarins.
4. Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og akstur utan vega eða slóða verður bannaður.
5. Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan svæðisins.
6. Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.

Selárdalur-Kópavík HV5

Gerð er tillaga um eitt svæði sem falla undir hverfisvernd í dreifbýli Vesturbyggðar, vegna búsetu-, náttúruminja og mikilvægs selaláturs í Vesturbyggð. Um er að ræða svæði sem nær frá Móanesi yfir Selárdal, yfir Verdali að Kópavík.

Hverfisverndarákvæði eru þessi:

1. Ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin hlunninda- og landbúnaðarnýting breytist við verndunina. Með hverfisvernd er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða hverjir eigi þar takmörkuð eignarréttindi.
2. Um svæðin liggja gönguleiðir sem eru skilgreindar í aðalskipulagi.
3. Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar í samráði við landeigendur, slóðar, gönguleiðir og snyrtiaðstaða. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndarsvæðinu er háð samþykki umsjónaraðila og sveitarstjórnar sbr. skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999.
4. Óheimilt er að vinna náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við jarðmyndunum. sbr. III kafla náttúruverndarlaga nr. 44./1999
5. Óheimilt er að vinna spjöll á fornleifum, svo sem skemma hleðslu eða hrófla við öðrum sýnilegum mannvistarleifum. Sbr. 21. gr. Laga um menningarminjar nr. 80/2012.
6. Skýlt er öllum að ganga snyrtilega um hið hverfisverndaða svæði. Hvergi má þar fleygja rusli á viðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur.
7. Sveitarstjórn í samráði við landeigendur getur sett frekari reglur um hverfisvernduð svæði síðar.

Suratbrandsnámur

HV6	Suratbrandsnámur í Raknadalshlíð Raknadalshlíðar Setlagið með suratbrandinum liggur gegnum hálsana milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, en opnur eru strjalar.
HV7	Suratbrandsnámur í Þernudal. Þernudalsnáma er í um það bil 100 m hæð yfir sjó sunnan megin við gil Þernudalsár.
HV8	Suratbrandsnámur í Dufansdal. Dufansdalsnáma er framan í Dufansdalsmúla í um það bil 170 m hæð yfir sjó.
HV9	Suratbrandsnámur í Stálfjalli Stálfjallsnáma. Námurnar liggja í u.þ.b. 10 m hæð yfir fjörunni í Stálvík.

6.10.2 Hverfisvernd í þéttbýli

Tvö svæði í þéttbýlinu njóta hverfisverndar, þ.e. í gömlu byggðinni á Patreksfirði á Vatneyri og Milljónahverfið á Bíldudal. Ákvæði hverfisverndar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa og umhverfis þeirra. Að auki taka ákvæði hverfisverndar til hvers kyns framkvæmda sem gætu haft áhrif á menningarsögulegt gildi svæðisins. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Með hverfisvernd er mögulegt að viðhalda menningararfinum og skapa aðlaðandi umhverfi sem verður eftirsóknarvert fyrir íbúa og gesti og styrkir jafnframt tengslin á milli byggðarluta. Slíkt umhverfi getur styrkt bæjarfélagið í heild sinni.



Almennir hverfisverndarákvæði:

- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang.
- Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningssýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.
- Nýbyggingar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.
- Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðhættum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.
- Þar sem nýjar byggingar rísa skal vandlega gætt að sjónlínunum innan byggðarinnar og staðsetja byggingar þannig að þær styrki byggðina.
- Heimilt er að byggja við hús ef nauðsynlegt er til þess að það nýtist og skal heildarstærð húsbyggingar taka mið af skilgreindu nýtingarhlutfalli lóðar.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess og þess gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.
- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
HVI	7,8	Hluti af elstu byggð Patreksfjarðar sem nær yfir IB2,	Sjá almenn ákvæði.

		IB3, IB4, MI og VÞ1. Svæðið mikilvægt vegna byggingararfs og verslunarsögu Patreksfjarðar.	
HV2	1,0	Milljónahverfið á Bildudal. Þyrping fúnkishúsa frá eftirstríðaaárunum sem mynda heild.	Sjá almenn ákvæði.

6.11 Loftgæði og hljóðvist

Almenn stefna

Allir íbúar sveitarfélagsins búi við heilnæmt andrúmsloft. Tekið verði tillit til hljóðvistar í öllu skipulagi og viðmið um ýtrustu hávaðamörk verði virt. Íbúar í Vesturbyggð skulu eiga kost á því að búa við hreint og heilnæmt umhverfi. Íbúar, atvinnulífið og sveitarfélagið skulu í sameiningu vinna að því að draga úr hnattrænum umhverfisvandamálum í samræmi við lög landsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Auka þarf meðvitund almenningss og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til þess að lágmarka umhverfisáhrif. Áhersla er lögð á það að framfylgja reglugerðum er varða hljóðvist, með gerð hávaðakorta sem nýtist við gerð skipulags.



GRUNNKERFI





7 Samgöngur og grunnkerfi

7.1 Vegir, götur og stígar

Almenn ákvæði

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar sem eitt vinnusóknarsvæði.
- Haldið verði áfram endurbótum á vegum innan sveitarfélagsins.
- Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu.
- Aukið verði öryggi vegfaranda á vegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggeri veltengingar tengivega.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum á nokkrum stöðum, skv. kafla 7.1.5. Þessi jarðgöng eru ekki hluti af tillögum skv. Samgönguáætlun 2020-2034, en getið er um þau í áherslum við gerð greiningar á jarðgangakostum í jarðgangaáætlun ríkisins⁴.
- Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu inn í Bíldudal þannig að lega Bíldudalsvegur breytist og vogurinn verði þveraður.
- Endurbygging stofnvega verði haldið áfram.
- Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.
- Áhersla verði lögð á stofn- og tengivegi sem heyra undir Vestfjarðaleiðina.
- Fækka einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum í sveitarfélaginu. Við val á nýjum brúarstæðum skal hugað að áhrifum á lífríki og rennsli í árfarvegum sem og landslagi og ásjúnd.
- Að tryggja öryggi fólks, gangandi og hjólandi frá umferð. Sérstaklega til og frá skóla og á milli stofnanna í sveitarfélaginu. Þrengingar á götur til að hægja á umferð til að auka öryggi.

Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur skuli vera greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Samkvæmt skilgreiningu Bygðastofnunar eru þéttbýliskjarnarnir á sunnanverðum Vestfjörðum innan eins vinnusóknarsvæðis með Patreksfjörð sem miðstöð.

Áhersla verði lögð á styttri ferðatíma innan svæðisins til næsta atvinnu- og þjónustukjarna. Einnig verði lögð áhersla á greiðari samgöngur með öðrum ferðamátum en einkabíl. Talsverð samvinna er við Tálknafjarðarhrepp er varðar stjórnsýslu og þjónustu við íbúa og mikið um að fólk sækir vinnu á milli þéttbýlisstaða.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla er fjallað í lögum um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br. og reglum um einstaka flugvelli.

Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Framtíðarpróun Vesturbyggðar er í nánnum tengslum við þróun í samgöngum. Forsenda frekari uppbyggingar í atvinnulífi á svæðinu byggir á góðum og traustum samgöngum.

Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Einungis stofn- og tengibrautir eru staðfestar í aðalskipulagi en safn- og húsagötur eru hafðar til skýringar.⁵

⁴ ⁴ Nefndarálit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. 150. löggjafarþing 2019-2020. Þskj. 1685-434. og 435. mál.

⁵ Fastanefnd FV 2016



7.1.1 Stofnvegir

Á skipulagsuppráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum. Í Vesturbyggð eru eftirfarandi stofnvegir:

Heiti og lýsing	Veghelgunar-svæði	Lágmarksfjarlægð bygginga	Skipulagsákvæði
Vestfjarðavegur (60) Liggur frá sýslumörkum í Kjálkafirði, fyrir Vatnsfjarðarbotn um Helluskarð að sýslumörkum upp á Dynjandisheiði.	30 m	100 m	Fyrirhugað er að endurbyggja Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði, á kafla sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, langleiðina að Mjólkárirkjón í Borgarfirði.
Barðastrandavegur (62) Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsstötu að höfn á Patreksfirði.	30 m	100 m	
Bildudalsvegur (63) Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Miðdal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bildudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðarveg rétt	30 m	100 m	Nýr kafla Bildudalsvegur (63) verður liðlega 28 km langur. Hann verður lagður í staðinn fyrir rúmlega 29 km langan veg sem liggur frá vegamótum við Flugvallarveg við Bildudalsflugvöll á Hvassnesi, um Dufansdal, Þernudal, botn Fossfjarðar, út Hrafnsskagahlíð, fyrir Hrafnsskaga, Reykjarfjörð, Sunnnes og inn Trostansfjörð, upp á Norðdalsfjall og á

norðan við Helluskarð.			Vestfjarðaveg rétt norðan Helluskarðs. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu inn í Bildudal og þverun Bildudalsvogs.
Brjánslækjarvegur (610) Af Barðastrandarvegi að ferjubryggju.	30 m	100 m	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum vegarins.
Flugvallarvegur Bildudal (620) Af Bildudalsvegi á Hvassnesi að flugvelli.	30 m	100 m	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum vegarins.



Mynd 26. Hugmynd af þverun Bildudalsvogs og nýrri aðkomu að Bildudal.

7.1.2 Tengivegir

Haldið verði áfram endurbótum tengivega almennt til þess að stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í Vesturbyggð. Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Heiti og lýsing	Veghelgunar-svæði	Lágmarksfjarlægð bygginga	Skipulagsákvæði
Örlyghafnarvegur (612)	15 m	50 m	Unnið er að því að endurbyggja, lagfæra og leggja bundið slitlag á núverandi veg milli Skápadalsár og

Af Barðastrandarvegi hjá Ösum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.			Patreksfjarðarflugvallar. (Búið að hluta) Framkvæmdakaflinn er um 8,4 km langur og liggur um lönd Skápadals, Kots, Hvalskers og Sauðlauksdals. Framkvæmdin er ekki á samgönguáætlun 2020-2034. Haldið verði áfram að byggja veginn upp að Bjargtöngum. Skv. deiliskipulagi fyrir Látrabjarg þá er fyrirhugað að færa veginn fjær frístundabyggð við Hvallátra. Sú veglagning er á samgönguáætlun 2020-2034.
Ketildalavegur (619) Af Bildudalsvegi við Bildudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.	15 m	50 m	Gert ráð fyrir að vegurinn verði endurbættur. Taka skal mið af markmiðum skipulagsins varðandi lífríki og landslag á svæðum á náttúruminjaskrá..

7.1.3 Götur og stígar

Áfram verði unnið að því að tryggja öryggi vegfarenda innan þéttbýlis. Unnið verði að umferðaröryggisáætlun fyrir Patreksfjörð þar sem áhersla verði lögð á hraðalækkandi aðgerðir. Fylgt verði tillögum í umferðaröryggisáætlun fyrir Bildudal vegna hraðalækkandi aðgerða. Unnið verði að því að færa hámarkshraða í íbúðabyggð úr 35 km í 30 km. Gert er ráð fyrir að innan miðsvæða verði skilgreindar vistgötur með lægri umferðarhraða. Ennfremur verði unnið að því að skilgreina fleiri vistgötur innan sveitarfélagsins. Umferðaröryggisáætlanir verði endurskoðaðar eftir þörfum.

Áhersla verði lögð á hönnun göturýmis og gróðurnotkun til skjóls og fegrunar. Gert verði átak í uppbyggingu göngustíga og gangstétta innan þéttbýlis en víða vantar gangstéttir meðfram götum og verður það nánar útfært í deiliskipulagi.



Mynd 27. Núverandi gangstéttir á Patreksfirði.




Mynd 28. Núverandi gangstéttir á Bíldudal.

7.1.4 Göngu- og reiðleiðir

Almenn ákvæði

- Stuðla að almennri útivist í Vesturbyggð og styðja við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.
- Merking gönguleiða til að auka möguleika í útivist.
- Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.
- Unnið verði að uppbyggingu heilsustíga í sveitarfélaginu.
- Skoðað verði með uppbyggingu reiðvega í dreifbýlinu.

Innan Vesturbyggðar er að finna fjöldan allan af gönguleiðum um fjörur, fjöll og dali. Einhverjar leiðir hafa verið merktar. Á skýringarmynd nr. 29 má sjá fornar þjóðleiðir innan Vesturbyggðar en gönguleiðir eru þó mun fleiri en myndin sýnir og legan ekki nákvæm.



Mynd 29. Fornar gönguleiðir í Vesturbyggð.

7.1.5 Jarðgöng

Til þess að tryggja góðar samgöngur á milli byggðarlaga á suðurfjörðum Vestfjarða og skilgreina það sem eitt vinnusóknarsvæði þarf að bæta samgöngur á milli byggðakjarnanna þriggja svo þær séu skilvirkar og tryggja allt árið um kring. Samgöngur á milli byggðakjarnanna eru um fjallvegi þar sem vetrarfærð er oft þung og lokanir nokkuð tíðar vegna veðurs. Eðlilegt er því að líta til gangnagerðar innan sveitarfélagsins. Ljóst er að þörf er á tveimur göngum til að tryggja samgöngur, annars vegar milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar, upp úr Mikladal og síðan milli Tálknafjarðar og Bíldudals.

Við mat á jarðgangavalkostum er mikilvægt að litið sé til þess að þau séu staðsett á þann hátt að þau tryggi samgöngur allt árið og virki sem hluti af stærri heild þar sem tengingar innan byggðarlaga í Vesturbyggð annars vegar og hins vegar tengingar í átt að höfuðborgarsvæðinu eða yfir að norðurhluta Vestfjarða ættu að vera jafngildar.

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir miklum breytingum á vegakerfinu og settar eru fram hugmyndir að göngum á nokkrum stöðum, eins og sjá má í meðfylgjandi skýringarmynd nr 30.

1. Göng undir Dynjandisheiði
2. Göng undir Hálfán
3. Göng frá Mikladal undir Mikladalsheiði
4. Göng frá Fossfirði yfir í Mórudal



Mynd 30. Hugmyndir að jarðgangavalkostum úr innviðagreiningu fyrir Vesturbyggð.

7.1.6 Vegir í náttúru Íslands

Flokkun vega skv. reglugerð um um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsgrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásynd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi

skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Í reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd eru vegir flokkaðir í fjóra flokka.

Nr	Lýsing	Vegur innan sveitarfélags
F0	Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þátið.	Bláir vegir á uppdrætti. Yfirleitt láglendisvegir.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þátið.	Á ekki við
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáar óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þátið.	Slóðar að mestu á láglendi
F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þátið	Línuvegir og slóðar á heiðum og fjöllum.



Mynd 31. Vegflokkun skv. reglugerð nr. 260/2018.

7.1.7 Hafnarsvæði

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar vinnu- og farþegaþáta og smábátahafnir.

Almenn ákvæði

- Að aðstaða og þjónusta á hafnarsvæðum miðist við þarfir og áherslur sem settar eru fram í aðalskipulaginu um atvinnumál.
- Gert verði ráð fyrir aðstöðu til ferjusiglinga um Breiðarfjörð.
- Gert verði ráð fyrir þróunarmöguleikum fyrir hafnsækna starfsemi.
- Að ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.
- Hafnarmannvirki nýtist fyrir fjölbreytta hafnsækna starfsemi.

- Hafnarsvæðin uppfylli ströngustu kröfur um umgengni og frágang. Starfsemi eins og sjávarútvegur, matvælaíðnaður og ferðaþjónusta geta þannig nýtt hreinleika og jákvæða ímynd svæðisins, sér til framtíðar.
- Samspil hafnarsvæða og elstu byggðar á Pátréksfirði og Bíldudal verði treyst með góðum umhverfisfrágangi.
- Hafnarsvæði Bíldudals verði stækkað til að rúma eftirspurn eftir lóðum undir hafnsækna starfsemi.
- Skapa frekari rými fyrir hafnsækna starfsemi innan Pátréksfjarðar.
- Byggð verði upp frekari smábátastæði við Brjánslæk.
- Markvisst verði unnið að undirbúningi á orkuskiptum í hafnsækinni starfsemi.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
H1	14,3	Pátréksfjarðarhöfn. Innan hafnarsvæðisins er einnig verslun og þjónusta ýmskonar þjónustu. Salthúsið og gámasvæði eru innan hafnarsvæðis.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi. Með niðurrífi Straumess þá skapast enn meiri möguleikar á uppbyggingu innan svæðisins. Huga ber að nálægð við miðsvæði og verndarsvæði í byggð og samspili þar á milli. Innan hafnarsvæðisins er leyfilegt að vera með aðra starfsemi en hafnsækna enda hafnir oft vinsæl ferðamannasvæði. Hlutfall annarar starfsemi 70/30. Við Eyrargötu að gömlu smiðjunni er þó heimil fjölbreyttari landnotkun samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. verslun, þjónusta og finlegri atvinnustarfsemi. Gististaðir í flokki II og III geta verið heimilir, sbr. ákvörðun í deiliskipulagi.
H2	7,9	Bíldudalshöfn	Uppbygging skv. deiliskipulagi.



			Huga ber að nálægð við verndarsvæði í byggð og samspili þar á milli sem og samþil eldri byggðar s.s. kirkju og gamla skóla og við skilgreint miðsvæði. Innan hafnarsvæðisins er leyfilegt að vera með aðra starfsemi en hafnsækna enda hafnir oft vinsæl ferðamannasvæði. Landfylling neðan Hafnarbrautar vegna uppbyggingar á miðsvæði. Hlutfall annarar starfsemi 70/30.
H3	< 5ha	Brjánslækjarhöfn. Ferjusiglingar og bátahöfn.	Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi. Huga ber að nálægð við Flókatóftir og samþil þar á milli. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
H4	<5ha	Örlygshöfn (Gjögrar)	Smábátastöð. Svigrúm fyrir endurbætur.

7.1.8 Sérstök not haf- og strandsvæða (SN)

Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

Almenn ákvæði

- Innsigling að höfnum verði greið.
- Skilgreint er svæði fyrir sérstök not haf- og strandsvæða þar sem ákveðin uppbygging er leyfileg án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
SN1	17,7	Innsigling og not innan hafnarsvæðis Patreksfjarðar.	Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, viðleguköntum, flotbryggjum og

			varnargörðum. Með reglulegu millibili þarf að dýpka höfnina og um hana liggja lagnir sem þjóna starfsemi á svæðinu.
SN2	4,1	Innsigling og not innan hafnarsvæðis Bíldudals.	Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Með reglulegu millibili þarf að dýpka höfnina og um hana liggja lagnir sem þjóna starfsemi á svæðinu.

7.1.9 Flugvellir (FV)

Almenn ákvæði

- Bíldudalsflugvöllur verði áfram meginflugvöllur svæðisins.
- Kannaður verði möguleiki á að vörur framleiddar á svæðinu verði fluttar út með beinu flugi frá svæðinu.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
FV1	10ha	Bíldudalsflugvöllur. Brautin er 940 m löng og 30 m breið. Norðurendi liggur í 26 fetum en suðurendi í 11 fetum yfir sjávarmáli. Einkennisstafir eru BIU.	Helgunarsvæði flugbrautar er innan afmörkunar landnotkunarreits, þ.e. 30 m frá miðlínu flugbrautar Svigrúm fyrir uppbyggingu tengt flugrekstri s.s. flugskýli og vélageymslur. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.



7.1.10 Vatnsveita

Almenn ákvæði

- Stefnt er að því að öll byggð í þéttbýli í Vesturbyggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.
- Sveitarfélagið þarf að hafa getu til að afhenda nægjanlegt vatnsmagn til að þjónusta fyrirtæki innan sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið þarf að þekkja afkastagetu vatnsbóla og hvort þau séu örugg eða hvort horfa þurfi til varavatnsbóla til framtíðar.
- Markvisst verði unnið að því að auka við þjónustu vatnsveitna.
- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem ógnað gætu vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Innan Vesturbyggðar er vatnsveita á Bíldudal og á Patreksfirði. Vatnsból beggja þessara veitna eru lindaruppsprettur. Vatn er geislað með UV-ljósi (útfólublá geislun) á Patreksfirði en það er talið óþarft á Bíldudal. Ekki er um eiginlega vatnsgeyma að ræða í veitunum en þó er um 100 rúmmetra steyppt þró á Patreksfirði. Miðlunartankar væru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna.

7.1.11 Hitaveita

Almenn ákvæði

- Áhersla skal lögð á endurnýjanlega orkugjafa til húshitunar.
- Tryggja að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmyndar.
- Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita og aðra orkugjafa til að hita upp húsnaði sem víðast í Vesturbyggð.

Á Patreksfirði er rafkynt hitaveita í $\frac{3}{4}$ hluta bæjarins (svokölluð R/O veita). Finnist nýtanlegur jarðhiti, þá myndi hann minnka raforkunotkun til upphitunar til muna og sú orka sem losnaði nýttist þá í annað. Jarðhitaleit hefur átt sér stað kringum Patreksfjörð án teljandi árangurs. Fundist hefur berghiti sem er hærri en svæðisstigullinn er og verður það rannsakað betur. Í besta falli gæti volgt vatn nýst sem fóður fyrir varmadælu sem að sjálfsögðu minnkar þörf á raforku til beinnar upphitunar. Ketill hitaveitunnar notar frá 1 til 2,5 MW eftir því hvort það er heitt í veðri á sumri eða mesti kuldi á vetri. Nettó sparnaður yrði því, ef nægt volgt vatn finnst, aðeins um 1,5 MW að vetri og minni að sumri. Á Bíldudal er rafhitun. Tveir möguleikar eru þar fyrir hendi. Annars vegar að virkja 20°C heitt vatn inná varmadælu eða sækja full heitt vatn, 90-100°C um 12 km langa og að hluta erfiða lagnaleið. Húshitunarmarkaður sem er vel innan við 1 MW ber ekki slíka framkvæmd. Volga vatnið yrði í samkeppni við fullheita vatnið ef eingöngu væri verið að horfa á húshitunarmarkað. Ef iðnaður kæmi til sögunnar sem þyrfti um 2 til 3 MW af hitaorku, þá gæti það skapað forsendur fyrir að virkja fullheita vatnið. Mikill kostnaður liggur í frekari rannsóknum á jarðhita við Bíldudal.

7.1.12 Fráveita

Almenn ákvæði

- Að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við þarfir samfélagsins og stefnt verði að því að mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.
- Að mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.
- Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins til framtíðar.
- Frárennislískerfi sveitarfélagsins verði kortlagt.
- Ekki er heimilt að reisa neins konar mannbústaði innan þéttbýlis né utan þess án þess að þeir séu tengdir við fráveitur eða rotþrær.
- Gert er ráð fyrir því að öll fristundahús og heimili í dreifbýli sem eru í vegasambandi, en ekki með fráveitukerfi, verði tengd viðurkenndri rotþró.



- Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Að aðilar sem skila frá sér mikið menguðu frárennsli marki sér sameiginlega stefnu í samstarfi við sveitarfélagið um að hreinsa skólp innan lóðar sem síðan er leitt út í almennt kerfi sveitarfélagsins og út í viðtaka.
- Á hafnarsvæðum séu viðeigandi síur hjá lóðarhöfum. Þar sem um matvælaframleiðslu er að ræða skulu sérstakar ráðstafanir gerðar.

Fráveitumál er stórt verkefni til framtíðar hjá öllum sveitarfélögum og er Vesturbyggð engin undantekning þar á. Í dag eru 18 fráveitulagnir sem liggja út í sjó frá Vesturbyggð. Fráveitumál í Vesturbyggð eru sambærileg í öðrum sveitarfélögum af þessari stærðargráðu og landflæmi. Nýjar kröfur í lögum eru kostnaðarsamar fyrir sveitarfélög og getur verið erfitt að átta sig á umfangi slíkra verkefna.

7.1.13 Rafveita

Almenn ákvæði

- Að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu.
- Að næg orka verði tiltæk fyrir íbúafjölgun og frekari uppbyggingu í atvinnulífi innan sveitarfélagsins.
- Að tryggð verði næg raforka og ásætlanlegt afhendingaröryggi fyrir rekstur fyrirtækja á svæðinu og einnig m.t.t. orkuskipta t.d. við hafnir.
- Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst.
- Að stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
- Að neikvæð umhverfisáhrif vegna línulagna verði lágmörkuð.
- Flutningskerfið verði styrkt.
- Hugað verði að flutningsleið á rafmagni yfir Arnarfjörð vegna byggðalínu frá Keldeyri í Breiðadal.

- Leggja skal áherslu á það að velja bestu leiðina með tilliti til afhendingaröryggis en jafnframt hlífa umhverfi við neikvæðum áhrifum. Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem það er kostur.
- Meta þarf í hverju tilviki hvort heppilegra sé að línur liggja í jörðu eða lofti. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíf eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggja meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.


Flutningskerfi raforku á Vestfjörðum samanstendur af 132 kV línu frá byggðalínuhringnum í Hrutatungu að Mjólka og þaðan liggja 66 kV línur bæði til norðurs og suðurs. Á sunnanverðum Vestfjörðum er aðveitustöð Landsnets á Keldeyri sem er í Tálknafirði, en þangað liggur ein 45 km löng 66 kV lína (TAI) frá Mjólka.

Frá Keldeyri liggja tvær 66 kV línur, önnur liggur til Patreksfjarðar og hin á Bíldudal. En Orkubú Vestfjarða á þær og rekur. Frá Patreksfirði liggur síðan löng 19 kV lína á Brjánslæk og nokkrar 11 kV línur. Tálknafjörður er einnig tengdur um Keldeyri.

Í nýútgefnum drögum að Kerfisáætlun Landsnets, kemur fram að til að styrkja flutningskerfið til sunnanverðra Vestfjarða hafi verið skoðaðar nokkrar útfærslur á nýrri tengingu inn á Keldeyri (sem er í Tálknafirði) en það er eini afhendingarstaður Landsnets á sunnanverðum Vestfjörðum. Niðurstaða þessarar skoðunar er sú að tengja saman Keldeyri og Breiðadal og mynda þar með hringtengingu Keldeyri-Breiðdalur-Mjólka, en í dag er ein lína frá Keldeyri að Mjólka og er hún 45 km löng á rekin á 66 kV. Ef af þessari tengingu verður, bætir hún afhendingaröryggi í Vesturbyggð nokkuð og truflanir á TAI ættu ekki að valda straumleysi (Landsnet, 2018).

Tafla 7. Helgunarsvæði háspennulína og -strengja

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur (lágspenna)	1 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Jarðstrengur (háspenna)	2 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Loftlína (11 kv)	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína (66 kv)	25 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína (132 kv)	35-45 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína (220 kv)	65-85 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.



Mynd 32. Rafveita í Vesturbyggð.

7.1.14 Fjarskipti

Almenn ákvæði

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í allri Vesturbyggð.
- Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- Fjölgun fjarskiptasenda í sveitarfélaginu.

Endurvarpsstöðvar útvarps og sjónvarps eru á Patreksfirði, Örlygshöfn, Selárdal og á Haganesi við Bíldudal. Ljósleiðari Símans þverar mynni Kjálkafjarðar, meðfram



Þjóðvegi á Hjarðarnesi, þverar Vatnsfjörð og kemur í land við Brjánslæk, meðfram þjóðvegi á Barðströnd, yfir Kleifaheiði, upp á Botnheiði, greinist þar niður í Patreksfjörð og Tálknafjörð, yfir Hálfán niður í Bíldudal og að Haganesi. Í gegnum Dalabyggð um Laxárdalsheiði, Búðardal og Svínadal. Ljósleiðaratenging er komin af staða eða komin á Patreksfirði, Bíldudal, Barðaströnd og fyrrum Rauðasandshreppi.

7.1.15 Sorp

Ljóst er að sorphirða og umgengni um sorp tekur sífelldum breytingum svo sem vegna loftslagsmála og aðþjóðlegra skuldbindinga. Íbúar sveitarfélagsins eru lykill að góðum árangri.

Almenn ákvæði

- Aðstaða við gámastöðvar verði sem best til flokkunar og skila á hlutum og vörum sem hægt er að endurnýta.
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki í umhverfið.
- Söfnunargámar fyrir úrgang eru heimilir í dreifbýli á öðrum svæðum en óbyggðum svæðum, hverfisverndarsvæðum, svæðum á náttúruminjasrá, friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta verndar vegna æðarvarps.
- Skilgreindir verði nýjir gá mavellir við þéttbýli.
- Horfa þarf til nýjustu lausna við skipulags sorpmála og gæta að því sveitarfélagið nái að standa undir þeim skuldbindingum sem krafa er um.
- Áhersla verði á að hægt verði að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar.

7.1.16 Orkuskipti

Stutt verði við orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu samgangna, þar sem horfa þarf til nýrra samgöngumiðstöðva og þjóðvegaleiða meðal annars með tilliti til orkuöflunar.

Almenn ákvæði

- Að stuðla að því að taka mikilvæg skref í loftslagsmálum samkvæmt 7 lið í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sjálfbær orka í stað jarðefnaeldsneytis. Minnkun á notkun jarðefnaeldsneytis bætir einnig hljóðvist sem fellur að lið 3, heilsa og vellíðan.
- Að stuðla að uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í vegasamgöngum.
- Að stuðla að orkuskiptum á sjó og fyrir stærri farartæki með því að styrkja þjónustuframboð hafna. Það verði gert með því að gera ráð fyrir hentugu svæði undir orkustöðvar fyrir vistvæna orkugjafa ætlaðar haftengdri starfsemi og stærri farartækjum á landi.
- Að stuðla að því að þrífösun til sveita nái meiri útbreiðslu og hvetja þannig til orkuskipta til sveita og í sjókvíaldi.
- Að stuðla að nægu orkuframboði til orkuskipta. Liður í því er heimild til að virkja bæjarlækinn, allt að 200 kW án þess að breyta aðalskipulagi.
- Að stuðla að auknu orkuöryggi á Vestfjörðum með öðrum aðferðum en notkun á jarðefnaeldsneyti.
- Að stuðla að nægri fræðslu og að upplýsingar um orkuskipti séu aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.
- Á skipulagstímabilinu verði skoðaðir möguleikar á stærri virkjunum sem eru ávallt háðar breytingum á aðalskipulagi.
- Horft verði einnig til annarra kosta í raforkuframleiðslu til að tryggja raforkuöryggi á svæðinu.
- Stutt verði við rannsóknir og nýsköpun hvað varðar nýja orkugjafa.
- Horft verði til skýrslu Vestfjarðastofu um smávirkjunarkosti til stuðnings við ákvarðanatöku um smávirkjanir á svæðinu.





Vesturbyggð

Aðalskipulag 2018-2035

Forsendur og umhverfisskýrsla



Vesturbyggð

Aðalskipulag 2018-2035



LANDMÓTUN.

Forsíðumynd: Landmótun sf

Efnisyfirlit

1	FORSENDUR	8
1.1.	STAÐHÆTTIR.....	8
1.2.	JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG	8
1.2.1.	Berggrunnur og laus jarðefni	8
1.2.2.	Setlög	9
1.2.3.	Megineldstöðvar.....	9
1.2.4.	Ísöld.....	9
1.2.5.	Jarðmyndanir frá nútíma	9
1.2.6.	Jarðhiti og nýting hans	10
1.2.7.	GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI.....	10
1.3.	GRÓÐURFAR	11
1.4.	LOFTLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF.....	12
1.5.	DÝRALÍF	14
1.5.1.	Fuglar	14
1.5.2.	Selur.....	14
1.5.3.	Refur og minkur	15
1.5.4.	Lax- og silungsveiði	15
1.6.	NÁTTÚRUMINJAR	15
1.6.1.	Friðlýst svæði	15
1.6.1.	Svæði á náttúruminjaskrá.....	16
1.6.2.	Sérstök vernd	17
1.7.	NÁTTÚRUVÁ.....	18
1.8.	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	18
1.8.1.	Íbúafjöldi	18
1.8.2.	Mannfjöldaspá	19
1.8.3.	Kynjaskipting og aldursdreifing	19
1.9.	ÍBÚÐIR OG HÚSAGERÐIR	21
1.10.	ALDUR HÚSA.....	22
1.11.	ATVINNA	22
1.11.1.	Vinnusóknarsvæði.....	22
1.11.2.	Veiðar og vinnsla.....	23
1.11.3.	Eldi og ræktun	23
1.11.1.	Landbúnaður	24
1.11.1.	Atvinnutekjur.....	24

1.11.2.	Ferðajónusta.....	25
1.12.	SAMFÉLAG	25
1.12.1.	Skólar í Vesturbyggð	25
1.12.2.	Íþróttastarfsemi	26
1.12.3.	Ráðhús og þjónustumiðstöðvar.....	27
1.13.	SAMGÖNGUR.....	27
1.13.1.	Almenningssamgöngur	27
1.13.2.	Hafnir.....	28
2	UMHVERFISSKÝRSLA	28
2.1	MATSKYLDA	28
2.2	MATSFERLI	28
2.3	ÁHRIFAPÆTTIR.....	29
2.4	TENGL UMHVERFISMATS OG SKIPULAGSVINNU	30
2.5	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	30
2.5.1.	Landsskipulagsstefna	30
2.5.1.	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.....	33
2.5.2.	Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga	35
2.5.3.	Samgönguáætlun og vegaáætlun	36
2.5.4.	Náttúruverndaráætlun.....	36
2.5.5.	Kerfisáætlun	36
2.5.6.	Aðrar svæðisbundnar áætlanir og áætlanir sveitarfélagsins	37
2.6	UMHVERFISVIÐMIÐ	37
2.7	VÆGI	40
2.8	ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI	41
3	UMHVERFISMAT	41
3.1.1.	Þétting byggðar og fækkun íbúðarreita frá gildandi aðalskipulagi.....	41
3.1.2.	Valkostir	43
3.1.3.	Samantekt niðurstöðu	43
3.1.4.	Athafnasvæði Haganesi	Error! Bookmark not defined.
3.1.5.	Valkostir	Error! Bookmark not defined.
3.1.6.	Samantekt niðurstöðu	Error! Bookmark not defined.
3.1.7.	Mótorkrossbraut í Mikladal	44
3.1.8.	Valkostir	45
3.1.9.	Samantekt niðurstöðu	45
3.1.10.	Fjölgun efnistökusvæða	45
3.1.11.	Valkostir	47
3.1.12.	Samantekt niðurstöðu.....	47

3.1.13.	Færsla á skólasvæði á Bíldudal á landfyllingu við íþróttahús.....	48
3.1.14.	Valkostir	49
3.1.15.	Samantekt niðurstöðu.....	49
3.1.16.	Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í landi Hóls	49
3.1.17.	Valkostir	51
3.1.18.	Samantekt niðurstöðu.....	51
3.1.19.	Þverun Bíldudalsvogs og færsla á aðkomu inn í Bíldudal og færsla á aðkomu inn í Patreksfjörð 51	
3.1.20.	Valkostir	53
3.1.21.	Samantekt niðurstöðu.....	53
4	VESTFJARÐAVEGUR ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR	54
5	MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN.....	62
6	MATSFERLI OG SAMRÁÐSAÐILAR	62
7	HEIMILDIR	63

MYNDASKRÁ

Mynd 1.	Afmörkun sveitarfélagsins Vesturbyggðar.....	8
Mynd 2.	Jarðfræðikort af hluta Vestfjarða. (Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands)	10
Mynd 3.	Jarðhiti, borholur á sunnanverðum Vestfjörðum. (Heimild: Orkustofnun Íslands.	10
Mynd 4.	Vatnból á sunnanverðum Vestfjörðum. (Heimild: Orkustofnun Íslands).....	11
Mynd 5.	Útbreiðsla birkiskóga. (Heimild: Skógrækt ríkisins).....	12
Mynd 6.	Þróun íbúafjölda í Vesturbyggð og spá til ársins 2031.	18
Mynd 7.	Aldursdreifing í Vesturbyggð árið 2017.	19
Mynd 8.	Hlutfall erlendra ríkisborgara í Vesturbyggð, þróun 2009-2017.	19
Mynd 9.	Erlend ríkisföng í Vesturbyggð árið 2017.	20
Mynd 10:	Húsagerðir á Patreksfirði og Bíldudal árið 2017.....	21
Mynd 11.	Vinnusóknarsvæði samkvæmt Bygðastofnun.	22
Mynd 12.	Afli eftir löndunarhöfnum í Vesturbyggð árið 2017.	23
Mynd 13.	Skip og bátar í Vesturbyggð eftir heimahöfn árið 2017.	23
Mynd 14.	Hlutfall erlendra ferðamanna á Vestfjörðum árið 2017.....	24
Mynd 15.	Yfirlit yfir fjölda fyrirtækja í Vesturbyggð árið 2017.	25

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Yfirlit yfir samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar 1. janúar 2018 borið saman við landið í heild (Hagstofa Íslands, 2018).....	20
Tafla 2. Íbúðagerðir í Vesturbyggð árið 2018.....	21
Tafla 3 Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu	39
Tafla 4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.....	40



Mynd 1. Afmörkun sveitarfélagsins Vesturbyggðar.

1 FORSENDUR

1.1. STAÐHÆTTIR

Sveitarfélagið Vesturbyggð er á sunnanverðum Vestfjörðum og varð til við sameiningu Barðastrandahrepps, Bíldudalshrepps, Patrekshrepps og Rauðasandshrepps árið 1994. Innan sveitarfélagsins eru tveir þéttbýlisstaðir, Bíldudalur og Patreksfjörður og byggðarkjarninn Birkimelur á Barðaströnd. Sveitarfélagið er um 1336 km² að flatarmáli og þar af er land ofan 200 my.s. um 962 km².

1.2. JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG

Vestfjarðakjálkinn hlóðst upp fyrir um 13-16 milljónum árum í mildu veðurfari tertíertímans þegar meðalhitinn var 5-10°C hærri en hann er í dag og frost voru fátíð. Á þeim tíma var frostveðrun lítil sem engin og vatn átti sér auðvelda leið niður í dropin hraunlögin. Roföflin voru máttlítil og síendurtekin sprungugos hlóðu upp hraunlagastafla sem mynduðu Vestfjarðakjálkann. Menjar um slík gos koma fram við veðrun sem berggangar sbr. Reiðskörð á Barðaströnd. Jarð-lögum má skipta í þrennt eftir aldri og gerð; i) tertíer jarð-laga-staflinn sem er eldri en 3milj. ára, ii) jarð-lög frá ís-öld, 3 millj. til 10 þús. ára iii) og loks jarð-lög frá nú-tíma yngri en 10 þús. ára.

1.2.1. Berggrunnur og laus jarðefni

Elsta bergið á Vestfjörðum og um leið elsta berg landsins er að finna á ystu annesjum frá Kópi í Vesturbyggð að Kögri og er það um 15-16 milljón ára gamalt. Berggrunnur á svæðinu er að mestu blágrýti (basalt). Jarðlagastaflinn er myndaður úr hraunlögum og á milli þeirra eru oft þunn og rauðbrunnin setlög, sem eru að uppruna forn jarðvegur. Basalthraunlögum hollar víðast hvar til austurs og suðausturs. Þessi jarðlagaskipan kemur víða skýrt fram við strendurnar og tilkomumest er hún í Heiðnukinn á Látrabjargi 441 m háu strandbjargi.

1.2.2. Setlög

Þó að eldvirkni hafi verið nær stöðug, þá hafa komið tímabil þar sem dregið hefur niður í henni. Þá hafa myndast þykk setlög, sem rekja má um langan veg. Í setlögum ber mikið á vatnaseti með plöntusteingervingum; surtarbrandi og blaðförum. Surtarbrandur ber vitni um gróður, en hann er leifar mómyra og skóga sem lent hafa undir hraunlögum og kolast. Surtarbrand er víða að finna á svæðinu og var fyrrum nýttur sem eldsneyti. Í Stálfjalli milli Rauðasands og Barðastrandar er gömul surtarbrandsnáma sem unnið var úr á heimsstyrjaldarárunum fyrri en lagðist niður í styrjaldarlok.

1.2.3. Megineldstöðvar


Á Vestfjörðum sjást ummerki um nokkrar megineldstöðvar en þær eru allar utan skipulagssvæðisins. Þær elstu voru virkar fyrir um 13-14 milljónum ára en sú yngsta er um 8 milljón ára.

1.2.4. Ísöld

Landslag á svæðinu einkennist mjög af rofi jökla en þeir surfu í fyrstu ofan af hraunlagastaflanum. Í sprungum í skriðstefnu jöklanna hófu jöklarnir að mynda farvegi sem leiddi til myndunar U-laga dala og fjarða sem einkennir mjög svæðið. Eftir því sem jöklarnir dýpkuðu hættu þeir að mestu að sverfa sjálfa hásléttuna en hafði þó tekist áður að skafa allt að 300 m ofan af henni. Enn er þó hásléttan góður minnisvarði um landslagið eins og það var áður en ísöldin gekk í garð. Óvíst er að jöklar hafi hulið allt land á jökulskeiðum ísaldar. Á Vestfjörðum mun sjálft Vestfjarðahálendið, þ.e. Glámusvæðið hafa verið þakið jökulskildi og frá því runnið skriðjöklar niður alla dali og út í Breiðafjörð, en skagar og múlar þar fyrir utan verið að mestu jökulvana.

1.2.5. Jarðmyndanir frá nútíma

Á ísöld fergðu jöklar landið og seig það undan farginu. Þegar jöklar bráðnuðu í ísaldarlok fyrir um 10 þús árum hækkaði hraðar í sjónum sem nam landlyftingu og var sjávarstaða því allt að 100m hærra en hún er í dag. Þá hafa engar eyjar verið á Breiðafirði. Víða má sjá malarhjalla inn til landsins sem eru í raun sjávarkambar frá þessum tíma. Þessar strandmyndanir eru einkum áberandi í Mikladal í Patreksfirði í 65 m



Mynd 2. Jarðfræðikort af hluta Vestfjarða. (Heimild. Náttúrufræðistofnun Íslands)



Mynd 3. Jarðhiti, borholur á sunnanverðum Vestfjörðum. (Heimild Orkustofnun Íslands.)

hæð yfir sjávarmáli. Aðrar mjög einkennandi jarðmyndanir frá nútíma eru eyrar. Á svæðinu er undirlendi mjög lítið en eftir að síðasta kuldaskiði lauk mynduðust víða eyrar sem út í firðina þar sem hafaldan flutti með sér bergmylsnu sem hún hafði brotið og efnið síðan sest til á grynningum eða á straumamótum eða þar sem á hefur runnið þvert á fjörðinn og myndað óseyri.

Grjótskriður eru áberandi landslagsmyndanir á svæðinu en þær hylja á stórum svæðum neðri hluta fjallshlíðanna og eru oft grónar hið neðra en berar þegar ofar dregur. Aurkeilur er framburður sá kallaður, sem safnast fyrir framan gilskorninga og annars staðar þar sem ár sleppa framburði sínum og sjást þær víða.

1.2.6. Jarðhiti og nýting hans

Jarðvarmasvæðum hér á landi er skipt niður í lághitasvæði og háhitasvæði. Á skipulagssvæðinu er lághitasvæði að finna í Tálknafirði, Fossfirði, Reykjafirði og svo á Barðaströnd. Á þessum svæðum er að finna fjölda af laugum og volgrum. Minni jarðvarmasvæði eru í Mikladal í Patreksfirði og inn af Bíldudal.

Þrátt fyrir háan aldur berggrunnsins á svæðinu er holufylling í hraunlagastaflanum tiltölulega lítil. Ennfremur eru sprungur opnari en gengur gerist í bergi af sambærilegum aldri. Þetta veldur því að á svæðinu frá Arnarfirði og suður að Bjargtöngum er berggrunnurinn víða það lekur að umtalsvert magn af köldu og hálfvolgu vatni á greiðari leið um hann. Lindir eru því algengari á þessu svæði en annars staðar á Vestfjörðum og ár hafa víða skýr lindaréinkenni¹. Á þessum sömu slóðum er nýtanlegt grunnvatn einnig á stöku stað að finna í lausum jarðlögum s.s. í áreyrum og berghlaupum og á nokkrum stöðum er hugsanlegt að jarðsjór finnist í vinnanlegu magni.

1.2.7. GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Fyrir liggur skýrsla frá Orkustofnun um heitt og kalt vatn á suðurfjörðum Vestfjarða. Samkvæmt henni eru helstu vatnsból Patreksfjarðar um 2 km inn á Mikladal í 90 m.

¹ Jón Gauti Jónsson, Vesturbyggð og Tálknafjörður, Jarðfræði, 2004



Mynd 4. Vatnból á sunnanverðum Vestfjörðum. (Heimild: Orkustofnun Íslands)

y.s. Vatnið kemur úr jökulurð en er vafalítið ættuð úr berggrunnum. Vatnsmagnið er óþekkt en framhjárennsli var um 1 l/s er mælingar voru gerðar og vatnshitinn

mældist 3,1 °C. Utan við vatnsbólið koma allvíða lindir úr urðinni og hitinn var 3,9-4,5 °C og vatnsmagn um 10 l/s.

Helstu lindasvæði á Bíldudal eru að niður frá Búðargili ofan við byggðina er mikil skriðukeila en í henni er elsta vatnsból staðarins og er þar gamall vatnsgeymir í um 40 m hæð. Innrennslið í hann þegar hann var skoðaður 1987 um 10 l/s. Á Hnjúksdal eru víða lindir og þangað hafa Bílddælingar sótt vatn sitt frá 1965. Flest lindasvæðin virðast koma fram á lagamótum í blágrýtisstaflanum á skilum milli gropinna og lítt holufylltra hraunlaga ofar og þéttari hraunlaga með holufyllingum neðar. Á þessu svæði eru 6 lindasvæði sem eru í 60-200 m hæð og alls eru þarna 100-150 l/s af lindarvatni við venjulegar veðurfarsaðstæður.²

1.3. GRÓÐURFAR

Í Vesturbyggð er láglandi víða mjög vel gróíð, en hlíðar eru skriðurunnar, og gróður nær skammt upp eftir þeim. Samfelld svæði með mosapembu finnast á hæðum og upp til fjalla og eftir því sem ofar dregur verður gróðurþekja mun gisnari og við tekur bersvæðisgróður og ógróíð land. Ef tekið er mið af hæð yfir sjó þá má segja að algróíð land nái upp í 200 m hæð, hálfgróíð land er aðallega á hæðarbilinu 200-400 m, en ofar er lítill gróður. Gróðurfur á Vestfjörðum er um margt ólíkt því sem gerist annars staðar á Íslandi. Nokkrar sjaldgæfar tegundir plantna finnast aðeins á Vestfjörðum. En sérkenni gróðurfarsins byggist þó fyrst og fremst á fjölbreytni landslagsins, árvissum snjóalögum og litlu beitarálagi þar sem bændur höfðu oft lítinn búpening.

Birkikjarr er algengt og skýr dæmi um það á skipulagssvæðinu eru Vatnsfjörður og Geirþjófsfjörður. Á mörgum stöðum má sjá myndarleg reynitré standa upp úr lágvöxnu kjarrinu en einnig mynda þessar tvær tegundir samfellda skóga eins og í

² Orkustofnun, Suðurfirðir Vestfjarða og Barðaströnd – heitt og kalt vatn, 1990



Mynd 5. Útbreiðsla birkiskóga. (Heimild: Skógrækt ríkisins)

Vatnsfirði. Líklega er hvergi í birkiskógum og kjarrlendi Íslands hærra hlutfall af villtum reyniviði en í Vatnsfirði. Ekki er til opinber íslensk skilgreining á því hvað telst vera birkiskógur. Í skýrslunni vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga (Umhverfisstofnuneytið, 2007) eru settar fram tillögur um stefnu Íslands varðandi birkiskóga. Birki er eina trjátegundin sem myndar náttúrulegan skóg á Íslandi. Birkiskógar veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Þeir binda kolefni úr andrúmslofti þegar þeir eru í vexti og þar sem þeir breiðast út um skóglaut land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi, ekki síst í jarðvegi. Í flestum birkiskógum landsins eru trén á svipuðum aldri eða um 60–80 ára. Skógarnir eru yfirleitt nokkuð þéttir sem er til marks um að þeir hafi flestir vaxið upp í kjölfar skógarhöggs á öndverðri 20. öld og/eða eftir að vetrararbeit var hætt. Árið 2015 lauk kortlagningu birkiskóga hérlandis og sýndu niðurstöður fram á að 1,5% landsins var þakið birki, eða 1.506 ferkílómetrar. Flatarmál þess hafði þá aukist um tæp 10% frá árinu 1989, alls um 130 ferkílómetra.

Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni mælist flatarmál náttúrulegu birkiskóganna í Vesturbyggð 8.687 ha og ræktaðs skóglendis 267 ha. Skóglendi þekur því 6,7% af flatarmáli sveitarfélagsins alls, eða 9,7% neðan 400 m.y.s., sem er verulegt á íslenskan mælikvarða. Gott berjaland er víða um í Vesturbyggð. Árviss snjóalög hlífa aðalbláberjalynginu og fleiri viðkvæmum tegundum, s.s. skollaberjum og burknum. Brattar fjallshlíðar eru skriðurunnar og teygja gras- og lyngflákar sig upp eftir skriðunum í bland við loðvíði og birkikjarr.

1.4. LOFTLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF

Í janúar 2018 kom út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi (Halldór Björnsson o.fl., 2018). Skýrslan var unnin af vísindanefnd um loftslagsbreytingar fyrir umhverfisstofnuneytið. Þar er fjallað um súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá, samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa. Jafnframt er fjallað um áhrif hlýnunar síðustu áratuga og áhrif hennar

á náttúrufar á landi og í hafinu við Ísland. Sambærileg skýrsla kom út árið 2008 (Halldór Björnsson o.fl., 2008).

Í samantekt á nýju skýrslunni segir:

- Frá aldamótum og fram að miðbiki aldarinnar er líklegt að hlýni um 1.3 - 2.3°C á landinu og hafsvæðinu umhverfis það. Umfang hlýnunar ræðst af losun gróðurhúsalofttegunda og ef hún verður mikil getur hlýnun til loka aldarinnar náð 4°C.
- Bráðnun og þynning jökla veldur landrasi og umfangsmiklum breytingum á vatnafar á jaðri þeirra. • Hlýnun hefur aukið afrakstur ræktarlands og trjávöxt, en á móti kemur að ýmsir skaðvaldar gróðurs hafa orðið meira áberandi.
- Á hnattræna vísu er súrnun sjávar hvað örust í hafinu nærri Íslandi og því líklegt að neikvæð súrnun komi því fyrr fram hér.
- Breytingar á ástandi sjávar hafa haft veruleg áhrif á vistkerfi sjávar sem skýrir að hluta breytingar í stofnstærð og útbreiðslu sumra uppsjávarfiska, sérstaklega loðnu, makríls og sandsílis.
- Sjávarstöðu- og úrkomubreytingar hafa áhrif á fráveitur og ofanvatnskerfi, og veruleg þörf er á aðlögun slíkra kerfa.
- Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga, og ólíkt nágrannabjóðum er ekki til landsáætlun í þeim efnum.

1.5. DÝRALÍF

Á skipulagssvæðinu liggja mestar rannsóknir á dýralífi fyrir á Breiðafirði og á Látrabjargi og á það einkum við fuglalíf.

1.5.1. Fuglar

Látrabjarg er stærsta fuglabjarg landsins og jafnframt hið stærsta við norðanvert Atlantshaf. Bjargið er um 14 km langt og tæplega 450 m hátt þar sem það er hæst. Mönnum telst svo til að í Látrabjargi verpi allt að einni milljón fugla af ýmsum tegundum. Þarna verpa allar tegundir svartfugla, sem halda til við Íslandsstrendur, að haftyrdli undanskildum. Þess má einnig geta að við rætur Látrabjargs er mesta samfellda álkubyggð veraldar. Auk svartfugla ber mikið á fýl og ritu. Allmikið æðarvarp er í Örlygshöfn og fjöldi vaðfugla og sjófugla niðri í vikunum. Margt votlendisfugla er í Breiðavík og þá er í Látravík óvenju mikið um sandlóu. Þegar ofar dregur ber einkum á snjótittlingi. Á sumrin er fuglalíf einkar auðugt í Vatnsfirði enda víðáttumiklar leirur fyrir landi. Á fartíma bætist í hóp innlendra varpfugla aragrúi hánorrænna farfugla sem hefur hér viðdvöl. Lífríkar leirur Vatnsfjarðar eru meðal mikilvægustu fæðuöflunarsvæða hérlandis fyrir fjölmargar fuglategundir. Mest ber á vatna- og votlendisfuglum. Meðal þeirra eru straumendur, lómar og himbrimar. Hafernir verpa einnig í grenndinni.

Í Bæjarvaðli eru miklar og tegundaauðugar leirur og á svæðinu frá Látrabjargi að Rauðasandi hafa 45 tegundir orpið, þar á meðal sjö tegundir á valista: Himbrimi, grágæs, straumönd, fálki, svartbakur, stuttnefja og hrafn.

Fuglalíf við Breiðafjörð er fjölbreytt og er talið að 37 tegundir verpi reglulega í Breiðafjarðareyjum.

1.5.2. Selur

Landselur og útselur kæpa á skerjum um allan Breiðafjörð og hafa gert frá örófi alda. Talning á fjölda landsela bendir til þess að á Breiðafirði séu 6-8 þúsund dýr eða 15-20% heildarfjölda stofnsins við Ísland. Einnig er mikið af sel á Rauðasandi. Einnig

má finna landsel innanfjarða á hólum og skerjum á skipulagssvæðinu og útseli eru mest áberandi á skerjum og útkjálkum fyrir opnu hafi á skipulagssvæðinu.

1.5.3. Refur og minkur

Refir eru víðast upp til fjalla og heiða. Þeir hafa leitað í varplönd við strendur og eyjar næst landi, en hafa ekki átt þar fasta búsetu. Minkur finnst nokkuð víða og rottur og mýs fylgja oftast byggðu bóli en hefur verið útrýmt í eyjum á Breiðafirði.

1.5.4. Lax- og silungsveiði

Mikill fjöldi straumvatna er að finna á skipulagssvæðinu eins og á öllum Vestfjörðum, enda þótt ekki sé um neinar stórar að ræða. Í þeim er nær óteljandi fjöldi fossa sem falla niður af hásléttunni, oft í stórbrotnum giljum og gljúfrum. Engin stór vötn eru innan skipulagssvæðisins en hins vegar er fjöldinn allur af smærri vötnum, tjörnum og sjávarlónum. Stærsta vatnið er Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði og er það 2,2 km² að stærð. Veiði er í mörgum þeirra. Í ánum er víðast hvar silungsveiði og lax í þeim stærri.

1.6. NÁTTÚRUMINJAR

Í skipulagssvæðinu eru tvö náttúruverndarsvæði og 9 svæði á náttúruminjaskrá. Þessi svæði eru öll auðkennd á skipulagsupprætti.

1.6.1. Friðlýst svæði

Þrjú friðlýst svæði eru í Vesturbyggð en ekkert í Tálknafjarðarhreppi. Eru þetta svæðin Breiðafjörður, Vatnsfjörður og Surtarbrandsgil.

Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
Breiðafjörður	Á verndarsvæði Breiðafjarðar er fjölbreytt náttúrufer, svo sem auðugt og mikið lífríki, ýmsar gerðir jarðmyndana og breytilegar	

	landslagsgerðir. Þar við bætist breytileiki landslags sem fyrst og fremst verður vegna mismunar á flóði og fjöru.	
Vatnsfjörður	Náttúrulegir reyniviðar og birkiskógar sem breiða úr sér frá flæðarmáli og langt uppá heiðar er einkenni Vatnsfjarðar. Skógurinn ásamt víðáttumiklum leirum eru búsvæði fjölskrúðugs lífríkis. Vinsælt svæði til útivistar.	Brjánslækur
Surtafjörðsgil	Í gílinu er að finna í millilögum, einkum surtafjörð og leirlögum, steingerðar leifar gróðurs sem klæddi landið á tertíer-tímabili.	Brjánslækur

1.6.1. Svæði á náttúruminjaskrá

Í Vesturbyggð eru eftirtalin svæði á náttúruminjaskrá. Lýsingar á svæðunum eru teknar orðrétt úr texta skrárinnar³.

Nr.	Lýsing /núverandi ástand	Skipulagsákvæði
ÖN1	Kjálkafjörður. <i>Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.</i>	Taka skal tillit til verndargildis svæðanna við alla ákvarðanatöku um nýtingu. Um svæðin gilda ákvæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
ÖN2	Seljargil í Vaðalsdal. <i>Jarðlög með blaðföllum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtafjörð og leifum blaða og aldina frá tertíer.</i>	
ÖN3	Bæjarvaðall. (1).Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rífi og Melanesrífi. (2) Víðáttumiklar,	


³ <http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/nr/296,2018>

	<i>rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi.</i>	
ÖN4	<i>Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.</i>	
ÖN5	<i>Hafnarvaðall í Örlygshöfn(1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.</i>	
ÖN6	<i>Þórislíðarfjall(1) Setlög með blaðförum í Þórislíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlandis á tertier.</i>	
ÖN7	<i>GeirþjófsfjörðurFjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.</i>	
ÖN8	<i>SauðeyjarFagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.</i>	
ÖN9	<i>Ketildalir í ArnarfirðiSérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníptrar hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.</i>	

1.6.2. Sérstök vernd

Náttúrufyrirbæri sem falla undir sérstaka vernd viskerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: a. Votlendi 20.000 m² eða stærri. Stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² eða stærri. Sjávarfitjar og leirur b. Vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra



Mynd 6. Þróun íbúafjölda í Vesturbyggð og spá til ársins 2031.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.: a. Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar frá nútíma b. Fossar og nánasta umhverfi þeirra. Hverir og heitar uppsprettur, lífríki þeirra, ummyndun og útfellingar.

1.7. NÁTTÚRUVÁ

Gerð hefur verið úttekt á hættusvæðum á þéttbýlisstöðunum Patreksfirði og Bíldudal á skipulagssvæðinu. Ljóst er að skipulagssvæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða, en vitað er um að á ýmsum svæðum er töluverð hættu vegna snjóflóða og skriðufalla.

Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka:

- Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.


* Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrku einbýlishúsi.

1.8. ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ

1.8.1. Íbúafjöldi


Fjölgun íbúa í Vesturbyggð er ein af forsendum endurskoðunar aðalskipulags og er það mikill viðsnúningur frá því þegar unnið var að Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 þegar sveitarfélagið barðist við fólksfækkun. Íbúar í Vesturbyggð voru 1030 árið 2017 og hafði fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2011. Íbúafjöldi hefur aukist bæði á Bíldudal og Patreksfirði en árið 2012 voru íbúar á Patreksfirði 636 en í byrjun árs 2017 voru þeir orðnir 687 talsins. Árið 2012 voru íbúar á Bíldudal 168 árið en í byrjun árs 2017 voru þeir orðnir 222 talsins.

MANNFJÖLDI Í VESTURBYGGÐ OG HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA 2009 -2017



Mynd 8. Hlutfall erlendra ríkisborgara í Vesturbyggð, þróun 2009-2017.

ALDURSDREIFING



Mynd 7. Aldursdreifing í Vesturbyggð árið 2017.

1.8.2. Mannfjöldaspá

Íbúapróun í Vesturbyggð hefur verið nokkuð sveiflukennd og samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru þeir flestir við stofnun sveitarfélagsins, tæplega 1.400 og fæstir 2011 þegar íbúafjöldinn fór niður fyrir 900 einstaklinga. 2017 voru íbúar í Vesturbyggð 1.030 en hafði fækkað niður í 1.024 í byrjun árs 2018. Hlutfallsleg fjölgun í Vesturbyggð frá árinu 2009 hefur verið mikil eða um 1,45% og ef sú fjölgun heldur áfram má gera ráð fyrir að íbúar í Vesturbyggð verði orðnir um 1.300 árið 2035. Þar sem þó nokkrar sveiflur hafa verið á íbúafjölda var gerð lágspá fjölgun íbúa um 0,5% og meðalspá fjölgun íbúa um 1%.

1.8.3. Kynjaskipting og aldursdreifing


Skipting kynja í sveitarfélaginu er mismunandi eftir eftir aldurshópum en körlum hefur fjölgað meira en konum í sveitarfélaginu síðustu ár. Karlar á aldrinum 19-67 ára eru mun fleiri en konur en á sama aldursbili. Börnum hefur fjölgað mikið og á Bíldudal hefur fjölda barna á grunnskólaaldir tvöfaldast á tíu árum. Á Patreksfirði voru einstaklingar 18 ára og yngri 162 talsins árið 2011 en 184 talsins í upphafi árs 2018. Ein helsta ástæða fjölgunar íbúa er aukin atvinnutækifæri.

Þróun íbúafjölda og kynjaskiptingar í dreifbýli og þéttbýli í Vesturbyggð hefur verið nokkuð í takt hvað varðar fjölgun en hvað varðar kynjaskiptingu þá er meiri munur á milli kynja í dreifbýli en í þéttbýli. Íbúar í dreifbýli Vesturbyggðar voru 85 árið 2009 en voru 117 árið 2018 þar af eru karlar 65 á móti 52 konum.

Þann 1. janúar 2017 bjuggu 877 einstaklingar í Vesturbyggð með íslenskt ríkisfang, en 153 sem hafa erlent ríkisfang (Hagstofa Íslands, 2018).

Skiptingin er nokkuð jöfn milli karla og kvenna hvað Íslendingana varðar, eða 455 karla og 422 konur (Hagstofa Íslands, 2018).

Á mynd 9 sést að Pólverjar eru lang fjölmennasti hópur íbúa Vesturbyggðar sem hafa erlent ríkisfang, eða 57 karlar og 42 konur. Aðrar þjóðir eru mun fámennari, eða innan við tíu manns hver fyrir sig (Hagstofa Íslands, 2018). Nefna ber hér að tölur Hagstofunnar eiga við um íbúa sem hafa fasta búsetu í sveitarfélaginu og ekki



Mynd 9. Erlend ríkisföng í Vesturbyggð árið 2017.


er víst að farandverkamenn (svo sem fólk sem vinnur tímabundið við ferðaþjónustu) teljast hér með.

Í töflu 1 má sjá samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar samkvæmt tölum og skilgreiningu Hagstofu. Hlutdeildin er áþekk fyrir flesta flokka Hagstofu fyrir landið í heild sinni en hlutfallslega færri íbúar í Vesturbyggð eru í óvígðri sambúð með börn, 2 prósentum færri (Hagstofa Íslands, 2018).


Tafla 1. Yfirlit yfir samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar 1. janúar 2018 borið saman við landið í heild (Hagstofa Íslands, 2018)

Vesturbyggð	Fjöldi	Vesturbyggð %	Landið allt %
Einstaklingar	345	33	32
Hjónaband án barna	190	18	19
Hjónaband með börnum	277	27	26
Óvígð sambúð án barna	34	3	2
Óvígð sambúð með börnum	103	10	12
Karl með börn	7	1	1
Kona með börn	74	7	8
Samtals	1030		

HÚSAGERÐIR BÍLDUDALUR



HÚSAGERÐIR PATREKSFJÖRÐUR



Mynd 10: Húsagerðir á Patreksfirði og Bíldudal árið 2017.


1.9. ÍBÚÐIR OG HÚSAGERÐIR

Innan þéttbýlis í Vesturbyggð (Bíldudals og Patreksfirði) var fjöldi íbúða 532 árið 2018 en lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði í mörg ár. Reist var þó 8 íbúða hús við Tjarnarbraut á Bíldudal árið 2018.

Tafla 2. Íbúðagerðir í Vesturbyggð árið 2018.

ÁR	FJÖLDI	EINBÝLI	TVÍBÝLI	3-6 ÍBÚÐIR	6-12 ÍBÚÐIR	13 ÍBÚÐIR	ÍBÚÐIR EKKI ÍBÚÐARHÚ
2010	540	343	124	20	31	0	22
2011	537	344	122	20	31	0	20
2012	534	342	122	20	31	0	19
2013	534	336	118	24	37	0	19
2014	531	334	112	21	45	0	19
2015	528	334	112	20	45	0	17
2016	524	331	110	20	45	0	18
2017	524	331	110	20	45	0	18
2018	532	331	110	20	46	0	18

Flest íbúðarhúsin á Patreksfirði og Bíldudal eru einbýlishús á einni til tveimur hæðum og íbúðir frekar stórar. Fjöldi íbúð/íbúð á Patreksfirði er 2,2, 1,8 á Bíldudal og 2,0 í sveitarfélaginu í heild sinni.



Mynd 11. Vinnusóknarsvæði samkvæmt Bygðastofnun.

1.10. ALDUR HÚSA

Lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á síðustu árum og áratugum á sunnanverðum Vestfjörðum. Flest hús innan þéttbýlis eru byggð á árunum 1960-1990. Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á því hvers konar húsnæði er þörf fyrir, byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma. Undirlendi er lítið og byggingarland takmarkað.

1.11. ATVINNA

1.11.1. Vinnusóknarsvæði

Í Vesturbyggð eru tveir megin byggðakjarnar, Patreksfjörður og Bíldudalur. Þessir tveir megin byggðakjarnar ásamt Tálknafirði eru skilgreindir sem hluti af sama vinnusóknarsvæði samkvæmt Bygðastofnun. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða eru ákveðin af Bygðastofnun. Með tilliti til byggðapróunar eru svæði til daglegrar vinnusóknar mikilvæg svæði. Innan svæðanna ferðast fólk daglega milli heimilis og vinnustaðar. (Bygðastofnun, 2014).

Í skilgreiningu Bygðastofnunar fyrir það hvernig vinnusóknarsvæði eru ákvörðuð er miðað við þéttbýlisstaði með 200 íbúa og fleiri og eru sum svæði sem skarast sameinuð. Byggðakjarnarnir innan Vesturbyggðar og Tálknafjörður eru skilgreindir sem eitt vinnusóknarsvæði skv. Bygðastofnun.

Í lýsingu Bygðastofnunar um vinnusóknarsvæði er „Patreksfjörður“ samheitið yfir svæði nr. 5, sunnanverða Vestfirði, og þar segir: „Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á sunnanverðum Vestfjörðum, Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Frá Patreksfirði er dagleg vinnusókn suður á Rauðasand“ (Bygðastofnun, 2014, bls. 2).

1.11.2. Veiðar og vinnsla



Mynd 12. Afli eftir löndunarhöfnum í Vesturbyggð árið 2017.



Mynd 13. Skip og bátar í Vesturbyggð eftir heimahöfn árið 2017.


Fiskveiðar eru aðallega stundaðar í dag frá þéttbýlisstöðunum Patreksfirði, og Bíldudal. Í Vesturbyggð eru einnig kunnar verstöðvar, sem útræði var stundað frá í alda raðir. Þekktastar eru verstöðvarnar í Víkum vestan Látrabjargs þ.e. Látravík, Breiðavík og Kollsvík, en einnig var útræði frá Láturdal og Hænuvík og kunn verstöð var í Verdölum milli Selárdalsfjalls og Kóps. Sjósókn og fiskvinnsla er ein af grunnstöðum atvinnu í sveitarfélaginu og byggðust þéttbýlin Patreksfjörður og Bíldudalur upp í kringum útgerð, hafnarstarfsemi sem og verslun. Fiskveiðar hafa verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetu á svæðinu. Nálægð við gjöful fiskimið og verkkunnátta í landi skapaði Vestfjörðum sérstöðu með öflugum sjávarútvegsbyggðum.

Talsverðar breytingar hafa orðið síðustu áratugi í sjávarútvegi vegna breytinga í aflaheimildum og aukinnar tæknivæðingar í veiðum og vinnslu. Störf í greininni eru færri en áður og umsvif tengd þjónustugreinum hafa dregist saman. Þó hafa nýjar greinar fyllt í skarðið að einhverju marki, s.s. eldi og vinnsla á aukaafurðum. Uppbygging í fiskeldi hefur einnig haft talsverð áhrif á atvinnulíf og íbúapróun á sunnanverðum Vestfjörðum.

1.11.3. Eldi og ræktun

Á Vestfjörðum eru aðstæður til eldis víða góðar og möguleikar á frekari þróun í greininni. Nálægð við góðar hafnir, fiskvinnsluhús og flutningsleiðir er mikilvæg, því ferskleiki afurða gefur möguleika á herra afurðaverði. Ástæðan fyrir miklum vexti í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum er sú að önnur svæði, utan Eyjafjarðar, eru friðuð fyrir eldi laxfiska í sjókvíum. Áform eru uppi um mikið laxeldi á Vestfjörðum eins og nánar er fjallað um hér á eftir en umhverfisaðstæður takmarka umfang eldisins. Árið 2017 var 12.330 tonnum slátrað í vesturumdæmi eða um 60% af öllum eldisfiski á landinu það ár. Hjá tveimur stærstu eldisfyrirtækjunum á Vestfjörðum starfa nú um 120 manns, flestir á sunnanverðum fjörðunum (Landsamband fiskeldisstöðva, 2017).

HLUTFALL ERLENDRA FERÐAMANNA Á VESTFJÖRÐUM 2017



Mynd 14. Hlutfall erlendra ferðamanna á Vestfjörðum árið 2017.

1.11.1. Landbúnaður

Sveitarfélagið er víðfermt og eru 101 lögbýli skráð í sveitarfélaginu þar af eru 27 jarðir í ábúð og einungis 30 eyðibýli. Vesturbyggð er um 1.336 km² og af því eru 374 km² undir 200 m.y.s.

Í skýrslu RHA um Vestfjarðarveg kemur fram að í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eru sjö bú með nautgripi. Eitt þeirra án mjólkurkúa. Fimm þeirra sem eru með mjólkurkúr eru með færri en 50 skepnur, og eitt bú er með 51-75 kúr. Aka þarf með mjólkina á næstu afurðastöð, sem er í Búðardal, 239 km frá Patreksfirði. Samkvæmt sömu heimild er 21 sauðfjárbú í Vesturbyggð og þar af eru 12 með innan við 200 fjár og þrjú með fleiri en 600 fjár. Eingöngu eitt bú er í Tálknafjarðarhreppi, með innan við 200 fjár. Næsta sauðfjársláturhús er á Hvammstanga, 320 km frá Patreksfirði. Margir bændur stunda önnur störf samhliða búfjárrekstri (Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2017).

1.11.1. Atvinnutekjur

Atvinnutekjur hafa verið að þróast á áþekkan hátt í Vesturbyggð að meðaltali og á landsvísu á undanförnum árum. Árið 1994 eru atvinnutekjur mjög áþekkar í sveitarfélaginu að meðaltali og á landsvísu. Meðaltal atvinnutekna jókst mun hraðar að meðaltali á landsvísu fram til ársins 2007 en samdrátturinn á árunum þar á eftir færir landsmeðaltalið nærri meðaltalinu í Vesturbyggð árið 2009. Á síðastliðnum árum hafa meðalatvinnutekjur þróast á svipaðan hátt í Vesturbyggð og á landsvísu. Atvinnutekjur árið 2016 voru um 3% lægri í Vesturbyggð en að meðaltali á landsvísu (Hagstofa Íslands, 2018).

1.11.2. Ferðapjónusta

ÞJÓNUSTA	FJÖLDI FYRIRTÆKJA
Verslun og þjónusta	10
Sjávarútvegur	7
Sveitarfélag	1
Ríkið	1
Ferðþjónusta ¹	5
Önnur þjónusta ²	14
Samtals	38

Mynd 15. Yfirlit yfir fjölda fyrirtækja í Vesturbyggð árið 2017.

Heilmikil uppbygging í ferðapjónustu hefur átt sér stað á síðastliðnum árum í Vesturbyggð og fjölbreytt þjónusta nú þegar í boði sem hefur verið að aukast síðustu ár. Tekin hafa verið saman gögn um áhugaverða staði á Íslandi og eru þau gögn aðgengileg á vefsíðu Ferðamálstofu. Suðurfirðir Vestfjarða státa af mörgum áhugaverðum stöðum, hvort sem þeir tengjast náttúru eða sögu. Má þar t.d. nefna friðlandið í Vatnsfirði, Gísla sögu Súrssonar sem og heimsóknir erlendra sjómanna fyrr á öldum, ýmis björgunarafrek og margt fleira. Tækifæri liggja víða, sérstaklega í náttúruupplifun, svo sem fuglaskoðun, gönguferðum, sjóstangaveiði og bátaferðum. Friðlandið í Vatnsfirði er einstakt og með mikla möguleika. Sérstaklega áhugavert er að skoða heilsársferðapjónustu í Flókalundi.

Menningarviðburðir hafa verið áberandi og menningarferðapjónusta haft töluverð áhrif á ímynd svæðisins, til að mynda stuttmyndahátíðin Skjaldborg á Patreksfirði.

Töluvert er um heitar laugar á svæðinu og Látrabjarg er einn vinsælasti ferðamannastaður á Vestfjörðum.

1.12. SAMFÉLAG

1.12.1. Skólar í Vesturbyggð

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningar-stofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustu-stofn-anir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Tveir skólar eru starfræktir í Vesturbyggð. Annars vegar Patreksskóli og Bíldudalsskóli sem er sameinaður leik- og grunnskóli á Bíldudal. Leikskólinn Tjarnarbrekka er hluti af Bíldudalsskóla. Fjölbrautaskóli Snæfellinga, FSN, starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði. Öll kennsla skólans fer fram á Grundarfirði, en nemendur á Patreksfirði stunda þar nám undir leiðsögn kennara á Grundarfirði með aðstoð upplýsingatækni.

Tveir leikskólar eru starfræktir í Vesturbyggð. Annars vegar Tjarnarbrekka á Bíldudal og er hluti af Bíldadalsskóla og svo Araklettur á Patreksfirði. Leikskólinn Tjarnarbrekka á Bíldudal hefur frá haustinu 2017 verið samrekin með Bíldadalsskóla, grunnskólanum í þorpinu. Leikskólinn Araklettur er við Strandgötu á Patreksfirði. Hann var byggður 1984 og tók til starfa í september það ár. Áður en leikskólinn var byggður var starfræktur gæsluvöllur á sama stað frá árinu 1965..

Tónlistarskóli Vesturbyggðar er starfræktur á Patreksfirði og Bíldudal, en tónlistarkennsla hefur verið á Patreksfirði samfleytt síðan árið 1967. Bæði er þar starfræktur forskóli og einnig geta bæði börn og fullorðnir lært á hin ýmsu hljóðfæri. Skólaárið 2017-2018 voru nemendur við skólann 97. Skólastefna Vesturbyggðar

1.12.2. Íþróttastarfsemi

Sveitarfélagið rekur íþróttamiðstöðvarnar Bröttuhlíð á Patreksfirði og Byltu á Bíldudal. Í Bröttuhlíð er útisundlaug og heitir pottar, auk ágætlega tækjum búinn þreksalur og íþróttahús. Í íþróttamiðstöðinni Byltu er þreksalur, íþróttasalur, heitur pottur og gufubað. Tvær sundlaugar eru opnar á Barðaströnd á sumrin, við Flókalund og á Birkimel. Nokkur íþrótt- og ungmennafélög eru starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum og eru þau öll í Hérnaðssambandinu Hrafna-Flóka, HHF, sem jafnframt rekur íþróttaskólann sem fjallað er um hér að ofan. Félögin eru Íþróttafélagið Hörður á Patreksfirði, Íþróttafélag Bíldudals, Körfuknattleiksfélagið Patrekur, Skotíþróttafélag Vestfjarða, Ungmannafélag Barðastrandar, Ungmennafélag Tálknafjarðar og tveir golfklúbbar sem nefndir eru hér að neðan.

Tveir golfvöllir eru í Vesturbyggð, annars vegar að Hóli við Bíldudal og hins vegar í Vesturbotni í Patreksfirði, innan við þorpið. Báðir eru 9 holu vellir og eru tveir golfklúbbar starfandi í tengslum við vellina, Golfklúbbur Bíldudals og Golfklúbbur Patreksfjarðar.

1.12.3. Ráðhús og þjónustumiðstöðvar

Ráðhús Vesturbyggðar er staðsett á Patreksfirði og þar er veitt almenn þjónusta og haldið utan um skipulagsmál, félagsmál, barnavernd, íþrótt- og tómstundamál, fræðslu- og uppeldismál, fjármál, sorphirðu, dýrahald og fleira, auk þess sem slökkviliðsstjóri hefur skrifstofu sína þar. Vesturbyggð heldur úti virkum vef, þar sem íbúar og aðrir geta fengið greinargóðar upplýsingar um framboð á þjónustu og öðru í sveitarfélaginu. Þjónustumiðstöðvar eru staðsettar á Bíldudal og Patreksfirði. Þær veita stofnunum og bæjarbúum margvíslega þjónustu, sérstaklega hvað varðar rekstur á innviðum sveitarfélaganna, svo sem snjómokstur, viðhald gatna, viðhald og endurnýjun veitukerfis, merkingar gatna og umsjón með rekstri Vinnuskólans.

1.13. SAMGÖNGUR

Almennt eru samgöngur á Vestfjörðum fremur erfiðar og liggur hringvegurinn, sem er stofnvegur, um 7 hálsa og heiðar. Leiðin milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar liggur um Mikladal og leiðin þaðan til Bíldudals liggur um Hálfðán. Leiðin milli Patreksfjarðar og Reykjavíkur er 392 km löng og liggur um 6 hálsa og heiðar. Miklar lagfæringar hafa verið gerðar á þessari leið á síðustu árum. Leiðin milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar er 170 km og liggur um fjórar heiðar, en innan við helmingur leiðarinnar er með bundnu slitlagi. Að vetrarlagi lokast þessi leið og lengist þá leiðin um 301 km og hálsunum fjölga um tvo..

Tenging milli sunnanverðra Vestfjarða og norðanverðra Vestfjarða er fremur bágborin, vegir ekki með bundnu slitlagi og um erfiða fjallvegi að fara að vetrarlagi. Hrafnseyrarheiðin er t.a.m. lokuð um 120 daga á ári að meðaltali og mokstursdagar eru 30-40 dagar á ári.

1.13.1. Almenningsamgöngur

Áætlunarbílar aka þrisvar á dag milli byggðakjarna í Vesturbyggð og Tálknafirði. Ferjan Baldur fer á milli Brjánslækjar og Stykkishólms, með viðkomu í Flatey. Ferðir

eru tvisvar á dag á sumrin en á veturna er siglt 6 daga vikunnar, einu sinni á dag en tvisvar, þriðjudaga og föstudaga. Á sumrin er svo hægt að ná rútu til Hólmavíkur frá Ísafirði og þaðan komast í leiðakerfi Strætó.

1.13.2. Hafnir

Innan Vesturbyggðar eru þrjár hafnir þ.e. á Patrekfirði, Bíldudal og Brjánslæk og hafa þessar þrjár hafnir ólík hlutverk.

2 UMHVERFISSKÝRSLA

2.1 MATSKYLDA

Endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar vestra er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem skipulagið:

- o markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
- o er undirbúið eða samþykkt af stjórnvöldum og
- o unnið samkvæmt lögum.

2.2 MATSFERLI

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að: Stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið“. Samkvæmt 3. grein gilda lögin „um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Þá segir í 12. grein skipulagslaga

nr. 123/2010 að: Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

2.3 ÁHRIFAPÆTTIR

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnu í aðalskipulaginu er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu. Skoðað er hvort stefnan sem sett er fram í aðalskipulaginu hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núll kosti eða núverandi ástandi. Í umhverfismatinu er fjallað um þá þætti aðalskipulagsins sem taldir eru að gætu valdið umhverfisáhrifum og þeir bornir saman við núverandi ástand eða núll kost. Í einhverjum tilfellum er fjallað um tvo valkosti og matið nýtt til þess að velja úr betri kostinn. Samlegðaráhrif og áhrif áætlunarinnar í heild sinni eru einnig metin. Matsvinnan var unnin samhliða annarri aðalskipulagsvinnu og tók stefnumótunin mið af niðurstöðu matsins.

Breytingar sem helst hafa orðið á stefnu um landnotkun sem aðalskipulagsvinnan felur í sér og eru þær bornar saman við núllkost, sem ýmist getur verið skilgreindur sem núverandi ástand eða stefna fyrra aðalskipulagsins.

Eftirfarandi áhrifapættir eru metnir í umhverfismati aðalskipulags:

- Landnotkun
 - o Endurskilgreining íbúðarsvæða á Patreksfirði (fækkun reita og áhersla á þéttingu í þéttbýli Vesturbyggðar)
 - o Verndun á góðu landbúnaðarlandi
 - o Mótorkrossbraut í Mikladal
 - o Nýtt athafnasvæði við Otradal undir landfrekari starfsemi.

- o Efnistökusvæði
- o Færsla á skólasvæði á Bíldudal á landfyllingu við íþróttahús.
- o Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í landi Hóls.
- Samgöngur
 - o Þverun Bíldudalsvogs og færsla á aðkomu.
 - o Jarðgangnakostir

2.4 TENGSL UMhverfismats OG SKIPULAGSVINNU

Nálgun aðferðar umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til þess að tryggja að stefnumótun verði upplýst og rökstudd varðandi möguleg umhverfisáhrif aðalskipulags. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags geti talist vera verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

2.5 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

2.5.1. Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 öðlaðist gildi 6. mars 2016. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykkttri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélagsog umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Landsskipulagsstefnan felur í sér stefnu um fjögur eftirfarandi viðfangsefni:

- Skipulag á miðhálandi Íslands
 - o Víðerni og náttúrugæði
 - o Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - o Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - o Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi
 - o Sjálfbær nýting orkulinda
 - o Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi
 - o Skipulag með tilliti til náttúruvár.
- Skipulag í dreifbýli
 - o Sjálfbær byggð í dreifbýli
 - o Umhverfis- og menningargæði
 - o Sjálfbær nýting landbúnaðarlands
 - o Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - o Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi

- o Sjálfbærar samgöngur
 - o Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
 - o Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga
- Búsetumynstur og dreifing byggðar
 - o Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun
 - o Sjálfbært skipulag þéttbýlis
 - o Gæði hins byggða umhverfis
 - o Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf
 - o Sjálfbærar samgöngur
 - o Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
 - o Náttúruvá og loftslagsbreytingar
 - Skipulags á haf- og landssvæðum
 - o Sjálfbær nýting auðlinda
 - o Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála
 - o Svæðisbundin skipulagsgerð

Í vinnu við aðalskipulag Vesturbyggðar var landsskipulagsstefna höfð til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi í samræmi við landsskipulagsstefnu. Hér á eftir er umfjöllum um hvernig aðalskipulag Vesturbyggðar er samhljóma landsskipulagsstefnu í þeim málaflokkum landsskipulagsstefnu sem tengjast Vesturbyggð.

Stefnumið Landsskipulags	Undirmerki	Tengsl við Aðalskipulag Vesturbyggðar
Skipulag á miðhálandi Íslands	Kafli 1.1. víðerni og náttúrugæði. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði	Þó svo að Vestfjarðakjálkinn sé ekki hluti af Miðhálandi Íslands þá eru víðerni kortlögð í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

	víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins.	Ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjun eða vegum innan marka víðerna í aðalskipulagi og með því er verið að vernda víðerni og náttúrugæði sunnanverðs Vestfjarðakjálkans og stuðla að sjálfbærri þróun. Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum á skilgreindum víðernum. Þá er eftir sem áður gert ráð fyrir göngu- og reiðleiðum (ferðamannaleiðum) frá láglandi sveitarfélagsins upp á hálendið og um það. Engir virkjanakostir rammaáætlunar 2013 eru í Vesturbyggð. Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir nýtingu orkuauðlinda eða mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu á skilgreindum víðernum innan sveitarfélagsins.
Skipulag í dreifbýli	Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.	Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að að beina vexti að núverandi byggðarkjörnum, sér í lagi að þéttbýliskjörnum á Patreksfirði, Bíldudal og Birkimel. Uppbyggingu í dreifbýli er beint að núverandi bæjartorfum og áhersla er lögð á að uppbygging sé í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Þó uppbyggingu í dreifbýli sé beint að núverandi bæjartorfum eru takmarkanir settar á uppbyggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum. Í aðalskipulagi er áhersla lögð á nauðsyn þess að ræktuðu landi sem og hentugu og vel ræktanlegu landbúnaðarlandi verði ekki ráðstafað undir aðra starfsemi eða byggingar.
Búsetumynstur og drefing byggðar	Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.	Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að styrkja samfélag Vesturbyggðar með því að beina vexti að þéttbýliskjörnum og stuðla það að þéttingu byggðar og fjölbreyttum húsnaðiskostum.
Skipulag á haf- og strandsvæðum	Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.	Sett eru fram markmið um að lokið verið við gerð skipulags á haf- og strandsvæðum og er sú vinna hafin hjá Skipulagsstofnun. Stefnunótun í samræmi við umgjörð og fyrirmæli í löggjöfum.

2.5.1. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og gilda á tímabilinu 2016-2030. Markmiðin taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki Heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa

aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsroðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, en markmiðin í heild má finna á <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>.

Í vinnu við aðalskipulag Vesturbyggðar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð til hliðsjónar og er taflan hér á eftir lýsing á því hvernig aðalskipulagið samræmist völdum heimsmarkmiðum.

Heimsmarkmið	Undirmarkmið	Tengsl við Aðalskipulag Vesturbyggðar
Markmið 4 – menntun fyrir alla:	4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.	Í góðu samræmi við áherslur aðalskipulags.
Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging	9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla. 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.	Í samræmi við stefnu aðalskipulags.

	9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.	
Markmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög	11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðróun á landsvísu og innan svæða.	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags.
Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags.
Markmið 13 Aðgerðir í loftslagsmálum	13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags.

2.5.2. Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Aðliggjandi sveitarfélög eru Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur og Ísafjarðarbær.

Gætt hefur verið samræmis við skipulag á sveitarfélagsmörkum. Sameiginlegar skipulagslínur á sveitarfélagsmörkum eru að öðru jöfnu fyrst og fremst vegir, göngu- og reiðleiðir, flutningslínur og fjarskiptalagnir.

2.5.3. Samgönguáætlun og vegaáætlun

Í gildi er 4 ára samgönguáætlun 2019-2023. Í fimm ára áætlun þá er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum við hafnir. Bíldudalur: Tening stórskipakants og hafskipakants (stálþil 57 m, dýpi 8 m). Bíldudalur: Endurbygging hafskipabryggju (stálþil 99 m, 50 m dýpi 5 m, 49 m dýpi 8 m. Brjánslækur: Smábátaaðstaða (öldubrjótur, 5 m breiður 30 m).

Fyrir Vestfjarðaveg þá eru eftirtaldar framkvæmdir settar á dagskrá. Vestfjarðavegur (60) um Gufufalssveit og Dynjandisheiði, *Bíldudalsvegur, Trostansfjörður – Vestfjarðavegur*

Fjárveitingin er ætluð til framkvæmda við Bíldudalsveg á 2. og 3. tímabili í tengslum við gerð nýs vegar yfir Dynjandisheiði. Bíldudalsvegur (63) Bíldudalsflugvöllur-Vestfjarðavegur og Örlygshafnarvegur (612) um Hvallátur.

2.5.4. Náttúruverndaráætlun

Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna.

Ígildandi náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir að Látrabjarg verði friðlýst.

2.5.5. Kerfisáætlun

Í Kerfisáætlun Landsnets, kemur fram að til að styrkja flutningskerfið til sunnanverðra Vestfjarða hafi verið skoðaðar nokkrar útfærslur á nýrri tengingu inn

á Keldeyri (sem er í Tálknafirði) en það er eini afhendingarstaður Landsnets á sunnanverðum Vestfjörðum. Niðurstaða þessarar skoðunar er sú að tengja saman Keldeyri og Breiðadal og mynda þar með hringtengingu Keldeyri-Breiðidalur-Mjólka, en í dag er ein lína frá Keldeyri að Mjólka og er hún 45 km löng á rekin á 66 kV. Ef af þessari tengingu verður, bætir hún afhendingaröryggi í Vesturbyggð nokkuð og truflanir á TA1 ættu ekki að valda straumleysi (Landsnet, 2018).

2.5.6. Aðrar svæðisbundnar áætlanir og áætlanir sveitarfélagsins

Í aðalsskipulaginu var einnig horft til annarra svæðisbundinna áætlana sem snerta beint aðalskipulagið og eru beint eða óbeint innbyggðar í aðalskipulagið en þar ber helst að nefna: I

- Innviðagreining fyrir atvinnulíf
- Skólastefna Vesturbyggðar
- Áfangastaðaaætlun Vestfjarða
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2014-2019

2.6 UMHVERFISVIÐMIÐ

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.

Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.

Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til

að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfispættir	Umhverfisviðmið
Samfélag	Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 og aðliggjandi sveitarfélaga. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun 2010-2013. Sjá kafla 2 um hreint og heilnæmt ferskvatn. Jarðalög nr. 81/2004 Markmið þessara laga er að [.....] stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018
Menningarminjar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laga um menningarminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.
Gróður	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamföllum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 61 gr. laga um náttúruvernd

Vatnafar	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun grunnvatns. Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri. Viðmiðunarmörk skv. 1. viðauka reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
Sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Samgöngur	VEGALÖG NR. 80/2007 Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. SAMGÖNGUÁÆTLUN Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun: Greiðari samgöngur, hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur, öryggi og jákvæð byggðaþróun.
Heilsa og öryggi	Reglugerð um hávaða 724/2008 Heilsufar, hávaðamengun, óþægindi, lykt, ryk og loftgæði. Og samfélagsöryggi, umferðaröryggi, slyshætta. Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 eru annars vegar ákvæði um hávaða frá vegum og hins vegar ákvæði um hávaða frá atvinnustarfsemi. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Tafla 3 Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

2.7 VÆGI

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
	Jákvæð áhrif á umhverfispátt. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfispátt Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
	Neikvæð áhrif á umhverfispátt Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

Tafla 4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

2.8 ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.

3 UMHVERFISMAT

- Endurskilgreining íbúðarsvæða á Patreksfirði (fækkun reita og áhersla á þéttingu í þéttbýli Vesturbyggðar)
 - Mótorkrossbraut í Mikladal
 - Fjölgun efnistökusvæða
 - Færsla á skólasvæði á Bíldudal á landfyllingu við ípróttahús.
 - Nýtt íbúðarsvæði í landi Hóls.
 - Stækkun landfyllingar á hafnarsvæði á Bíldudal.
- Samgöngur
 - Þverun Bíldudalsvogs.

3.1.1. Þétting byggðar og fækkun íbúðarreita frá gildandi aðalskipulagi

Í stefnu aðalskipulagsins er lagt upp með það að þetta byggð innan þéttbýlisins á Patreksfirði og á Bíldudal og nýta auðar lóðir sem eru til staðar innan þéttbýlis til að nýta betur þá innviði sem þegar eru til staðar. Uppbygging á þessum lóðum eru þó með þeim fyrirvara að ekki er hægt að byggja á þeim fyrr en garðar hafa verið reistir ofan byggðar til varnar ofanflóðum. Því eru sett fram viðbótarsvæði sem eru utan snjóflóðahættu ef íbúðarþróun verður það hröð að núverandi lausar lóðir geti ekki tekið á fjölguninni. Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 voru mörg og stór svæði skilgreind fyrir íbúðarbyggð austan við núverandi þéttbýli, eða alls 10,3 ha

með plássi fyrir allt 103-117 lóðum. Skilgreind íbúðarsvæði voru í raun mun umfangsmeiri en raunhæft var að byggðust á skipulagstímabilinu m.t.t. mannfjöldaspár og mögulegrar atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu. Vegna þess og þar sem umfang íbúðarsvæða í aðalskipulagi þarf að vera raunhæft m.t.t. uppbyggingar til loka skipulagstímabilsins er gert ráð fyrir að einu íbúðarsvæði austan við núverandi byggð í stað fimm svæða og innan reitsins er gert ráð fyrir meiri blöndun byggðar þannig að hægt verði að koma fyrir allt að 40-50 íbúðum. Gert er ráð fyrir að Hólar verði framlengdir til vesturs og þar verði pláss fyrir allt að 14 lóðir fyrir allt að 28 íbúðir, þ.e. einbýlishús með aukaíbúð eða tvíbýlishús. Innan Bíldudals þá er lítil breyting frá eldra aðalskipulagi. Áfram er gert ráð fyrir viðbótarsvæði við Bíldudalsveg en einnig er íbúðarsvæðið við Lönguhlíð stækkað þannig að innan Bíldudals eru ekki miklar breytingar lagðar til frá eldra aðalskipulagi. Á Birkimel er gert ráð fyrir að megi koma fyrir fjórum nýjum lóðum til viðbótar.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Uppbygging íbúðarsvæða ekki talin hafa áhrif á jarðfræði eða jarðmyndanir þar sem ekki er vitað um merkilegar jarðmyndanir á umræddum svæðum.	0
	Gróðurfar	Uppbygging íbúðarsvæða hefur óveruleg áhrif á gróðurfar. Gróðurfar er fábreytt á þéttingarsvæðum. Einhver skógrækt er á fyrirhuguðu svæði ÍB11 en þar sem gert er ráð fyrir aukinni skógrækt innan þéttbýlismarkanna þá eru áhrifin talin vera óveruleg. Á nýju svæði á Bíldudal þá er graslendi ríkjandi enda um gamalt tún að ræða.	0
	Vatnafar	Óveruleg áhrif á vatnafar, engin vatnsból í nágrenni íbúðarsvæða og engin hættu á að grunnvatn mengist.	0

	<i>Fuglalíf</i>	<i>Fuglalíf á þéttingarsvæðum innan byggðar fremur einsleitt sem og á nýjum svæðum.</i>	0
	<i>Landslag</i>	Landslag einsleitt. Sjónræn áhrif eru einnig talin óveruleg þar sem byggð er þegar á svæðum umhverfis þéttingarsvæðin.	0
Auðlindir	<i>Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndarsvæði.</i>	Jákvæð áhrif á landrými þar sem verið er að leggja til minni landsvæði undir byggð og þetta núverandi byggð. Áhrif á verndarsvæði óveruleg þar sem engin verndarsvæði eru innan eða á mörkum þéttingarsvæða eða nýrra svæða.	 0
Samfélag	<i>Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita</i>	Horft er til áhrifa á samfélagið í heild og hvort framkvæmd skipulagsins komi til með að styrkja byggð á svæðinu. Áhersla á uppbyggingu íbúðarbyggðar í Vesturbyggð er talin hafa jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif þar sem uppbyggingin mun styrkja helstu þéttbýlis- og þjónustukjarna sveitarfélagsins og þar með sveitarfélagið í heild. Áhersla þessi er í samræmi við andsskipulagsstefnu þar sem áhersla er lögð á að skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Jákvæð áhrif á loftgæði með því að þetta núverandi byggð og ýta undir virka ferðamáta.	

3.1.2. Valkostir

Stefna gildandi aðalskipulags má einnig nefna núllkost en það er óbreytt ástand var

3.1.3. Samantekt niðurstöðu

XXXXXXXX

3.1.4. Mótorkrossbraut í Mikladal

Í aðalskipulaginu er sett fram um fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi. Tekið er frá svæði í Mikladal fyrir Mótorkrossbrautir í eldri og ónotaðri námu.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um Mótorkrosssvæði í Mikladal		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Stefna aðalskipulags um vélhjólaaksturssvæði í gamalli námu mun hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn. Svæðið þegar raskað af efnistöku.	0
	Gróðurfar	Um er að ræða raskað melasvæði, lítið verndargildi skv. Vistgerðarflokkun NÍ.	0
	Vatnafar	Óveruleg áhrif á vatnafar, fjarlægð frá vatnbóli í Mikladal u.þ.b. 1 km.	0
	Fuglalíf	Um er að ræða gamla námu og fuglalíf takmarkað á svæðinu.	0
	Landslag	Landslag þegar raskað vegna efnistöku og aksturssvæðið sést takmarkað frá þjóðvegi nema þegar ekið er frá Patreksfirði í áttina að Tálknafirði.	0

Auðlindir	Landrymi, verndarsvæði, orka, menningar-minjar, vatns-verndarsvæði og jarðefni	Óveruleg áhrif á valda umhverfispætti, náma er ekki lengur í notkun og vantsverndarsvæði í nokkurri fjarlægð. Engar minjar þekktar.	0
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	Jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Verið að auka fjölbreytni útivistar á svæðinu sem er í takt við stefnu aðalskipulagsins, svæðið er úr alfaraleið og hávaðamengun frá svæðinu takmörkuð.	

3.1.5. Valkostir

Ekki voru skoðaðir aðrir valkostir varðandi staðsetningu fyrir vélhjólaaksturssvæði. Um er að ræða námu sem hætt er að nota og staðsetning svæðisins í góðri fjarlægð frá Patreksfirði.

3.1.6. Samantekt niðurstöðu

Staðsetning vélhjólaakstursbrautar hefur í flestum tilfellum óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem til skoðunar voru. Svæðið er í eldri námu sem ekki er lengur í notkun og hefur því takmörkuð áhrif á aðra útivist s.s. gönguleiðir.

3.1.7. Fjölgun efnistökusvæða

Í aðalskipulagi Vesturbyggðar er sett fram stefn um fjölgun efnistökusvæða frá fyrri aðalskipulagi. Sveitarfélagið vill tryggja framboð efnis en jafnframt stýringu á efnistöku, með tilliti til verndar og viðhalds lífríkis. Reynt skal að hafa vegalengdir vegna efnisflutninga sem stytstar en að efnistaka verði þó á tiltölulega fáum stöðum í einu. Vöntun hefur verið á efni í sveitarfélaginu til uppbyggingar og viðhalds vega innan sveitarfélagsins og er því stefna sveitarfélagsins gerð til að koma til móts við það. Efnistöku svæðin eru dreifð nokkuð víða um sveitarfélagið.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Efnistaka fer yfirleitt fram í setnámunum eða sem grjótnámur og eru áhrif því á jarðfræði og jarðmyndanir á svæðinu í öllum tilfellum neikvæðar og óafturkræfar.	
	Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar misjafnt eftir svæðum. Sum svæðanna eru ógrónir melar en önnur gróin. Áhrif á gróðurfar því óveruleg eða neikvæð.	 0
	Vatnafar	Áhrif efnistöku á vatnafar er misjafnt eftir svæðum. Nokkrar námur eru í árfarvegi en ekki í þekktum veiðiám. Efnistaka hefur því óveruleg áhrif á vatnafar.	0
	Fuglalíf	Efnistökusvæði í áreyrum eru ekki talin hafa neikvæð áhrif á svæði sem teljast mikilvæg sem varp- eða fæðuöflunarsvæði fugla.	0
	Landslag	Almennt eru áhrif efnistöku á landslag og ásýnd varanleg og óafturkræf. Í tilviki efnistökusvæða á áreyrum má gera ráð fyrir að svæðin „endurnýist“ að vissu marki á ákveðnum árafjölda, þar sem efni sest aftur fyrir í áreyrum. Áhrif efnistöku í malarhjöllum á þurru landi á landslag og ásýnd eru almennt varanleg og óafturkræf. Svæðin sem um ræðir eru öll lítil og á tiltölulega flötu og grónu landi og eru lítið áberandi nema í næsta nágrenni svæðanna. Grjótnámur eru taldar hafa óveruleg sjónræn áhrif en neikvæð á landslag. Áhrif efnistöku eru talin óveruleg sjónræn áhrif og áhrif á landslag eru talin óveruleg fyrir utan neikvæð áhrif grjótnáma.	 0
Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndarsvæði.	Ekki hefur verið gerð úttekt á minjum á þeim svæðum þar sem efnistaka mun fara fram. Yfirleitt eru þetta áreyrar, melar, klappir og því ólíklegt að þar séu minjar að finna. Óveruleg áhrif á vatnsverndarsvæði en efnistaka fer ekki fram á vatnsverndarsvæðum.	0

Samfélag	<i>Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita</i>	Áhrif efnistöku á heilsu eru helst vegna útblásturs vinnuvéla á efnistökusvæðum og vegna rykmengunar en áhrif af þessu eru talin óveruleg og ef einhver þá staðbundin. Grjótnám er talið geta haft neikvæð áhrif í för með sér vegna rykmyndunar við sprengingar og efnisvinnslu. Áhrif á hljóðvist geta orðið af völdum umferðar, borunar og sprenginga en þessi áhrif eru talin óveruleg. Samfélagsleg áhrif að einhverju leyti jákvæð því sífellt er þörf á efnisnámmum í sveitarfélögum vegna eðlilegrar uppbyggingar á vegum ríkisins, sveitarfélagsins og einkaaðila.	  
-----------------	---	---	---

3.1.8. Valkostir

Aðeins núllkostur eða núverandi ástand var til samanburðar. Áhrif núllkosts, þ.e. að ekki sé gert ráð fyrir þeim efnistökusvæðum sem getið er hér að framan, eru þau að áhrifa á þessum tilteknu stöðum mun ekki gæta og því eru áhrifin óveruleg. Verið er að marka stefnu um efnistöku til langs tíma og það efni þyrfti þá að sækja annað, með tilheyrandi umhverfisáhrifum, og að því leyti eru áhrif á samfélag talin neikvæð.

3.1.9. Samantekt niðurstöðu

Niðurstöður umhverfisskýrslu eru þær að efnistaka geti haft neikvæð áhrif á, jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar, landslag, hljóðvist og loftgæði. Önnur áhrif talin vera jákvæð eða óveruleg. Niðurstöður matsins fyrir grjótnámur eru í meginatriðum þær að mest áhrif verða á vinnslutíma vegna sprenginga og efnisvinnslu. Verða því tímabundin neikvæð áhrif á m.a. loftgæði, hljóðvist og gróðurfar. Varanleg áhrif verða á landslag sem breytist. Lagðar eru til mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifunum.

Mótvægisáðgerðir vegna grjótnáms eru m.a.:

- Minnka rykmyndun við borun.
- Skerming námu.
- Landmótun og uppgræðsla mun fara fram að lokinni námuvinnslu.

3.1.10. Færsla á skólasvæði á Bíldudal á landfyllingu við íþróttahús

Uppbygging á Bíldudal á síðustu árum hefur gert það að verkum að núverandi skóla- og leikskólahúsnæði er að verða of lítið og ef allar áætlanir ganga eftir með atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu þá er nokkuð ljóst að húsnæðið mun ekki anna framtíðar fólksfjölgun. Núverandi skólasvæði er óhentugt til frekari uppbyggingar en pláss er lítið til að stækka. Sett er því fram stefna um að færa skóla og leikskóla á landfyllingu við íþróttahús. Þannig næst einnig samrekstur með íþróttahúsi og heilsugæslu.

Umhv.þætt	Skólasvæði fært á landfyllingu við íþróttahús á Bíldudal		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Svæðið er á landfyllingu og því manngert að öllu leyti.	0
	Gróðurfar	Svæðið er á landfyllingu og gróðurfar fremur fábreytt og einsleitt. Óveruleg áhrif.	0
	Vatnafar	Flutningur skólasvæðis hefur óveruleg áhrif á vatnafar.	0
	Fuglalíf	Flutningur skólasvæðis hefur óveruleg áhrif á fuglalíf þar sem um landfyllingu er að ræða en gætt er að því að raska ekki nærliggjandi fjörum og leirum sem eru innar í vöginum.	0
	Landslag	Óveruleg áhrif, um er að ræða manngerða landfyllingu en ásynd svæðisins mun breytast með nýjum byggingum og verða mögulega áberandi kennileiti í bænum.	0

Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningar-minjar, vatns-verndarsvæði og jarðefni	Óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem hér eru til viðmiðunar. Nægt pláss er fyrir sameiginlegar leik- og grunnskóla á landfyllingunni og því ekki þörf á frekari landfyllingu nema ef stækka þyrfti skólanna í framtíðinni.	0
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	Jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Aukin samnýting grunn- og leikskóla með íþróttahúsi og heilsugæslu ber með sér efnahagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Öruggara umhverfi barna þar sem þungaumferð frá hafnarsvæðinu fer í dag um Dalbrautina. Færsla á leikskóla gefur auk þess tækifæri á því að þetta byggð á Bíldudal en þar er góð lóð fyrir íbúðir utan hættusvæðis. Skóli og leikskóli verður einnig í betra göngufæri fyrir fleiri íbúa.	

3.1.11. Valkostir

Aðrir valkostir sem til voru til skoðunar voru gildandi aðalskipulag sem í þessu tilfelli er einnig núllkostur sem er þá óbreytt ástand. Leik- og grunnskóli á sama stað. Bæði húsnaðin eru sprungin og munu ekki anna framtíðarfjölgun í sveitarfélaginu. Stækkunarmöguleikar eru takmarkaðir á núverandi svæðum.

3.1.12. Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulags um færslu á skólasvæðum á landfyllingu við íþróttahús hefur óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem til skoðunar voru fyrir utan samfélagsleg áhrif þar sem áhrifin eru talin vera jákvæð.

3.1.13. Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í landi Hóls

Í aðalskipulaginu er sýnt nýtt íbúðarsvæði í landi Hóls hjá golfvellingum. Byggingarlóðir á Bíldudal eru mjög fáar en eftirspurn mikil. Þar sem meirihluti núverandi byggðar er á hættusvæði og ekki vitað hvenær varnir ofan byggðar rísa og óbyggðir reitir eru í einkaeigu þá er horft til þess að skilgreina nýtt svæði í landi Hóls sem er í eigu Vesturbyggðar.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Svæðið er í að hluta til í eldri malarnámu sem ekki er lengur notuð.	0
	Gróðurfar	Gróðurfar á svæðinu einkennist af melum og mólendi og einnig að hluta til eldri malarnámu sem er að gróa upp og gróður því frekar einsleitur og áhrifin talin vera óveruleg. Miðlungs til lágt verndargildi vistgerða skv. Vistgerðaflokkun NÍ.	0
	Vatnafar	Óveruleg áhrif á vatnafar.	0
	Fuglalíf	Fuglalíf á svæðinu samræmist gróðurfarinu og áhrifin talin vera óveruleg.	0
	Landslag	Áhrif á landslag talin vera óveruleg. Landslag hefur þegar verið að hluta raskað með efnistöku og verið er að bæta landið með annarri landnotkun og græða það frekar upp.	0
Auðlindir	Landrymi, verndarsvæði, orka, menningarminjar og vatnsverndarsvæði.	Landrymi nægt til framtíðaruppbyggingar íbúðarsvæðis, svæðið sem lagt er til er að hluta til í gamalli malarnámu sem ekki er lengur notuð. Óljós áhrif á minjar þar sem ekki hefur farið fram fornleifaskráning. Engin vatnsverndarsvæði í nágrenninu.	0?
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	Nálægð við íþróttasvæði kostur. Meiri fjarlægð frá þjónustu eins og matvöruverslun og bæjarlífi. Göngu- og aksturstengingar þó góðar inn á Bíldudal. Landið í eigu Vesturbyggðar. Stutt í vatn og rafmagn upp á innviði en skoða þarf lausnir með fráveitu frá íbúðarsvæði.	 0

3.1.14. Valkostir

Aðrir valkostir sem til voru til skoðunar voru gildandi aðalskipulag sem í þessu tilfelli er einnig núllkostur sem er þá óbreytt ástand. Lóðir fyrir íbúðir eru af skornum skammti vegna ofanflóðahættu og eignarhalds og því fá önnur svæði í boði.

3.1.15. Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulags um nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð inn í dal við núverandi íþróttasvæði í öllum tilfellum talin vera óveruleg á þá umhverfispætti sem til skoðunar voru fyrir utan samfélagsleg áhrif þar sem áhrifin eru talin vera óveruleg til jákvæð og óljós áhrif á menningaminjar þar sem ekki hefur farið fram fornleifaskráning.

3.1.16. Þverun Bíldudalsvogs

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að auka umferðaröryggi og einn hluti af því er að þvera Bíldudalsvog til þess að auka umferðaröryggi í þéttbýlinu og draga úr þungaumferð sem fer um Bíldudal.

Umhv.þætt		Færsla á aðkomu inn á Bíldudal-Innri leið	Færsla á aðkomu inn á Bíldudal-Ytri leið
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	 Færsla vegar suður fyrir Litlueyará hefur óveruleg áhrif á jarðfræði eða jarðmyndanir. Þverun Bíldudalsvogs getur haft neikvæð áhrif á setfjörur í voginum.	 Færsla vegar suður fyrir Litlueyará hefur óveruleg áhrif á jarðfræði eða jarðmyndanir. Þverun Bíldudalsvogs getur haft neikvæð áhrif á setfjörur í voginum. Ytri leið mun þó hafa talsvert minni áhrif en innri leiðin enda þverun á mun meira dýpi.

	Gróðurfar	 Tún, gralsendi, mólendi, eða votlendi ríkjandi. Verndargildi vistgerða miðlungshátt eða hátt skv. Vistgerðarflokkun NÍ.	 Tún, gralsendi, mólendi, eða votlendi ríkjandi. Verndargildi vistgerða miðlungshátt eða hátt skv. Vistgerðarflokkun NÍ.
	Vatnafar	 Óveruleg áhrif á þau viðmið sem eru til skoðunar varðandi vatnafar svo fremur að passað sé upp á góð vatnaskipti með nægjanlega stóru brúaropi.	 Óveruleg áhrif á þau viðmið sem eru til skoðunar varðandi vatnafar svo fremur að passað sé upp á góð vatnaskipti með nægjanlega stóru brúaropi.
	Fuglalíf	 Óveruleg til neikvæð áhrif fuglalíf. Setfjörur eru mikilvæg búsvæði fugla og þverun getur haft neikvæð áhrif á þau svæði. Innri leið fer t.d. að hluta til um friðlýst varpland.	 Óveruleg til neikvæð áhrif fuglalíf. Setfjörur eru mikilvæg búsvæði fugla og þverun getur haft neikvæð áhrif á þau svæði.
	Landslag	 Neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif þar sem ný veglína og þverun fara yfir áður óraskað land. Þverun vogarins mun hafa óhjákvæmileg sjónræn áhrif í för með sér. Innri leið mun einnig hafa neikvæð áhrif á fjörur neðan byggðar á Bíldudal.	 Neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif þar sem ný veglína og þverun fara yfir áður óraskað land. Þverun vogarins mun hafa óhjákvæmileg sjónræn áhrif í för með sér.
Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndarsvæði	 Óljós eða óveruleg áhrif á þau viðmið sem eru til skoðunar varðandi auðlindir.	 Óljós eða óveruleg áhrif á þau viðmið sem eru til skoðunar varðandi auðlindir.

Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	 Ný aðkoma og þverun mun hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti þá sér í lagi hvað varðar umferðaröryggi þar sem verið er að færa þungaumferð af Dalbrautinni niður fyrir byggðina. Neikvæð áhrif útivist neðan byggðar og á byggð þar sem vegurinn mun liggja í staðinn neðan byggðar í stað ofan byggðar. Ný veglína austan við Litlueyrará mun hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi en á móti kemur að lengra verður frá þjóðveginum inn á Bíldudal.	 Ný aðkoma og þverun mun hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti þá sér í lagi hvað varðar umferðaröryggi þar sem verið er að færa þungaumferð af Dalbrautinni og beint af hafnarsvæðinu með þverun yfir voginn þannig að þungaumferð fer lítið um þorpið. Ný veglína austan við Litlueyrará mun hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi en á móti kemur að lengra verður frá þjóðveginum inn á Bíldudal.
-----------------	--	--	--



3.1.17. Valkostir

Aðrir valkostir fyrir veglínur um Bíldudal voru það valkostir sem listaðir voru upp hér að ofan en einnig gildandi aðalskipulag sem er óbreytt stefna. Ef haldið er í sömu stefnu og gildandi aðalskipulag þá getur það haft neikvæð áhrif í för með sér þar sem sá vegur mun ekki anna aukinni umferð vegna aukinna umsvifa í fiskeldi og flutningum um svæðið.

3.1.18. Samantekt niðurstöðu

Niðurstaða matsins leiðir í ljós að áhrif þverunar hefur möguleg neikvæð áhrif í för með sér á náttúrufarslega þætti. Ytri leiðin þykir þó vera ákjósanlegri þar sem hún mun hafa minni áhrif á náttúrfa svæðisins.

4 VESTFJARÐAVEGUR ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 16. mars 2020 lagði Vegagerðin fram matsskýrslu um um Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði og óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.

Fyrirhugað er að endurbyggja hluta Vestfjarðavegar og hluta Bíldudalsvegar, ýmist í núverandi eða nýju vegstæði. Kaflinn á Vestfjarðavegi er 33-39 km langur frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, um Dynjandisheiði og langleiðina að Mjólkárvírkjun í Borgarfirði og kemur í stað 40 km langs vegar, sem að mestu er lagður malarslitlagi. Kaflinn á Bíldudalsvegi er tæplega 29 km langur frá Bíldudalsflugvelli á Hvassnesi að Vestfjarðavegi í Helluskarði á Dynjandisheiði og kemur í stað um 29 km langs kafla, sem lagður er malarslitlagi. Núverandi vegir eru samtals 70 km langir en nýir vegir verða 63-68 km, háð leiðarvali. Þeir verða lagðir sem heilsársvegir og að nýr vegur verði lagður með bundnu slitlagi og uppbyggður með tilliti til snjóá. Meginmarkmið Vegagerðarinnar með framkvæmdinni samkvæmt matsskýrslu er að:

- Bæta samgöngur um Vestfirði með því að tryggja áreiðanlegar og öruggar samgöngur um Vestfjarðaveg og Bíldudalsveg með lagningu heilsársvegar um Dynjandisheiði.
- Styrking samfélags á Vestfjörðum

Framkvæmdin er í tveimur sveitarfélögum, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ. Í matsskýrslu er framkvæmdum skipt í þrjá áfanga:

- Áfangi I, Vestfjarðavegur, Hörgsnes – Tröllaháls, veglínur A1, A2, A3, F, F2 og F3.
- Áfangi II, Vestfjarðavegur, Tröllaháls - Mjólkárvírkjun, veglínur F, B2, D og E.

- Áfangi III, Bíldudalsvegur, Bíldudalsflugvöllur – Vestfjarðavegur, veglínur X, Y, Z og Q.

Skipulagsstofnun gaf út álit um framkvæmdina 3. júlí 2020 og er eftirfarandi texti tekinn beint úr álitinu.

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vegagerðarinnar um endurbætur á Vestfjarðavegi og Bíldudalsvegi sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd felst í að endurbyggja hluta Vestfjarðavegar og hluta Bíldudalsvegar, ýmist í núverandi eða nýju vegstæði. Kaflinn á Vestfjarðavegi er 33-39 km langur frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, um Dynjandisheiði og langleiðina að Mjólkárvírkjun í Borgarfirði og kemur í stað 40 km langs vegar, sem að mestu er lagður malarslitlagi. Kaflinn á Bíldudalsvegi er tæplega 29 km langur og kemur í stað um 29 km langs kafla, sem lagður er malarslitlagi. Núverandi vegir eru samtals 70 km langir en nýir vegir verða 63-68 km, háð leiðarvali. Þeir verða lagðir sem heilsársvegir og nýr vegur verður með bundnu slitlagi og uppbyggður með tilliti til snjóá. Framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga:

- Áfangi I á Vestfjarðavegi sem liggur frá Hörgsnesi í Vatnsfirði og að Tröllahálsi á Dynjandisheiði.
- Áfangi II á Vestfjarðavegi sem liggur frá Tröllahálsi um Dynjandisheiði og endar nálægt Mjólkárvírkjun í Borgarfirði.
- Áfangi III á Bíldudalsvegi sem liggur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi. Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan friðlandsins Vatnsfjarðar, friðlýsts svæðis Dynjanda, svæðis nr. 310 á C-hluta náttúruverndarsvæðis, Geirþjófsfjarðar, og að hluta til innan verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. lögum nr. 55/1995. Þá fer fyrirhugaður vegur um hverfisverndarsvæði H1 í Ísafjarðarbæ. Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru ýmis vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá er að finna menningarminjar innan áhrifasvæðisins. 6.1.1 Áfangi I í matsskýrslu Vegagerðarinnar er lagt mat á umhverfisáhrif sex valkosta um legu og útfærslu vegar á áfanga I, sem í grófum dráttum eru:

- Veglína F þverar Vatnsfjörð og kemur á land sunnan Pennu og Hótel Flókalundar. Hún liggur svo sunnan og vestan við Pennu og þverar Smjördalsá áður en hún heldur áfram inn Penningsdal og að Tröllahálsi.
 - Veglína F2 þverar Vatnsfjörð og kemur á land norðan Pennu neðan við Hótel Flókalund og fylgir núverandi vegi að mestu þar sem hann liggur meðfram Pennu. Veglínin þverar svo Pennu áður en hún heldur inn Penningsdal og sameinast veglínu F.
 - Veglína F3 þverar Vatnsfjörð og sameinast Barðastrandavegi á vegfyllingum í sjó nokkru sunnan Pennu. Tenging upp á Dynjandisheiði verður um T-vegamót á fyllingu. Frá vegamótunum liggur veglínin sunnan við Pennu þar sem hún sameinast veglínu F.
 - Veglína A1 fylgir núverandi Vestfjarðavegi fyrir Vatnsfjörð og framhjá Hótel Flókalundi að núverandi brú á Pennu og fylgir núverandi vegi að mestu þar sem hann liggur meðfram Pennu. Veglínin þverar svo Pennu áður en hún heldur inn Penningsdal og sameinast veglínu F.
 - Veglína A2 liggur fyrir Vatnsfjörð en úti í sjó við Flókalund. Barðastrandarvegur er í beinu framhaldi af Vestfjarðavegi svo Vestfjarðavegur liggur um T-vegamót á landfyllingum. Veglínin sameinast veglínu F sunnan Pennu, við núverandi Barðastrandarveg.
 - Veglína A3 fylgir núverandi vegi fyrir Vatnsfjörð en vikir frá honum við Flókalund og fer yfir Pennu um 40 m neðar en núverandi brú á Barðastrandarvegi. Hún kemur inn á Barðastrandarveg sunnan Pennu og beygir svo upp Penningsdal að sunnanverðu þar sem hún sameinast veglínu F.
- Sá kafli Vestfjarðavegar sem liggur um Vatnsfjörð hefur þá sérstöðu, hvað þessa framkvæmd varðar, að vera nú þegar með bundnu slitlagi ásamt því að vera ekki sérstakur farartálmi að vetri. Jákvæð áhrif af lagningu nýs vegar á áfanga I hvað varðar bættar samgöngur felast fyrst og fremst í betri vegi upp Penningsdal á leiðinni upp á Dynjandisheiði. Áfangi I er því ekki sambærilegur áföngum II og III hvað varðar jákvæð áhrif á samgöngur á Vestfjörðum.

Við hönnun vega innan mikilvægra náttúruverndarsvæða þarf að taka ríkt tillit til verndarsjónarmiða og gæta þess að framkvæmdir rýri sem minnst verndargildi svæðisins. Að mati Skipulagsstofnunar hafa þau sjónarmið ekki hlotið nægilega vigt við undirbúning Vestfjarðavegar um Vatnsfjörð.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar eftir samanburð valkosta á áfanga I er að veglína A1 sé besti kosturinn af framlögðum veglínunum með tilliti til umhverfisáhrifa og í raun eini kosturinn sem ætti að koma til greina. Að mati Skipulagsstofnunar hefur sá valkostur þó ekki verið útfærður á þann hátt sem gera ætti kröfu um, til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á verndarsvæði Vatnsfjarðar eins og framast er unnt. Skipulagsstofnun telur bæði mögulegt og nauðsynlegt að útfæra þennan valkost frekar með tilliti til aðstæðna á svæðinu.

Skoða þarf frekar tengingu við Barðastrandarveg auk veltenginga við Flókalund og tjaldsvæði í nágrenni Flókalundar. Þá ætti öll hönnun að taka mið af lækkuðum hönnunarhraða og leyfilegum hámarkshraða í næsta nágrenni við Flókalund en með lækkuðum hraða má leysa ýmis vandamál sem snúa að veltengingum.

Á fyrri stigum í umhverfismatsferli framkvæmdarinnar óskaði Skipulagsstofnun eftir því við Vegagerðina, með vísan til landfræðilegra aðstæðna í Vatnsfirði og verndargildis fjarðarins, að skoðaðar væru útfærslur við Flókalund þar sem notast væri við hraðalækkandi aðgerðir ásamt því að nýttar væru heimildir til að víkja frá veghönnunarreglum og heimildir veghaldara til að veita undanþágu frá 32. gr. vegalaga. Svar Vegagerðarinnar var á þá leið að almennt væri ekki heimilt að nota undanþáguheimildir frá lögum né reglum nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Skipulagsstofnunar er sú brýna nauðsyn til staðar í Vatnsfirði vegna verndargildis svæðisins og þeirra sérstöku aðstæðna sem þar eru. Bendir stofnunin í því sambandi á að dæmi eru um að vikið sé frá hönnunarreglum eða viðmiðum um hönnunarhraða við útfærslu vega, þegar staðbundnar aðstæður, til dæmis vegna náttúruverndar, kalla á. Nefna má nýlega endurbyggingu Þingvallavegar um þjóðgarðinn í því samhengi, en einnig er víða þörf á að víkja frá veghönnunarreglum utan verndarsvæða vegna landfræðilegra aðstæðna eða hagkvæmnisjónarmiða.

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar er að finna minnisblað um hraðaminnkandi aðgerðir (sjá fylgiskjal 10 í viðauka 1 með matsskýrslunni). Ályktanir í minnisblaðinu eru dregnar út frá því að ekki verði hnikað forsendum um hönnun, svo sem hönnunarhraða. Í minnisblaðinu er einnig ístuttu máli greint frá því að ekki sé góður árangur af hraðaminnkandi aðgerðum við þéttbýlisstaði og eru Freysnes og Hella á Rangárvöllum tekin sem dæmi. Ekki er gerðursamanburður við svæðisem gætu talist sambærileg við friðlandið, til dæmis áðurnefnda endurbyggingu Þingvallavegar. Þar var til dæmis gert ráð fyrir 50 km hámarkshraða auk þess sem gert var ráð fyrir bílastæðum við veg. Taka ber fram að gert er ráð fyrir að ársdagsumferð á Þingvallavegi geti orðið allt að 4.000 bílar í gegnum Þingvelli árið 2040 en til samanburðar er gert ráð fyrir því að ársdagsumferð um Vatnsfjörð verði 334 bílar árið 2042 samkvæmt töflu 3.5.6 í matsskýrslu Vegagerðarinnar.

Stytting ferðatíma er almennt jákvæð aðgerð en að mati Skipulagsstofnunar eru jákvæð áhrif þess að stytta Vestfjarðaveg með þverun Vatnsfjarðar óveruleg þegar horft er til þeirra samgöngubótar sem framkvæmdin í heild sinni felur í sér annarsvegar og gildis svæðisins hinsvegar. Ef jákvæð áhrif styttri ferðatíma á þessum afmarkaða kafla eru borin saman við neikvæð áhrif þess að þvera fjörðinn telur Skipulagsstofnun ekki vera forsendur til að þvera fjörðinn og tekur í því sambandi undir framkomnar umsagnir Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Áður en ákveðið er hvaða valkostur verður fyrir valinu í Vatnsfirði þarf Vegagerðin að mati Skipulagsstofnunar að útfæra veglínu A1 nánar með meginhagsmunaaðilum, sveitarstjórn Vesturbyggðar, Umhverfisstofnun, og eftir atvikum Breiðafjarðarnefnd. Jafnframt er hvatt til þess að samráð verði haft við rekstraraðila í Flókalundi og aflað upplýsinga frá staðarhöldurum um aðstæður og möguleika til tengingar við Hótel Flókalund og við tjaldsvæði.

Verði endanleg niðurstaða sú að þvera Vatnsfjörð þarf að fara fram rannsókn á botndýralífi í Vatnsfirði ásamt því að útfæra vöktunaráætlun. Þá þarf að kveða á um vöktun áhrifa þverunar á lífríki Vatnsfjarðar í framkvæmdaleyfi.

Samlegðaráhrif

Skipulagsstofnun bendir á að mikilvægt er að skoða mögulega þverun Vatnsfjarðar með tilliti til annarra vegaframkvæmda innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, bæði þeirra sem átt hafa sér stað og þeirra sem fyrirhugaðar eru. Nú þegar hafa fimm firðir innan Breiðafjarðar verið þveraðir auk þess sem áform Vegagerðarinnar fela í sér mögulega þverun á þremur fjörðum til viðbótar að Vatnsfirði undanskildum. Núverandi áform um frekari þveranir eru öll á sunnanverðum Vestfjörðum. Verði þau áform að veruleika er ljóst að meirihluta fjarða frá Gilsfirði að Vatnsfirði hefur verið raskað með þverunum eða vegagerð á fyllingum fyrir botni fjarða.

Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 kemur fram að meðal helstu ógna sem steðja að verndarsvæði Breiðafjarðar er eyðilegging búsvæða með mannvirkjagerð, þ.m.t. vegagerð. Jafnframt kemur fram að vegagerð sé helsta ógnin sem steðji að leirum og hafi þegar skaðað mikilvægar leirur á verndarsvæðinu. Brýnt sé að þeir sem taka ákvarðanir um legu vega hlífi leirum eins og kostur er.

Skipulagsstofnun telur að veglínursem gera ráð fyrir þverun Vatnsfjarðar feli ísér verulega neikvæð samlegðaráhrif með vegaframkvæmdum sem átt hafa sér stað og eru áformaðar innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

6.1.2 Áfangi II

Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er lagt mat á umhverfisáhrif fjögurra valkosta um legu og útfærslu vegar á áfanga II, sem í grófum dráttum eru:

- Veglína F liggur frá Tröllahálsi yfir Dynjandisheiði. Hún fer suður fyrir Afréttarvatn áður en hún liggur niður Dynjandisdal þar sem hún liggur nokkuð austar en núverandi vegur. Línan liggur í fjöru undir Búðahlíð, fer svo fyrir Meðalnes og endar í nágrenni Mjólkárveikjunnar.
- Veglína B2 víkur frá veglínu F við vegamót Bíldudalsvegar en sameinast henni aftur undir Botnshesti.
- Veglína D víkur frá veglínu F í Dynjandisdal og fylgir núverandi vegi að miklu leyti þar til komið er framhjá Búðavík. Hún sameinast línu F undir Búðahlíð.

- Veglína E vísir frá veglínu F við Norðdalsá þaðan sem hún liggur um 2,7 km löng jarðgöng að Neðri-Vatnahvilt. Hún sameinast veglínu F skömmu síðar. Með tilkomu heilsársvegar um Dynjandisheiði munu samgöngur á Vestfjörðum batna umtalsvert frá því sem nú er. Almennu má segja að umhverfisáhrif vegaframkvæmda á sjálfri Dynjandisheiði verði takmörkuð. Þar kemur vegur að mestu til með að liggja um lítt gróin klapparholt með lítilli gróðurþekju.

Önnur helstu umhverfisáhrif áfanga II felast í neikvæðum áhrifum á friðlýst svæði Dynjanda. Þar eru lagðar fram tvær veglínur (F og D) sem að mati Skipulagsstofnunar hafa báðar talsvert neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Áhrif valkostanna á þá umhverfisþætti sem lagt er mat á eru mismunandi og takast því á ólík sjónarmið varðandi það hvor kosturinn sé heppilegri innan verndarsvæðisins.

Veglína F liggur að miklu leyti um óraskað svæði og liggur ofar í landi en veglína D. Þá fylgja línu F umfangsmiklar skeringar og fyllingar. Veglína F hefur því neikvæðari áhrif á landslag innan verndarsvæðisins en veglína D. Veglína F hefur á móti þann kost að liggja fjær Dynjanda sjálfum. Því kann hún að leiða til aukinnar friðsældar í næsta nágrenni fossins. Verði núverandi vegur fjarlægður og unnið vel að uppgræðslu birkis í núverandi vegstæði verður aukin samfella í birkikjarri. Þá liggur veglína F einnig fjær minjaheild við Búðavík sem felur í sér tækifæri til að gera menningarminjum innan verndarsvæðisins betri skil.

Veglína D liggur að stórum hluta um núverandi veg og felur í sér mun minna rask á öröskuðu svæði en veglína F. Hún felur því í sér töluvert minni breytingu á landslagi svæðisins frá núverandi ástandi en veglína F. Helsti ókostur línunnar er rask á minjaheild við Búðavík.

Skipulagsstofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort kosturinn eigi að verða fyrir valinu en bendir á að Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir samkvæmt valkosti F samræmist ekki verndarskilmálum friðlýsts svæðis við Dynjanda

6.1.3 Áfangi III

Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er lagt mat á umhverfisáhrif fjögurra valkosta um legu og útfærslu vegar á áfanga III, sem í grófum dráttum eru:

- Veglína X liggur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði. Hún er 28,5 km löng og nálægt núverandi vegi.
- Veglína Y víkur frá veglínu X á 1,3 km kafla í botni Reykjarfjarðar og fylgir núverandi vegi betur en veglína X.
- Veglína Z víkur frá veglínu X í Trostansfirði á 3,9 km kafla og þverar Sunndalsá ofar en veglína X.
- Veglína Q víkur frá veglínu X á 1,1 km kafla í botni Reykjarfjarðar og fylgir núverandi vegi betur en veglína X.

Líkt og með heilsárvegi um Dynjandisheiði mun betri Bíldudalsvegur með bundnu slitlagi fela í sér mikla samgöngubót.

Að mati Skipulagsstofnunar felast önnur helstu umhverfisáhrif framkvæmda á áfanga III í því að nýr Bíldudalsvegur er víða fyrirhugaður á fyllingum í fjöru og ósum vatnsfalla. Að framkvæmdum loknum mun því hafa átt sér stað umtalsvert rask á náttúrulegri strandlengju þriggja innfjarða Suðurfjarða Arnarfjarðar. Vegagerð mun raska lífríki fjöru á löngum köflum, þar sem finna má vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, sem og hafa áhrif á þær fuglategundir sem nýta sér fjörur til fæðuöflunar. Þá koma framkvæmdir til með að fela í sér talsverða ásýndarbreytingu á strandlengju og fjarðarbotnum.

Ef horft er til einstakra svæða innan áfanga III telur Skipulagsstofnun að áhrif verði einna mest við Fossá í Fossfirði. Þar kemur nýr Bíldudalsvegur til með að liggja yfir ósa Fossár ásamt því að raska sjávarfitjum sem njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Þar er jafnframt áformuð vegtenging við bæinn Foss sem fyrirhugað er að leggja þvert yfir sjávarfitjarnar. Með hliðsjón af verndargildi sjávarfitja og að forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til er það mat Skipulagsstofnunar að vegtenging frá Bíldudalsvegi að bænum Fossi þurfi að vera frá núverandi vegi en ekki með vegtengingu um sjávarfitjar.

Einnig verða töluverð áhrif í Reykjarfirði en umfang þeirra er þó háð vali á veglínu. Veglína X gerir ráð fyrir þverun fjarðarins um fjöru á löngum vegfyllingum. Sú tilhögun mun fela í sér miklar ásýndarbreytingar auk rasks á lífríki fjöru. Einna þyngst

vegur þó að fjörur Reykjarfjarðar eru mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir rauðbrystinga. Veglínur Y og Q, sem einnig liggja um Reykjarfjörð, þvera fjörðinn nær landi og fela í sér umtalsvert minni neikvæð umhverfisáhrif.

Að mati Skipulagsstofnunar er veglína Q besti kostur í Reykjarfirði. Vegagerð í Trostansfirði mun fylgja töluvert rask á birki og breytingar á landslagi. Í Trostansfirði eru lagðar fram tvær veglínur og telur Skipulagsstofnun veglínu Z vera betri kost en veglínu X.

5 MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN

Ekki eru lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun m.t.t. umhverfisáhrifa.

6 MATSFERLI OG SAMRÁÐSAÐILAR

Um matsferli og samráð má lesa í greinargerð aðalskipulags kafla 1.3.

7 HEIMILDIR

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Greinargerð.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Jarðaskrá.

Byggðastofnun. 2013. Byggðaðpróun á Íslandi. Stöðugreining 2013. Fylgirit með stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017.

Byggðastofnun. 2015. Vestfirðir. Stöðugreining 2014.

Byggðastofnun. 2016. Dreifing nautgripa á Íslandi.

Byggðastofnun. 2016. Dreifing sauðfjárbúa á Íslandi.

Byggðastofnun. 2016. Stöðugreining 2016, byggðaðpróun á Íslandi.

Byggðastofnun. 2017. Byggðaleg áhrif fiskeldis.

Byggðastofnun. 2017. Stöðugreining 2017, byggðaðpróun á Íslandi.

Byggðastofnun. 2018. Atvinnutekjur 2008-2016 eftir atvinnugreinum og svæðum.

Byggðastofnun. 2018. Atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og svæðum.

Ferðamálastofa 2018. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016 Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum-fyrstu skref. 24. maí 2016.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016. Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016 Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2016.

Hafnarlög nr. 61/2003.

Hafnarreglugerð fyrir hafnir Vesturbyggðar nr. 989/2005.

Halldór Björnsson, , Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson og Trausti Jónsson.

2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Jarðalög nr. 81/2004.

Landsnet 2019. Kerfisáætlun 2019-2028.

Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Lög um menningaminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um skipulag- haf og strandsvæða nr. 88/2018.

Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Lög um stjórn vatnsmála nr. 36/2011.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Markaðsstofa Vestfjarða. 2018. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. www.vistgerdakort.is.

Nátturuminjaskrá, 7. Útgáfa og síðari viðbætur.

Orkustofnun, Suðurfirðir Vestfjarða og Barðaströnd – heitt og kalt vatn, 1990

Rammaáætlun. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleikar þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýting hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000.

Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005.

Reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015.

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.

Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016.

Samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. 2013. Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Siglingastofnun Íslands. 2011. Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011.

Skipulagslög nr. 123/2010. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. 2017.

Stjórnarráðið. 2012. Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.. Umhverfisráðuneytið. 2011. Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands.

Umhverfisráðuneytið. 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

Umhverfisráðuneytið. 2007. Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2016. Endurheimt votlendis, aðgerðaáætlun.

Vatnatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.


Vegalög nr. 80/2007.



VESTURBYGGÐ

ADALSKIPULAG 2018-2030

ÞÉTTBYLISUPPDRAÐTUR - BÍLDUDALUR



BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Íþróttasvæði
- Kirkjugarður
- Opin svæði
- Hafnarsvæði
- Sérstök not haf- og vatnssvæða
- Strandsvæði

VERNDARSVÆÐI

- Fríðlýst svæði skv. nátturuverndarlögum
- Hverfisvernd
- Skráðar fornminjar (fríðlýst hús)

VEITUR

- Raflína (til skýringa)
- Stofnæð fráveitu (til skýringa)

SAMGÖNGUR

- Stofnvegir
- Aðrir vegir
- Gönguleiðir (til skýringa)

HÆTTUMAT


- A
- B
- C

- Mörk þéttbýlis



PATREKSFJÖRÐUR

ADALSKIPULAG 2018 - 2030
ÞÉTTBYLISUPPDRAÐTUR



BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Íþróttasvæði
- Kirkjugarður
- Opin svæði
- Hafnarsvæði
- Sérstök not haf- og vatnssvæða
- Strandsvæði

VERNDARSVÆÐI

- Hverfisvernd

VEITUR

- Raflína (til skýringa)
- Stofnæð fráveitu (til skýringar)

SAMGÖNGUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Safnvegir (til skýringar)
- Gönguleiðir (til skýringar)

HÆTTUMAT

- A
- B
- C

- Mörk þéttbýlis

Mkv: 1:5000



BR.	DAUGS	BREYTING	TEKNI
	SVEITARFÉLAGIÐ VESTURBYGGÐ	DEILD	SÍM
	LANDMÖNUNIR	HAFNARÖRÐ 12, 200 KORNÖÐUR - S. 575 530 - KT. 50 254 276 - NETI: landman@landman.is	
VESTURBYGGÐ - ADALSKIPULAG			
ÞÉTTBYLISUPPDRAÐTUR - PATREKSFJÖRÐUR			
SKIPULAGIÐ MO. 000	SAMÞYKKI	KT.	
TEKNIÐ 000 MO	KT.	KÖNNINGUR	DAUGS 23 JANUAR 2020
VERKUR: 0000 AT	TEKNI. NR.		
4607-SA1701	00		